

**SKOÐUN** Sæunn Kjartansdóttir sálgreinir segir skynsamlegt að lengja fæðingarorlof. 15



**MENNING** Vilhelm Anton Jónsson er þegar byrjaður að skrifa næstu vísindabók. 34



**SPORT** Ásgeir Örn Hallgrímsson og Róbert Gunnarsson ræða um EM og lífið hjá PSG í Frakklandi. 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
8. janúar 2014
6. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Samgöngur hindra**
Ef ferðaþjónusta á að blómstra á Vestfjörðum verða að koma til stórtækar samgöngubætur. 12

**Gætu bakkað með hækkun** Formaður bílastæðanefndar Bílastæðasjóðs segir hækkun gjalda í bílastæðahúsum borgarinnar hafa verið mistök og útilokar ekki að hún verði endurskoðuð. 2

**Óvíst hver borgar** Ríkið greiðir 40 milljónir króna fyrir sjúkrabúnað í nýja sjúkraflugvél Mýflugs. Félagið bar ábyrgð á búnaði sem ríkið átti og eyðilagðist í flugslysinu í ágúst. 4

**Viljum ekki rafrettur** Lítil eftirspurn er eftir rafsígarettum hér á landi. Innflutningur er ólöglegur. 10




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | | NA | 13 |
| Akureyri | 2° | | NA | 6 |
| Egilsstaðir | 1° | | N | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | | NA | 5 |
| Reykjavík | 3° | | NA | 8 |

**BJART SYÐRA** Í dag verða norðaustan 5-13 m/s, minnkandi úrkomu norðan til en bjart syðra. Hiti víðast 0-6 stig, mildast syðst. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Markaðurinn | Fólk




# Sjúklingarnir borga minna

**Nýr samningur við sérfræðilækna tók gildi um áramót. Sjálfstætt starfandi læknar hafa verið samningslausir frá árinu 2011. Hækkun komugjalda lenti að mestu á sjúklingum. Nú getur kostnaður þeirra minnkað mikið.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningar náðust milli sjálfstætt starfandi sérfræðilækna og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) í lok síðasta árs. Samningurinn getur leitt til minni kostnaðarþátttöku sjúklinga og mun breytingin skipta tugþúsundum króna í sumum tilfellum. Heilbrigðisráðherra hefur staðfest samninginn og tók hann gildi 1. janúar. Læknar hafa frest til 10. janúar til þess að segja sig inn á samninginn. Fyrri samningur við sérfræðilækna rann út í apríl 2011 og gaf heilbrigðisráðuneytið í millitíðinni út reglugerð sem gerði ráð fyrir endurgreiðslu til sjúklinga miðað við fyrri samninga. Læknar hækkuðu í kjölfarið komugjöld til að fylgja verðlagþróun og lenti hækkunin eingöngu á sjúklingum.

„Nú verða engin komugjöld hjá þeim sem vinna samkvæmt samningnum,“ segir Steinn Jónsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur.

Steinn segir skiptar skoðanir vera um samninginn. „Við höfum unnið á sama einingarverði frá árinu 2008, sem hefur dregist aftur úr kaupmáttarvísitölu um fjörutíu prósent. Læknar hækkuðu komugjöldin til að leiðrétta taxtana á meðan,“ segir hann, en nýr samningur leiðréttir einingarverðið að tveimur þriðju hlutum.

Breyting hefur orðið á fyrirkomulagi samningsgerðarinnar og mun hver og einn læknir ákveða hvort hann vinnur samkvæmt samningnum. Steinn segir breytinguna hafa verið gerða að beiðni SÍ sem túlki lög um sjúkratryggingar þannig að óheimilt sé að semja við stéttarfélög.

Læknafélag Reykjavíkur er ekki sammála túlkun Sjúkratrygginga á lögunum, en Steinn telur þó að það muni ekki skipta sköpum um niðurstöðuna. „Ég hef á tilfinningunni að meginþorri sérfræðinga muni segja sig inn á samninginn, en það kemur í ljós í þessari viku,“ segir hann.

- eb

### ➜ Dæmi um breyttan kostnað sjúklinga

**2013** Árlegar greiðslur sjúklinga árið 2013 voru **31.100 kr.** Við það bættist komugjald, sem sérfræðilæknar settu sjálfir.

- **60.000 kr.** Fyrir algengar hné- og ökklaaðgerðir.
- **75.000–100.000 kr.** Fyrir krossbandaaðgerð og vissar axlaaðgerðir.

**2014** Árlegar greiðslur sjúklinga hækka í **32.500 kr.** árið 2014. Komugjald til samningsbundinna sérfræðilækna fellur niður þar sem þeim er óheimilt að leggja aukagjöld á sjúklinga.

- **32.500 kr.** Hámarksgjald sem sjúklingur greiðir.

*(Upphæðirnar miðast við fulla greiðsluþátttöku áður en gefið er út afsláttarkort.)*



**ALLT Á KAFI** Veturinn hefur verið snjóþungur fyrir vestan og var Sigurgeir Heiðar Ólafarson ekki í vandræðum með að klifra upp á þak heimilis síns á Drafnargötu 9 á Flateyri. Óvissustig vegna snjóflóða á norðanverðum Vestfjörðum var enn í gildi í gær en nokkur stór snjóflóð hafa fallið þar undanfarna tvo daga. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT REYNISSON






Reglum leikskóla FS breytt vegna gruns um að farið væri á svig við reglur:

# Plássin nú háð námsframvindu

**DAGVISTUN** Félagsstofnun stúdenta (FS) herti reglur um dagvistunarpláss fyrir stúdenta Háskóla Íslands þegar grunur kom upp um misnotkun á þjónustu ungbarnaleikskóla stofnunarinnar. Stúdentar þurfa nú að sýna fram á lágmarks námsframvindu.

Reykjavíkurborg herti einnig reglur um námsmannaafslátt vegna dagvistunar og þurfa nú báðir foreldrar að vera í námi en áður nægði að annað foreldrið væri námsmaður.

Um helmingsfækkun hefur orðið á umsóknum um námsmannaafslátt í Reykjavík frá því að breytingarnar tóku gildi árið 2011.

„Eftir að við heyrðum sögusagnir um að fólk væri að skrá sig í háskólann til að koma börnum í leikskólana hertum við skilyrðin fyrir leikskólavist,“ segir Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS.

„Nú er gerð krafa um lágmarks námsframvindu, svipað og hjá Stúdentagörðum, til að tryggja að þetta séu örugglega stúdentar sem séu þarna með börnin, en ekki fólk á vinnumarkaði,“ segir Rebekka, en hún segir langan biðlista vera eftir leikskólaplássi.



REBEKKA SIGURÐARDÓTTIR

**40 einingar**
á ári þarf foreldri að ljúka til að koma barni sínu inn á leikskóla FS eftir reglubreytingu sem gerð var um mitt ár 2012.

Hertar reglur tóku gildi um mitt ár 2012. Þar er gert ráð fyrir því að foreldri ljúki að minnsta kosti 40 einingum á ári, eða tveimur þriðju þess sem viðkomandi háskóladeild telur eðlilega framvindu fyrir eins árs nám.

- eb / sjá síðu 6




## SPURNING DAGSINS



Marteinn, verður þetta kannski mynd um ekki neitt?

**„Ef við náum því að vera jafngóðir og Seinfeld-þættirnir væri ég bara kátur.“**

Marteinn Þórsson gerir kvikmyndina Á morgun verðum við eitt, sem kostar ekki neitt og er án handrits.

Sigurður G. Guðjónsson vill að ákæru á hendur Sigurjóni Þ. Árnasyni verði vísað frá héraðsdómi:

# Sakar stjórnvöld um að beita pyntingum

**DÓMSMÁL** Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, hefur verið beittur andlegum pyntingum, eða í það minnsta ómannúðlegri meðferð, segir Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður Sigurjóns, í grein sem birtist á Vísi.is í dag. Hann segir að Sigurjóni hafi verið „haldið föngnum í réttarstöðu sakbornings“ um árabil á meðan stjórnvöld reyni að „hanna á hann refsiverða háttsemi“.

Tilefni skrifanna er að í dag mun Sigurður láta reyna á fyrir héraðsdómi hvort ákæru á hendur Sigurjóni verði vísað frá dómi. Sigurjón er ákærður, ásamt sautján öðrum fyrrverandi starfsmönnum Landsbankans, fyrir markaðsmisnotkun með hlutabréf í Landsbankanum á árunum 2003 til 2008.

Kröfuna um frávísun byggir Sigurður á því að við rannsókn málsins hjá embætti sérstaks saksóknara hafi Sigurjón ekki notið réttlátrar málsmeðferðar.

Sigurður segir að ákæran eigi rót sína að rekja til rannsóknar og kæru Fjármálaeftirlitsins, sem hafi verið vanhæft til meðferðar málsins frá upphafi.

„Rannsókn sakargifta á hendur Sigurjóni Þ. Árnasyni ber þess vott að Ísland eftir hrunið í október 2008 geti vart talist réttarríki, nema dómstólar vísi ákæru á hendur honum frá dómi,“ segir Sigurður í greininni.

Þar kemur og fram að Sigurður hafi fengið nafnlausar hótanir um limlestingar þegar hann hafi tjáð sig um hrunmál. **- kh**



**UMSETINN** Lögmaður Sigurjóns Árnasonar krefst þess að ákæru á hendur honum verði vísað frá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÚTKALL** Allt tiltækt lið Slökkviðliðsins á höfuðborgarsvæðinu var kallað að Höfðatorgi í gær. Enginn eldur var en reykur hafði borist frá mótor í loftræstikerfi hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allsherjarútkall Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu:

## Enginn eldur á Höfðatorgi

**REYKJAVÍK Allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu var kallað að Höfðatorgi um klukkan 14 í gær þar sem tilkynnt var um eld á efstu hæð byggingarinnar.**

**Allt húsið var rýmt og nærliggjandi götum var lokað en eldurinn, sem sagður var afmarkaður á 20. hæð hússins, reyndist enginn vera. Um var að ræða mótor í loftræstingu sem brann yfir og gaf frá sér reyk.** **- hva**

Fyrstu vopnin flutt á brott:

## Efnavopnunum eytt á hafi úti

**SÝRLAND, AP** Fyrstu efnavopnin voru í gær flutt frá Sýrlandi með dönsku flutningaskipi, en efnunum á að eyða á hafi úti samkvæmt samkomulagi sem gert var í haust.

Flutningaskipið mun bíða úti fyrir höfninni þangað til næsti skammtur verður tilbúinn til flutnings frá Sýrlandi, en á endanum verða efnin flutt um borð í bandarískt herskip, Cape Ray, sem hefur verið útbúið með sérstökum búnaði til þess að eyða efnavopnum. **- gb**

Ráðherra um loftrýmismál:

## Sögulegt skref að fá Finna með

**UTANRÍKISMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra segir að sögulegt skref verði stigið í norrænu samstarfi með þátttöku Finnlands og Svíþjóðar í loftrýmiseftirliti á Íslandi í næsta mánuði.

Ráðherra hitti Erkki Tuomioja, finnskan starfsbróður sinn, á fundi í Helsinki í gær, en í tilkynningu segist Gunnar Bragi fagna auknu samstarfi ríkjanna á sviði öryggismála. Á fundinum var einnig fjallað um samstarf ríkjanna, meðal annars á vettvangi Norðurskautsráðsins. **- þj**

# Með mannbroddana til taks í bílunum

Framkvæmdastjóri ferðaskrifstofu segist hafa ákveðið að kaupa mannbrodda til að forða fólki frá hálkuslysum. Umhverfisstofnun ætlar að láta sandbera stíga við Gullfoss á allra næstu dögum. Á Þingvöllum er búið að sandbera stíga.

**UMHVERFISMÁL** „Við höfum ákveðið að láta sandbera göngustíga við Gullfoss, annað er ekki forsvaranlegt,“ segir Ólafur Arnar Jónsson, sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun. Gríðarleg hálka hefur verið á neðra bílaplaninu og á göngustígum í grennd við fossinn síðustu vikur. Fjöldi ferðamanna hefur dottið í hálkunni og nokkrir slasast.

Ólafur Arnar segir að Umhverfisstofnun og sveitarfélagið Bláskógabyggð ætli að hafa samvinnu um hálkuvarnirnar. Sveitarfélagið ætli að leggja sitt af mörkum svo vegir verði mokaðir. Umhverfisstofnun ætli að sjá um að láta sandbera göngustíga. „Það verður farið í að hálkuverja á næstu dögum,“ segir Ólafur Arnar. Hann segir að ekki sé ljóst hvað hálkuvarnirnar komi til með að kosta en segir að þetta séu ekki aðstæður sem hægt sé að bjóða upp á lengur. Landeigendafélagið við Geysi sér um að hálkuverja stíga á hverasvæðinu.

Ólafur Örn Haraldsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, segir að innan þjóðgarðsins hafi stígar verið sandbornir. „Um leið og við fengum ábendingar um að stígarnir væru orðnir hálir, ákváðum við að bregðast við og sandbera þá. Við erum að sandbera mun meira en við höfum gert undanfarin ár,“ segir Ólafur.

„Ég ákvað fyrir þremur árum að kaupa mannbrodda til að hafa til taks í bílunum hjá mér, til að tryggja öryggi farþega minna,“ segir Ómar Djermoun, framkvæmdastjóri Icelimo Luxury Travel.

Það hefur verið mikil hálka í vetur og mannbroddarnir hafa komið að góðum notum.

„Margir þeirra sem ferðast með okkur hafa aldrei stigið á svell í lífinu áður, því skiptir miklu máli að hafa svona búnað,“ segir Ómar.

Hann segist oft vera spurður að því hvers vegna hann sé að eyða peningum í mannbrodda.

„Ég svara alltaf að ég sé að eyða í öryggi. Maður græðir á því að fólki líði vel,“ bætir hann við. Hann segir að það sé oft gaman að sjá svipinn á hans farþegum þegar þeir ganga hála stíga styrkum fótum á meðan aðrir séu stöðugt að renna til.



**Á MANNBRODDUM** „Ég ákvað fyrir þremur árum að kaupa mannbrodda og hafa til taks til að tryggja öryggi farþega minna“, segir Ómar Djermoun MYND/ÓMAR



> **Maður græðir á því að fólki líði vel**
> *Ómar Djermoun*

Ómar segir að mannbroddar kosti sitt, góðir broddar kosti 16 þúsund parið en það sé hægt að fá afslátt ef maður kaupir þá í einhverju magni.

johanna@frettabladid.is







Gjaldskrá Bílastæðasjóðs hækkaði um hátt í 200% um áramótin:

# Gjöldin hækkuð fyrir mistök

**REYKJAVÍK** „Okkur sást yfir að taka þessa hækkun með og ég tek á mig ábyrgðina á því sem formaður bílastæðanefndar sjóðsins. Þetta þurfum við að fara betur yfir í nefndinni,“ segir Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi Reykjavíkurborgar og formaður bílastæðanefndar Bílastæðasjóðs.

Gjaldskrá Bílastæðasjóðs hækkaði um hátt í 200% í bílastæðahúsum um áramótin og kostar nú hver klukkutími 150 krónur. Heill dagur, eða átta klukkustundir, kostuðu fyrir áramót 430 krónur en nú kostar dagurinn 1.200 krónur. Er þetta hækkun upp á 179%.

Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, varði hækkunina í gær og sagði hana tímabæra en bílastæðahúsin hafa mörg hver verið rekin með tapi svo árum skiptir. Gjaldskrárhækkunin var ákveðin í september í fyrra en borgarráð ákvað að hætta við áformaðar hækkanir á gjaldskrám í öllum þjónustuflokkum borgarinnar um miðjan nóvember. Karl segir að þá hafi hreinlega gleymst að ræða hækkanir á gjaldskrá Bílastæðasjóðs.

Gjaldskrárhækkunin kom Halldóri Halldórssyni, oddvita sjálfstæðismanna í Reykjavík, verulega á óvart. „Þetta kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti. Ég átti ekki von á þessu. Skýringin er að þetta hafi ekki hækkað í mörg ár en þetta er samt sem áður ekki í samræmi við yfirlýsingar meirihlutans um að halda aftur af gjaldskrárhækkunum.“ Hann segir að þetta sendi neikvæð skilaboð út í samfélagið og ætlar að taka málið upp innan borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna. Spurður að því hvort til greina komi að endurskoða gjaldskrárhækkunina, segir Karl að þau mál þurfi að ræða sérstaklega. **-ka**



**TEKUR ÁBYRGÐINA Á SIG** Karl Sigurðsson, borgarfulltrúi og formaður bílastæðanefndar Bílastæðasjóðs, segir að gjaldskrá Bílastæðasjóðs hafi verið hækkuð fyrir mistök. Hann tekur ábyrgðina á sig.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# LOKSINS BÍLALÁN
## SEM GÆTI BORGAÐ SIG AÐ TAKA

Hingað til hafa viðskiptavinir sem taka lán til bílakaupa þurft að taka á sig alla áhættuna.
Ef verðlag hækkar - hækka bílalánin líka. **En nú verður breyting til batnaðar!**

Með nýju núllvaxtaláni BL getur þú fengið allt að 40% af verði bílsins að láni vaxtalaust til allt að 36 mánaða. Engir vextir, engin verðtrygging, enginn þinglýsingarkostnaður og ekkert smátt letur. Sem sagt, engin óvissa og það sem meira er - þú ekur um á nýjum bíl í fullri ábyrgð. Farðu á bl.is og kynntu þér frábæran möguleika til að kaupa nýjan bíl.

**NÚLLVEXTIR BL** - loksins bílalán sem gæti borgað sig að taka.







**40%** VAXTALAUST LÁN HJÁ BL

**Þú leggur fram 60%, með gamla bílnum þínum og eða reiðufé og við lánum þér 40% vaxtalaust til allt að 36 mánaða.**

### NÚLLVEXTIR BL
Tökum Hyundai i30 sem dæmi:

hyundai i30, 1,4 bensín: 2.990.000 kr.
Gamli bíllinn þinn/reiðufé: 1.794.000 kr.
NÚLLVEXTIR BL: 1.196.000 kr. til 36 mánaða.
**Vaxtalaus afborgun: 33.222 kr. á mán.**




Hyundai i20 - Verð: 2.690.000 kr.

Dísil, beinskiptur / 3,8 l/100 km*
Innborgun 60% / Gamli bíllinn þinn og eða reiðufé: 1.614.000 kr.
**NÚLLVEXTIR BL: 1.076.000 kr. til 36 mánaða.**
**Vaxtalaus afborgun: 29.888 kr. á mán.**




Hyundai ix35 - Verð: 5.790.000 kr.

Dísil, beinskiptur, fjórhjóladrif / 5,9 l/100 km*
Innborgun 60% / Gamli bíllinn þinn og eða reiðufé: 3.474.000 kr.
**NÚLLVEXTIR BL: 2.316.000 kr. til 36 mánaða.**
**Vaxtalaus afborgun: 64.333 kr. á mán.**

## VIÐ TÖKUM GAMLA BÍLINN UPP Í SEM GREIÐSLU

HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUMENN Í SÍMA 575 1200 EÐA SENDU OKKUR FYRIRSPURN Á hyundai@hyundai.is
NÁNARI UPPLÝSINGAR UM NÚLLVEXTI BL ER AÐ FINNA Á www.bl.is

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Núllvextir BL gilda ekki með öðrum tilboðum.

ENNEMM / SÍA / NM60803

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

## SVONA ERUM VIÐ



**2.080** **krónur kostaði að meðaltali að vera með heimasíma á síðasta ári.**

**Verðið hefur hækkað um 16 prósent frá árinu 2011,** og um 44 prósent frá árinu 2007.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Krefjast miskabóta hjá Mannréttindadómstóli Evrópu vegna Baugsmálsins:

# Vilja átta milljónir króna hvor

**DÓMSMÁL** Tveir sakborningar í skattahluta Baugsmálsins krefjast um átta milljóna króna miskabóta hvor fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Þeir vilja að auki að sektir sem þeir voru dæmdir til að greiða verði endurgreiddar, sem og málskostnaður, samtals yfir 100 milljónir króna.

Jón Ásgeir Jóhannesson, fyrrverandi stjórnarformaður Baugs, og Tryggvi Jónsson, fyrrverandi forstjóri fyrirtækisins, voru dæmdir fyrir skattalagabrot í febrúar í fyrra. Þeir kærðu niðurstöðu Hæstaréttar til Mannréttindadómstóls Evrópu á þeim forsendum að þeim hafi verið refsað tvisvar fyrir sömu sakir. Meðferð málsins er langt komin hjá dómstólnum. Vilja þeir meina að þar sem yfirskattanefnd sektaði þá hafi ekki mátt ákæra þá og dæma fyrir sömu brot.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON**



**TRYGGVI JÓNSSON**

Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, segir að dómurinn bíði þess nú að ríkið taki afstöðu til bótakröfunnar. Ríkið hefur tvívegis fengið frest til að skýra afstöðu sína, síðast fram í byrjun febrúar. Þegar það er komið er ekkert því til fyrirstöðu að dómstólinn felli dóm sinn. **- bj**

Skilorðsbundið fangelsi:

# Braut gegn stúlku á Skype

**SAKAMÁL** Karlmaður á sextugsaldri var fyrir Héraðsdómi Reykjaness í gær dæmdur í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tólf ára stúlku á samskiptaforritinu Skype. Maðurinn er fæddur árið 1961 og hefur ekki áður komið við sögu lögreglunnar.

Um kynferðislega áreitni var að ræða þar sem maðurinn klæmdist við stúlkuna í en slík afbrot hafa aukist á undanförnum árum. **- fb**



**ÁNÆGÐ MEÐ SAMNING** Ragnheiður Elín og Jón handsala samninginn.

Ríkisstjórnin og Íslandsstofa:

# Sömdu um Film in Iceland

**KVIKMYNDIR** Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, hafa undirritað þriggja ára samning um að Íslandsstofa annist áfram umsjón verkefnisins Film in Iceland.

Hlutverk Íslandsstofu hefur undanfarin ár verið að kynna lög um tuttugu prósenta endurgreiðslu af framleiðslukostnaði fyrir erlendum kvikmynda- og sjónvarpsframleiðendum annars vegar og hins vegar að kynna Ísland sem ákjósanlegan tökustað. **- fb**

Spánarprinsessa í vanda:

# Sökuð um aðild að fjársvikum

**SPÁNN, AP** Kristína, dóttir Jóhanns Karls Spánarkonungs, kemur fyrir rétt á Mallorca í mars til að svara fyrir ásakanir um aðild að fjársvikum og peningaþvætti.

Ásakanirnar tengjast allar fyrirtæki eiginmanns hennar, sem heitir Iñaki Urdangarín og var í eina tíð þekktur handboltaleikmaður á Spáni.

Hann sætir rannsókn vegna ásakana um að hann hafi reynt að hafa stórfé út úr verktakasamningum við ríkið í gegnum stofnun sem hann setti á laggirnar og átti að starfa án ágóða. **- gb**

# Óvíst að ríkið krefji Mýflug bóta vegna 40 milljóna tjóns

Ríkið greiðir 40 milljónir króna fyrir sjúkrabúnað í nýja sjúkraflugvél Mýflugs. Félagið bar ábyrgð á búnaði sem ríkið átti og eyðilagðist í flugslysinu í ágúst. Óljóst er hvort ríkið geri bótakröfu á Mýflug vegna tjónsins.

**STJÓRNSÝSLA** Tjón ríkisins vegna sérhæfðs búnaðar um borð í sjúkraflugvél Mýflugs sem fórst um síðustu verslunarmannahelgi kann að verða rúmar 40 milljónir króna.

Skömmu eftir slysið fékk Mýflug sams konar Beechraft Kingair 200 flugvél sem kom til landsins frá Bandaríkjunum í september. Í fjáraukalögum fyrir nýliðið ár kemur fram að ríkið ætli að verja allt að 40 milljónum króna til að útbúa nýju vélina með sjúkrabúnaði. Með ísetningu er reiknað með að kostnaðurinn verði alls rúmar 40 milljónir að því er heilbrigðisráðuneytið upplýsir.

Samkvæmt útboðslýsingu ber Mýflug ábyrgð á öllu tjóni sem ríkið kann að verða fyrir við framkvæmd sjúkraflugsins. Tryggingar Mýflugs fyrir flugvélina tóku ekki sérstaklega til búnaðarins sem ríkið átti um borð.

Í heilbrigðisráðuneytinu hafa menn ekki gert upp við sig hvort gera eigi kröfu á Mýflug vegna búnaðarins sem tapaðist. Í fjáraukalögum fyrir árið 2013 er upphæðin færð á liðinn „tapaðar kröfur og tjónabætur“. Af því að dæma virtist ríkið ekki ætla að gera bótakröfu á hendur Mýflugi.



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON** Heilbrigðisráðherra segir engar áviðingar á hendur Mýflugi hafa borist í ráðherratíð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Endanleg afstaða liggur þó ekki fyrir.

„Í þessu máli er ekki augljóst að ríkið eigi kröfu á hendur Mýflugi vegna búnaðarins. Þessi mál verða skoðuð í heild en ekki er tímabært að fullyrða neitt að svo stöddu. Sem stendur er megináhersla af hálfu ráðuneytisins lögð á að tryggja aðbúnað sjúklinga og fylgdarmanna um borð í nýrri sjúkraflutningavél Mýflugs,“ segir í svari heilbrigðisráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Meðal þess sem þarf í flugvélina eru sjúkrabörur, búnaður til súrefnisgjafar, öndunarvél, hjartarafstuðstæki og búnaður til vökva- og lyfjagjafar. Ekki er reiknað með að allur búnaðurinn verði kominn á sinn stað fyrr en í lok febrúar. Þangað til er aðeins hægt að flytja einn sjúkling á börum í vélinni.

Nýr þjónustusamningur við Mýflug tók gildi í fyrravor. Þótt settar hafi verið fram á síðustu dögum ásakanir um meint óvönduð vinnubrögð Mýflugsmanna í sjúkrafluginu stendur ekki til að taka samstarf ríkisins við flugfélagið til endurskoðunar.



**SJÚKRAFLUGVÉLIN SEM FÓRST** Tugmilljóna sérbúnaður í eigu ríkisins eyðilagðist í flugslysinu á akstursbraut Bílaklúbbs Akureyrar 5. ágúst síðastliðinn.

MYND/BALDVIN PEYR

## Mýflug bar ábyrgð á tjóni

„Verksali [Mýflug] ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka og auk þess tjóni er verkkaupi [ríkið] eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess.“

*Úr útboðslýsingu vegna sjúkraflugs 2012.*

„Ég hef ekki fengið inn á mitt borð, eða þeir starfsmenn hérna í ráðuneytinu sem sýsla við þetta, frá því ég tók við starfi neinar ávirðingar í þessum efnum,“ segir Kristján Þór Júlíusson sem tók við sem heilbrigðisráðherra eftir alþingiskosningar í fyrravor.

**gar@frettabladid.is**

**Í þessu máli er ekki augljóst að ríkið eigi kröfu á hendur Mýflugi vegna búnaðarins**

*Heilbrigðisráðuneytið.*


## Mikið úrval mannbrodda

Hjá okkur getur þú valið úr 14 tegundum af mannbroddum allt eftir því hvað þú ætlar að gera.

Vilt þú rölta, ganga, skokka, hlaupa, ganga úti í náttúrunni, fara á fjöll eða jökla? Þú hlýtur að geta fundið eitthvað við þitt hæfi. Einnig getum við neglt í skósóla.



Skóvinnustofa Sigurbjörns
Háaleitisbraut 68 – 103 Reykjavík
s. 553 3980



Heildsala
Smásala

Líttu á úrvalið á heimasíðunni okkar www.skovinnustofa.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**BREYTING Á MORGUN** Vaxandi austanátt á morgun og þykknar upp syðra. Fremur hvasst á föstudag og rigning eða slydda um sunnan og austanvert landið en úrkomulaust að mestu norðan til og bjart. Hitinn breytist lítið.




**Á morgun**
Vaxandi A-átt, hvassast syðst.




**Föstudagur**
8-18 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 8° | Gautaborg | 7° | London | 12° | Orlando | 18° | San Francisco | 14° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 12° | Kaupmannahöfn | 7° | Mallorca | 18° | Ósló | 5° | Stokkhólmur | 7° |
| Berlín | 11° | Friedrichshafen | 12° | Las Palmas | 23° | New York | -4° | París | 12° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




## Spennandi tilboð og afsláttarkjör

Viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka geta nálgast yfirlit yfir tilboð og afsláttarkjör frá fjölmörgum fyrirtækjum um land allt í Íslandsbanka Appinu. Þú getur skoðað vildartilboð eftir staðsetningu og flokkum og merkt við þau sem þér finnst spennandi.

Í Vildarþjónustunni nýtur þú betri kjara og safnar frjálsum Íslandsbankapunktum með fjölbreyttum viðskiptum.

**Njóttu þess að vera í Vildarþjónustu Íslandsbanka og fylgstu með frábærum tilboðum í Appinu og á islandsbanki.is!**



### Vildartilboð í Appinu

- Gilda fyrir alla viðskiptavini í Vildarþjónustu
- Námsmenn fá að auki tilboð sem eru sérsniðin að þeirra þörfum
- Korthafar nýja Íslandsbanka American Express® kortsins fá að auki sérstök tilboð

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hafa margir erlendir ferðamenn lent í hálkuslysum í Árnessýslu frá því í desember?
**2.** Hvaða íslenski tónlistarmaður fékk fjórar stjörnur hjá kanadískum fjölmiðli fyrir nýjustu plötuna sína?
**3.** Hversu mikið af fílabeini eyðilögðu kínversk yfirvöld í vikunni?

**SVÖR:**
**1.** 10. **2.** Björn Thoroddsen. **3.** Rúmlega 6 tonn.

Nýútskrifaður framhaldsskólakennari með 300 þúsund krónur í mánaðarlaun:

# Erfiðar samningaviðræður

**KJARASAMNINGAR** Félög framhaldsskólakennara og stjórnenda í framhaldsskólum eiga í viðræðum við samninganefnd ríkisins um endurnýjun kjarasamnings sem rennur út í lok þessa mánaðar en hátt í 2.000 ríkisstarfsmenn eru í Kennarasambandi Íslands.

Fimm samningafundir hafa verið haldnir, en félögin kynntu ríkinu hugmyndir sínar í byrjun desember. Í ljósi mjög slakrar launa- og kaupmáttarþróunar félagsmanna KÍ í framhaldsskólum undanfarin ár má vænta þess að samningar verði erfiðir.

Grunnlaun nýútskrifaðs framhaldsskólakennara með fimm ára háskólamenntun eru um 300 þúsund krónur á mánuði.

Samninganefndir kennara og stjórnenda í framhaldsskólum leggja áherslu á að í þeirri samningsgerð sem nú er hafin þurfi að leiðrétta laun í framhaldsskólum og gera launakjörin sambærileg við það sem gerist hjá skyldum hópum. **- jme**



**VIÐRÆÐUR HAFNAR** Samningar kennara renna út í lok mánaðarins. Viðræður um nýjan samning eru hafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Náttúruhamfarir síðasta árs:

# Kostuðu nærri 20.000 mannslíf

**ÞÝSKALAND, AP** Náttúruhamfarir kostuðu um tuttugu þúsund manns lífið á nýliðnu ári, en eignatjón er metið á tæplega 15.000 milljarða króna. Mest tjón varð vegna fellibylsins Haiyan, sem reið yfir í nóvember. Hann kostaði nærri 6.100 manns lífið, flesta í Filippseyjum.

Manntjónið varð um það bil helmingi meira en árið 2012, en eignatjónið varð minna. Árið 2012 var eignatjón rúmlega 20.000 milljarðar króna. **- gb**




# Hert á reglum vegna gruns um svindl

Félagsstofnun stúdenta grunaði að fólk skráði sig í Háskóla Íslands til að koma börnum sínum að í leikskólum stofnunarinnar. Nýjar reglur gera kröfu um lágmarks námsframvindu og Reykjavíkurborg hefur einnig hert reglur sínar.

**DAGVISTUN** Félagsstofnun stúdenta (FS) herti reglur um dagvistunarpláss fyrir stúdenta Háskóla Íslands þegar grunur kom upp um misnotkun á þjónustu ungbarnaleikskóla stofnunarinnar. Stúdentar þurfa nú að sýna fram á lágmarks námsframvindu.

Reykjavíkurborg herti einnig reglur um námsmannaafslátt vegna dagvistunar og þurfa nú báðir foreldrar að vera í námi en áður nægði að annað foreldrið væri námsmaður. Um helmingsfækkun hefur orðið á umsóknum um námsmannaafslátt í Reykjavík frá því að breytingarnar tóku gildi árið 2011.

„Eftir að við heyrðum sögusagnir um að fólk væri að skrá sig í háskólann til að koma börnum í leikskólana hertum við skilyrðin fyrir leikskólavist,“ segir Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS. „Nú er gerð krafa um lágmarks námsframvindu, svipað og hjá Stúdentagörðum, til að tryggja að þetta séu örugglega stúdentar sem séu þarna með börnin, en ekki fólk á vinnumarkaði,“ segir Rebekka, en hún segir langan biðlista vera eftir leikskólaplássum.

Hertar reglur tóku gildi um mitt ár 2012. Þar er gert ráð fyrir því að foreldri ljúki að minnsta kosti 40 einingum á ári, eða tveimur þriðju hlutum þess sem viðkomandi háskóladeild telur eðlilega framvindu fyrir eins árs nám, segir Rebekka, en lágmarkið er átján einingar á haustönn. Þó eru veittar undanþágur ef ástæða þykir til.

„Þessar reglur voru teknar upp að gefnu tilefni, enda viljum við þjóna stúdentum sem eru í fullu námi,“ bætir Rebekka við.

Námsmenn sem búa í Reykjavík fá námsmannaafslátt vegna dagvistunar, en frá því árið 2011 hafa báðir foreldrar þurft að vera í fullu námi til að njóta afsláttarins. Ólíkt leikskólum FS þurfa foreldrar barna á öðrum leikskólum hins vegar ekki að sýna fram á lágmarks námsframvindu og geta því látið nægja að skrá sig í nám.

Námsmenn greiða rúmar 26.000 krónur á mánuði hjá leikskólum FS, fái þeir niðurgreiðslu Reykjavíkurborgar. Þegar eingöngu annað foreldrið er í námi er gjaldið aftur á móti afar hátt eða rúmar 55.000 krónur á mánuði. Margir foreldrar velja samt sem áður að nýta sér þjónustu FS, enda önnur dagvistun einnig kostnaðarsöm og víða skortur á öðrum úrræðum fyrir þennan aldurshóp barna.

**eva@frettabladid.is**



**LEIKSKÓLAR STÚDENTA** Ungbarnaleikskólar Félagsstofnunar stúdenta eru umsetnir og lék grunur á að fólk skráði sig í nám gagngert til þess að fá þar inni fyrir börn sín. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Helmingsfækkun hjá Reykjavík

Helmingsfækkun varð á umsóknum um námsmannaafslátt vegna dagvistunar eftir að Reykjavíkurborg breytti reglum, samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundassviði Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg niðurgreiðir dagvistun fyrir námsmenn, jafnt hjá leikskólum borgarinnar, sjálfstætt starfandi leikskólum og dagforeldrum. Árið 2010 ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að gera breytingar á gjaldskrá leikskóla og var námsmannaafsláttur sambúðarfólks og hjóna, þar sem annað var í námi, felldur niður. Nú njóta um 250 námsmenn í Reykjavík afsláttar, þar af eru hundrað með börn í sjálfstætt starfandi skólum og hjá dagforeldrum. Námsmenn þurfa að leggja fram námsvottorð, en engin krafa er gerð um þeir sýni fram á eðlilega námsframvindu, líkt og gert er hjá Félagsstofnun stúdenta.

### ➜ Ungbarnaleikskólar í Reykjavík

**123 pláss** Leikskólar FS
**133 pláss** Ársól, Lundur og Korpukot

*Alls eru þetta 256 pláss, þar af nærri helmingur eingöngu fyrir námsmenn Háskóla Íslands.*




Flestar umsóknir um skilnað berast í janúar í Svíþjóð og Bretlandi:

# Janúar er skilnaðarmánuðurinn

**SAMFÉLAG** Janúar er sá mánuður ársins sem flestir sækja um skilnað í Stokkhólmi, samkvæmt könnun sem sænska blaðið Dagens Nyheter hefur gert. Skilnaðarumsóknirnar eru fimm til fimmtíu prósentum fleiri í janúar en í öðrum mánuðum. Í janúar í fyrra sóttu 877 um skilnað, 682 í júní en 558 í desember.

Dagens Nyheter hefur það eftir Christinu Hermanrud, sálfræðingi og sérfræðingi í fjölskyldutengslum, að náin samvera um jólahátíðina kunni að reyna á sambönd sem þegar eru komin brestir í. Hún segir að samtímis séu menn oft með sérstakar væntingar til frísins. Komi þá upp vandamál sé auðvelt að einblína á vandann sem var fyrir.

Samkvæmt upplýsingum frá Sýslumanninum í Reykjavík er ekki hægt að merkja að fleiri umsóknir um skilnað berist til embættisins í janúar en öðrum mánuðum. Í janúar í fyrra bárust 40 ný skilnaðarmál til Sýslumannsins í Reykjavík. Í júní barst 41 skilnaðarumsókn en 55 í desember. Alls bárust 423 skilnaðarumsóknir til embættisins í fyrra.

Í Bretlandi er fyrsti vinnudagurinn í janúar kallaður D-dagurinn, það er Divorce-day eða skilnaðardagur. **- ibs**



**BRÚÐHJÓN** Ekki berast fleiri umsóknir um skilnað hér á landi í janúar en í öðrum mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# HEILSA Í HAGKAUP



Valensia BOLUR 2.499kr

true BUXUR 5.999kr

JÓGA DÝNA 3.999kr

NÝTT Í HAGKAUP



## NUTRA VÍTAMÍN

15 tegundir af bætiefnum fyrir fjölskylduna. B, D, C, fjölvítamín, kalk, magnesíum ofl.

NÝTT Í HAGKAUP



**PRO V 60**
60gr gæða prótein. Lágmarks sykur innihald. Tilvalið fyrir lágkolvetnakúrinn

**LEAN PRO 8**
Hampað sem bragðbesta próteininu frá Labrada. Inniheldur nauðsynlegar amínósýrur. Varnar vöðvaniðurbroti. Átta mismunandi próteintegundir sem vinna á mismunandi tímum.

**BA ENDURANCE**
Seinkar vöðvaþreytu Eykur afköst á æfingum sem flýtir árangri BA er 100% hreint Beta Alanine



20% AFSLÁTTUR Á KASSA

20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## LABRADA BCAA POWER

Inniheldur 100% Branched Chain Amino Acids (BCAAs). Flýtir fyrir endurhleðslu vöðvanna á milli æfinga. Inniheldur bestu og hreinustu BCAA (amínósýrur) í heiminum. 50 skammtar.



**RECOVERY PRÓTEIN**
er háþróuð blanda próteina og kolvetna fyrir þá sem vilja byggja upp vöðva eða styðja við stranga æfingaáætlun.

20% AFSLÁTTUR Á KASSA

20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## EAS BETAGEN

Betagen inniheldur hágæða hráefni og hentar fyrir þá sem vilja ná eða halda grönnum og skornum vöðvamassa.



TILBOÐ 1.989kr/pk v.á. 2.269

## BIO-KULT CANDÉA

hefur reynst vel bæði til að fyrirbyggja og meðhöndla Candida sveppasýkingu. 100% náttúruvara.



20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## NOW BÆTIEFNI

NOW framleiðir hágæða bætiefni án allra óæskilegra aukefna, svo sem litar-, bragð- og rotvarnarefna og ódýrra uppfylliefna.

TILBOÐ 299kr/stk v.á. 349



## FROOSH ÁVAXTA-SMOOTHIE

Stútfullur af ávöxtum. Geggjaður milli mála. Inniheldur engin litarefni eða rotvarnarefni.



VERÐ AÐEINS 299kr/ltr

## DON SIMON

Ekkert tekið og engu bætt við. Aðeins nýkreistir ávextir í hverri fernu. Ekki úr þykkni.

NÝTT Í HAGKAUP



## BEROCCA PERFORMANCE

Bragðgóðar freyðitöflur sem innihalda einstaka samsetningu af b- og c- vítamínum, magnesíum og sínki.



20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## GULI MIÐINN VÍTAMÍN

Stendur alltaf fyrir sínu og heldur fjölskyldunni heilbrigðri.



VERÐ AÐEINS 1.299kr/stk

## BAGGU FJÖLNOTA POKI

Lítill poki verður að stórum poka. Fleiri litir í boði.

TILBOÐ 2.095kr/pk v.á. 2618



20% AFSLÁTTUR Á KASSA

## ARTIC ROOT

Burnirót er talin virka ákaflega vel gegn þreytu og stressi.

VERÐ AÐEINS 199kr/dósin

zevia KALORÍULAUST GOS



## ZEVIA

Engar kaloríur, engin gervisæta. Með stevíu.

Gildir til 19. janúar á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup **OPIÐ** allan sólarhringinn Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP** Ein ferð betra verð




Tyrknesk stjórnvöld hafa rekið um 350 lögreglumenn úr starfi í Ankara:

# Lögreglan sökuð um samsæri

**TYRKLAND, AP** Um 350 lögreglumenn í Ankara, höfuðborg Tyrklands, hafa verið reknir úr starfi. Meðal þeirra eru margir yfirmenn.

Ríkisstjórn landsins á þessa dagana í vök að verjast vegna ásakana um spillingu. Vegna þeirra hafa nokkrir ráðherrar þurft að segja af sér nýverið, eftir að lögreglan gerði húsleit þann 17. desember hjá ýmsum nánustu samstarfsmönnum Receps Erdogan, forsætisráðherra landsins.

Hann beinir spjótum sínum í staðinn að lögreglu og dómurum landsins sem hann sakar um samsæri gegn ríkisstjórninni.

Erdogan heldur því fram að liðsmenn úr hreyfingu íslamista, sem stýrt er af klerkinum Fethulla Gulen, hafi náð ítökum bæði innan lögreglu og dómskerfis landsins, og noti áhrif sín til þess að grafa undan ríkisstjórninni.

Að sögn tyrkneskra fjölmiðla hafa lögreglumennirnir, sem reknir voru, fengið önnur störf innan lögreglunnar, flestir í umferðarlögreglunni eða á stöðum utan höfuðborgarinnar Ankara. - gb



**ERDOGAN UMDEILDUR** Forsætisráðherra Tyrklands svarar spillingarásökunum í sömu mynt. NORDICPHOTOS/AFP

➜ **Kuldatölur í austurhluta Bandaríkjanna í gær:**




# Kuldinn hefur ekki verið meiri í áratugi

Miklar frosthörkur hafa verið í Bandaríkjunum og Kanada upp á síðkastið. Met féll í borginni Chicago þegar kuldinn fór niður í 27 gráður á Celsíus á mánudag. Alls munu 187 milljónir manna í N-Ameríku finna fyrir heimskautaloftslaginu.

**INDIANAPOLIS,AP** Mikill kuldi dreifði úr sér frá miðvesturríkjum Bandaríkjanna til suður- og austurhluta landsins og austurhluta Kanada í gær. Mörgum skólum og fyrirtækjum var lokað vegna veðursins.

Kuldinn hefur ekki verið meiri á svæðinu í áratugi. Met var sett í borginni Chicago þegar kuldinn fór niður í 27 gráður á Celsíus. Kuldamet féllu einnig í ríkjunum Oklahóma, Texas og Indíana og í borgunum Milwaukee og St. Louis.

Meira en 3.700 flugferðum var frestað seint á mánudag vegna veðursins. Fimm hundruð ferðamenn þurftu að gista í þremur lestum sem voru stöðvaðar á leiðinni til Chicago vegna byls. Á Twittersíðu Pearson-alþjóðaflugvallarins í Toronto kom fram að búnaður hafi frosið og að huga hafi þurft að öryggismálum fyrir starfsmenn vegna kuldans.

Veðurfræðingar telja að um 187 milljónir Bandaríkja- og Kanadamanna muni finna fyrir þessu „heimskautaloftslagi“. Fyrirtækið PJM Interconnection, sem þjónustar um 61 milljón manns, hvatti fólk til að spara rafmagnið vegna kuldans. Seint á mánudagskvöld voru rúmlega þrjátíu þúsund viðskiptavinir þess án rafmagns í Indíana.

Nokkur dauðsföll hafa verið skrifuð á veðurfarið frá síðasta laugardegi. Þar á meðal lést eins árs drengur þegar ökumaður missti stjórn á bíl sínum og lenti á snjóplógi í miðvesturríkinu Missouri á mánudaginn.

Líkur eru á að veður fari hlýnandi á næstunni og ættu Bandaríkjamenn og Kanadamenn þá að geta andað léttar.

freyr@frettabladid.is



**BORÐAR SNJÓ** Hin níu ára Brooke Spencer borðar snjó í borginni Grand Blanc í Michigan þar sem allt er á kafi í snjó. AP/MYND

## Kalt hjá forseta Íslands í N-Dakóta

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er staddur í opinberri heimsókn í ríkinu Norður-Dakóta sem er í miðvesturhluta Bandaríkjanna. Þar var frostið í kringum tuttugu gráður á Celsíus í gær. Ólafur sækir í ríkinu fyrirlestur Sunnu Pam Furstenau um íslensku arfleifðina í Norður-Dakóta, sögu og menningu landnemanna og hvernig afkomendur þeirra hafa varðveitt íslensku arfleifðina á fjölþættan hátt.




# BÍÐUR NÝR FRAMI
# EFTIR ÞÉR?

**Námskynning og ráðgjöf**
**fimmtudaginn 16. janúar kl. 17.30**

**PROMENNT**
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

**Hlýtur þú námsstyrk sem nemur allt að 150.000 krónum?**
*Nánar á promennt.is*

**www.promennt.is**

# FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

**Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt. Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.**

**NÁMSSTYRKIR Í BOÐI**

## AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðiþekkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynnast þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

## FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

## FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig í að finna bestu fjármögnunarleiðina.

> ***Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjóranám áður. Þetta nám er hverrar krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd."***
> *Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.*

Skráning fer fram á vefnum okkar, **www.promennt.is,** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

## VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

**Undirbúningur: Námstækni með MindJet** 12 std.

**1. hluti: Tölvuviðgerðir A+** 50 std.
**2. hluti: Network+** 50 std.
**3. hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate)** 126 std.
**4. hluti: Virtualization** 10 std.
**5. hluti: MCSA (áður MCITP)** 180 std.
**6. hluti: Exchange 2013** 50 std.
**7. hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni seinni annar** 42 std.

Hefst: **28. janúar 2014** • Lýkur: **17. janúar 2015**
Námskynning og ráðgjöf fimmtudaginn 16. janúar kl. 17.30
Verð án prófa **799.000 kr.**
Verð með 8 alþjóðlegum prófum: **999.000 kr.**

> ***Þegar ég lauk náminu fékk ég strax vinnu. Námið var gífurlega skemmtilegt og krefjandi. Kennararnir eru allt toppfólk úr bransanum, gríðarlegir viskubrunnar og mjög gott að nálgast þá til að fá aðstoð."***
> *Magnús Gylfi Hilmarsson,*
> *(Framabraut - Kerfisstjórnun, lauk námi vor 2013)*

| EQM VOTTUN | MICROSOFT VOTTUN | FJARKENNSLA Í BEINNI | DAG- OG KVÖLDNÁM |
|---|---|---|---|
| *Promennt er eini EQM-vottaði skólinn á Íslandi.* | *Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.* | *Hjá Promennt er einnig boðið upp á fjarkennslu í beinni.* | *Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.* |

**PROMENNT**
**Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 133778

Birgjar hafa boðað hækkanir á vörum sínum um allt að 7% þrátt fyrir styrkingu krónunnar:

# Óttast yfirvofandi hækkanir á vöruverði

**NEYTENDUR** „Uppleggið í þessum kjarasamningum og skilaboð frá atvinnurekendum eru þau að halda eigi aftur af verðhækkunum eins og hægt er. Þar af leiðandi er það mikið áhyggjuefni þegar innlendir framleiðendur hækka verð á sínum vörum því það mun skila sér út í verðlagið,“ segir Andrés Magnússon framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu aðspurður um fullyrðingar Gunnars Inga Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Hagkaupa, á Bylgjunni í gær. Þar sagði Gunnar að verðhækkanir væru yfirvofandi.

„Það eru nú þegar fjórir birgjar sem boðað hafa einhverjar hækkanir á sínum vörum, allt frá 3% og upp í 7%, þrátt fyrir styrkingu krónunnar.“ Hann nefndi sem dæmi að ís frá Emmess muni hækka um 4,5%, próteindrykkurinn Hámark um 5%, og Freyjusælgæti um 7%.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði einnig á Bylgjunni að mikilvægt væri að ná tökum á verðbólgu og ná niður vöxtum.

„En ef atvinnulífið ætlar að nota þessa stöðu til þess að hækka sína álagningu og auka sinn hagnað, þá fá þeir bara til baka aukna verðbólgu og vaxtahækkanir og ég sé ekki hvernig þeim verður mikið betur borgið við það.“

Mörg fyrirtækjanna sem Gunnar minntist á eru innan Samtaka iðnaðarins. Svana Helen Björnsdóttir, formaður samtakanna, segir í samtali við Fréttablaðið að hún hvetji eindregið til þess að verð á vöru og þjónustu verði ekki hækkað. **- ka**



**MIKIÐ ÁHYGGJUEFNI** Framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu segir hækkanir mikið áhyggjuefni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í vanda við Suðurskaut:

# Bæði skipin laus úr ísnum

**ÁSTRALÍA, AP** Rússneska rannsóknaskipið Akademik Sjokalskí og kínverski ísbrjóturinn Xue Long, eða Snjódrekinn, eru laus úr ísnum við Suðurskautslandið.

Rússneska skipið hefur setið þar fast í ísnum frá því á jólum en kínverska skipið, sem bjargaði farþegum af rússneska skipinu, festist fyrir helgi. Bandarískur ísbrjótur var sendur af stað áleiðis til þeirra á sunnudag, en var ekki kominn á vettvang þegar skipunum tókst að brjótast út úr ísnum. **- gb**


Stjórnar át og þyngdarvandi lífi þínu?

**Nýtt líf:** 5 vikna námskeið fyrir byrjendur hefst 14.01.14.

**Fráhald í forgang:** Framhaldshópar hefjast 3. og 5.02.14.

MFM MIÐSTÖÐIN
Meðferða og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar og átraskana

Hlíðasmári 10, 201, Kópavogi
Sími 568 3868
matarfikn@mfm.is
www.matarfikn.is





Hef opnað stofu í Lífsteini, Álftamýri 1-5, Reykjavík

Tímapantanir alla virka daga í síma 530-8300

**Ragnheiður Árnadóttir læknir**
Sérgrein: Kvensjúkdómar og fæðingarhjálp





**Er öll sorg leyfileg?**

Valgerður Magnúsdóttir sálfræðingur fjallar um efnið á fræðslukvöldi Nýrrar dögunar fimmtudagskvöldið 9. janúar kl. 20:00 í safnaðarheimili Háteigskirkju. Aðgangur er ókeypis og opinn öllum.

Allir velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is


# Lítil eftirspurn eftir rafrettum á Íslandi

Þrátt fyrir að rafsígarettur séu vinsælar erlendis er ekki að merkja aukinn áhuga hér á landi að sögn markaðsstjóra Lyfju. Innflutningur er bannaður þar sem ekki hefur tekist að sýna fram á skaðleysi þeirra eða virkni í rannsóknum.

**NEYTENDUR** „Við höfum í raun ekki orðið vör við neina eftirspurn eftir rafsígarettum,“ segir Þorgerður Þráinsdóttir, forstöðumaður verslunar- og markaðssviðs Lyfju.

Rafsígarettur hafa notið vinsælda erlendis, meðal annars til að hjálpa fólki að hætta að reykja, en þær eru ekki leyfðar hér á landi. Ekki hefur verið sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að rafsígarettur með nikótíni séu skaðlausar og virki eins og ætlast sé til. Lyfjastofnun, Neytendastofa og Tollstjóri sendu nýlega frá sér tilkynningu þar sem bent er á að ekki sé heimilt að flytja inn og dreifa rafsígarettum með nikótíni og því munu rafsígarettur sem innihalda nikótín verða stöðvaðar í tolli.

Notkun á rafsígarettum líkist því að reykja venjulegar sígarettur og telja því margir að þær séu líklegri til að hjálpa við að hætta reykingum en þau nikótínlyf sem eru á markaði. Sigríður Ólafsdóttir, hjá eftirlitssviði Lyfjastofnunar, segir aftur á móti niðurstöður rannsókna ekki hafa stutt þá skoðun svo óyggjandi sé.

„Stjórnvöld víða í Evrópu hafa ekki leyft sölu á rafsígarettum því ekki hefur enn verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að vörurnar séu skaðlausar og að þær virki eins og ætlast er til.“

Sigríður segir efnagreiningar á vegum Bandarísku lyfjastofnunarinnar á gufum úr tveimur algengum gerðum af rafsígarettum hafa leitt í ljós að gæðum og öryggi þeirra geti verið ábótavant. Merkingar á nikótínmagni voru ekki alltaf í samræmi við mælingar á innihaldi og efnasamsetning var stundum breytileg frá einni vörusendingu til annarrar. Þar gat munað allt að 60 prósentum á nikótínmagni.

„Slíkur breytileiki getur valdið aukaverkunum og ofskömmtun ef magnið er of mikið eða fráhvarfseinkennum ef of lítið er af nikótíninu,“ segir Sigríður.

Einnig var sýnt að gufurnar úr rafsígarettum innihalda efni sem geta verið eitruð og krabbameinsvaldandi.

„Rannsóknir hafa leitt í ljós að notendum rafsígaretta fjölgar hratt í Bandaríkjunum. Það er athyglisvert að fjöldi unglinga sem notuðu rafsígarettur tvöfaldaðist milli áranna 2011 og 2012 og einn af hverjum fimm rafsígarettunotendum á aldrinum 12 til 14 ára hafði aldrei prófað sígarettur áður,“ segir Sigríður.



**RAFRETTUR** Margir sem hætta að reykja styðjast við nikótínlyf. Hér á landi er ekki heimilt að flytja þær inn og dreifa þeim og segir markaðsstjóri Lyfju að eftirspurn hafi verið . NORDICPHOTOS/AFP



**„Það er athyglisvert að fjöldi (bandaríska) unglinga sem notuðu rafsígarettur tvöfaldaðist milli áranna 2011 og 2012.**

*Sigríður Ólafsdóttir, eftirlitssviði Lyfjastofnunar*

erlabjorg@frettabladid.is, kristjana@frettabladid.is


**Blaðamannaverðlaun 2013**

Almennur skilafrestur á tilnefningum (ábendingum) vegna Blaðamannaverðlauna ársins 2013 er til FÖSTUDAGSINS 17. JANÚAR 2014 KL 12:00.

Eins og áður eru verðlaunin veitt í fjórum flokkum en þeir eru þessir:
- Viðtal ársins 2013
- Umfjöllun ársins 2013
- Rannsóknarblaðamennska ársins 2013
- Blaðamannaverðlaun ársins 2013

Almenningur getur komið með tilnefningar með því að fara inn á vef Blaðamannafélagsins www.press.is á þar til gert tilnefningarsvæði. Tilgreina þarf nafn blaðamanns eða blaðamanna, miðil, hvað tilnefnt er fyrir, hvenær það birtist og rök fyrir tilnefningunni.

Einnig er hægt að senda inn tilnefningar til verðlaunanna á skrifstofu Blaðamannafélags Íslands í Síðumúla 23, 108 Reykjavík, ásamt gögnum með röksemdafærslu fyrir tilnefningunni. Dómnefnd mun síðan fara yfir tilnefningarnar og tilkynna um verðlaunahafa 8. febrúar nk.

Blaðamannafélag Íslands




Indverskir stjórnmálamenn lofa að sjá til þess að lögreglan taki sig á:

# Nauðganir orðnar kosningamál

**INDLAND, AP** Indverskir stjórnmálamenn reyna nú hvað þeir geta til að sannfæra kjósendur um að þeir muni að sjá til þess að lögreglan taki nauðganir alvarlega.

Þingkosningar verða haldnar innan fárra mánaða og ekki fer lengur fram hjá neinum að slæleg viðbrögð lögreglu og stjórnvalda gagnvart nauðgunum eru orðin að kosningamáli, sem gæti ráðið úrslitum.

Hrottaleg hópnauðgun í Nýju-Delhi fyrir rúmu ári vakti hörð viðbrögð og virðist hafa kostað borgarstjórnina meirihlutann í borgarstjórnarkosningum í síðasta mánuði.

Önnur hrottaleg hópnauðgun í Kolkata nú í desember hefur ýtt enn frekar undir óánægju almennings, sem gagnrýnir nú hástöfum þá linkind sem stjórnvöld og lögregla hafa lengi sýnt gagnvart nauðgunum á Indlandi.

Þrátt fyrir fögur orð stjórnmálamanna undanfarið ár virðist sem víða hafi fátt breyst. Konur sem reynt hafa að kæra nauðganir lenda enn í því að lögreglumenn taki þeim af fálæti, áreiti þær jafnvel, reyni að múta þeim til að falla frá ákærum eða hreki þær einfaldlega burt. **- gb**



**MÓTMÆLI GEGN NAUÐGUNUM Á INDLANDI** Hrottalegar nauðganir hafa ítrekað vakið hörð viðbrögð almennings á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Glæný uppistandssýning í Þjóðleikhúskjallaranum
Ari Eldjárn, Bergur Ebbi, Björn Bragi, Dóri DNA og Jóhann Alfreð
„Þetta grín náði svo í gegn hjá mér að ég grét í orðsins fyllstu merkingu úr hlátri“
- Fréttatíminn, MT
áfram
MIÐ-ÍSLAND
„Ábyrgist þriggja daga harðsperrur í maga á eftir.“
- Fanney Birna Jónsdóttir
Viðskiptaritstjóri Fréttablaðsins.
"Besta grínið í bænum! Frábær skemmtun!"
-Árni Páll Árnason
fyrrverandi ráðherra
Fös. 10. ja
UPPSELT
Lau. 11. janúar kl. 20
Fim. 16. janúar kl. 20
Fös. 17. janúar kl. 20
Lau. 18. janúar kl. 20
Fim. 23. janúar kl. 20
Fös. 24. janúar kl. 20
Lau. 25. janúar kl. 20
Miðaverð aðeins
2900 kr.
Tilboð til fyrirtækja og hópa
Doritos
midi.is
pepsi MAX
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
HANDHAFAR BLÁA KORTSINS
25% AFSLÁTTUR
VISA
Miðasala á midi.is og miðasölu Þjóðleikhússins í síma 551-1200

FERÐAÞJÓNUSTA Á VESTFJÖRÐUM

# Samgöngur eru akkillesarhællinn

Ef ferðaþjónusta á að blómstra á Vestfjörðum verða að koma til stórtækar samgöngubætur. Byggja verður á ósnortinni náttúru og varast að spilla þessari helstu söluvöru svæðisins. Ríki og sveitarfélög verða að axla ábyrgð með skýrri stefnumótun og sjálfbærri nýtingu.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Helsti veikleiki ferðaþjónustunnar á Vestfjörðum eru samgöngurnar á svæðinu. Hins vegar felast helstu tækifærin í sjálfbærri nýtingu á náttúru svæðisins, og því mikilvægt að fara sér hægt við uppbygginguu atvinnustarfsemi sem mögulega gæti skaðað ímynd Vestfjarða sem óspillts svæðis.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Gústafs Gústafssonar, forstöðumanns Markaðsstofu Vestfjarða, um tækifæri í ferðaþjónustu í fjórðungnum, en skýrslan er unnin að beiðni Verndarsjóðs villtra laxastofna (NASF), sem Orri Vigfússon veitir forstöðu.

Orri sagði við upphaf kynningar á skýrslunni í gær að hvati NASF til að láta taka út ferðaþjónustuna á Vestfjörðum væri það að alls staðar við Norður-Atlantshaf væri nú reynt að nýta náttúrulega sérstöðu svæða til að byggja upp ný atvinnutækifæri. Áhyggjur Orra og NASF af hugmyndum um stórfellt laxeldi í sjókvíum á Vestfjörðum eru vel kynntar. Því vill NASF nokkru til kosta til að kanna þá möguleika sem fyrir eru á svæðinu, áður en ráðist er í slíkt eldi eða annan atvinnurekstur sem spillt getur ímynd og sérstöðu Vestfjarða.

„Því vildum við gera úttekt á því hvað hægt er að gera á Vestfjörðum; fá fólk til að hrinda af stað fleiri verkefnum í ferðaþjónustu. Þar kemur gríðarlega margt til greina; skíðaferðir, sjóstangaveiði, lax- og silungsveiði og gönguferðir upp um fjöll og firnindi," sagði Orri.

### Útlínur

Eins og staðan er í dag má segja að Vestfirðir verði af stórum hópi ferðamanna af ýmsum ástæðum. Skýrsluhöfundur tilgreinir sérstaklega samgöngur sem helsta veikleika svæðisins, þó finna megi ýmsar samgöngubætur sem hafa verið til bóta. „Verulega skortir á að bæta flugsamgöngur, tengja þarf norður- og suðursvæðið saman með heilsársvegi og byggja upp heilsársveg á suðurfjörðunum og á Ströndum. Einnig er fjarskiptum og rafmagnsöryggi ábótavant í fjórðungnum," skrifar Gústaf sem bindur miklar vonir við að staðið verði við núverandi samgönguáætlun, en samkvæmt henni mun vinna við Dýrafjarðargöng hefjast á næsta ári með tilheyrandi úrbótum.

Það ber ekki að skilja sem svo að uppgangur ferðaþjónustunnar síðasta áratuginn hafi ekki náð vestur – ferðaþjónusta er vaxtarsprotinn sem vonir eru bundnar við eins og víðar. Til ferðaþjónustunnar er litið til að breyta ímynd, íbúaþróun og möguleikum svæðisins í samspili við sjávarútveginn sem fyrir er sterkur.

### Framþróun ekki sjálfsögð

Gústaf, sem var veðurtepptur í gær og talaði til fundarmanna í gegnum fjarfundarbúnað, sagði ljóst að „þolinmótt fjármagn" þurfi að koma til ef uppbygging ferðaþjónustunnar á að takast og tryggja nýliðun. Hann sagði að greinin sjálf þurfi að spýta í lófana og fjölga þurfi fyrirtækjum sem starfa allt árið um kring. „En íslenska ríkið og sveitarfélögin á svæðinu þurfa að hlúa að þörfum greinarinnar, að mínu mati, og ákveða hvort ferðaþjónustan á að verða einn af burðarstólpum byggðar hér – og þá með bættum samgöngum, skýrri stefnumótun og umhverfisvænu skipulagi á sjálfbærri nýtingu svæðisins."



> Í viðtölum við aðila sem hyggja á fjárfestingu í ferðaþjónustu á Vestfjörðum kom skýrt fram að grunnforsenda frekari uppbyggingar er ósnortin náttúra svæðisins
>
> *Gústaf Gústafsson, forstöðumanns Markaðsstofu Vestfjarða*

Gústaf sagði að ferðaþjónustan á Vestfjörðum gæti þróast í ólíkar áttir. Hún gæti blómstrað, en annar möguleiki væri sá að aðrar atvinnugreinar, og þá þær sem vinna gegn hreinni ímynd villtrar náttúru, rýri möguleikana. Gústaf segir að það gæti óöryggis í ferðaþjónustunni á Vestfjörðum gagnvart stefnu ríkis og sveitarfélaga varðandi nýtingu náttúrunnar. Slík umræða hafi risið í tengslum við olíuhreinsunarstöð í Arnarfirði og þetta sé að endurtaka sig „varðandi uppbyggingu sjókvíaeldis víðsvegar á Vestfjörðum".

Gústaf bætir við að „fjárfestar þurfa tryggingu fyrir því að grunninum verði ekki kippt undan þeirri starfsemi sem þeir vilja byggja upp og það þarf varla að benda á að samkeppni svæða um fjárfestingu er gríðarleg. Í viðtölum við aðila sem hyggja á fjárfestingu í ferðaþjónustu á Vestfjörðum kom skýrt fram að grunnforsenda frekari uppbyggingar er ósnortin náttúra svæðisins."



**LÁTRABJARG** Í stefnumótun Ferðamálasamtaka Vestfjarða felst sérstaðan í ósnortinni náttúru, einstakri friðsæld og öðruvísi upplifun, og á því skal byggja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## 200 ferðaþjónustufyrirtæki á Vestfjörðum

- Gistinóttum á **Vestfjörðum** hefur fjölgað um **92%** frá árinu 2003 til ársins 2012. Það er **6,6%** vöxtur á ári að meðaltali.
- Heildarfjöldi gistinátta á landsvísu hefur aukist um **88%** á sama tímabili. Má þess geta að um 200 fyrirtæki eru í ferðaþjónustu á **Vestfjörðum**, og fer fjölgandi.
- Hagræn áhrif ferðaþjónustu á **Vestfirði** eru nú þegar töluverð. Árið 2012 heimsóttu **Vestfirði** rúmlega 60.000 gestir og á móti þeim tóku nálægt 150 manns sem starfa við greinina.
- Árið 2011 heimsóttu tæplega **14%** erlendra gesta **Vestfirði** að sumarlagi, og **4,6%** yfir aðra mánuði ársins 2012.
- Kannanir sýna að erlendur ferðamaður sem heimsækir **Vestfirði** er **50%** líklegri en meðalferðamaðurinn til að stunda gönguferðir, fuglaskoðun, bátsferðir og selaskoðun í Íslandsferðinni.


Mikið úrval nýlegra bíla

LÆKKAÐU REKSTRARKOSTNAÐINN

Nýlegir bílar hafa mun lægri rekstrarkostnað en eldri bílar. Viðhaldið er minna og eyðslan lægri. Kynntu þér málið!



Tilboð: 1.950.000 kr.
Mazda2 Advance ATA79
Skráður júní 2012, 1,5 bensín, sjálfsk.
Ekinn 56.000 km.
Ásett verð: 2.090.000 kr.



Tilboð: 1.990.000 kr.
Toyota Avensis EXE UZG16
Skráður nóv. 2007, 2,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 104.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.



Tilboð: 1.990.000 kr.
Volvo S60 SY658
Skráður jan. 2007, 2,0 turbo bensín, sjálfsk.
Ekinn 103.000 km.
Ásett verð: 2.290.000 kr.



Tilboð: 2.390.000 kr.
Ford Explorer Eddie Bauer VS425
Skráður maí 2007, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 94.000 km.
Ásett verð: 2.790.000 kr.

Fylgstu með á FACEBOOK
Notaðir bílar – Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

FINNDU BÍLINN ÞINN Á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
TÖKUM ALLAR GERÐIR BÍLA UPPÍ!

Við tökum notaða bílinn þinn uppí á hagstæðu verði og þú getur fengið milligjöfina lánaða – möguleiki á engri útborgun.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

OPIÐ 24 TÍMA

# OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA

Tilboðin gilda út sunnudag

VERÐ SPRENGJA




Chicago Town pizzur/subs
~~Verð áður: 398 kr. stk.~~
**298 kr. stk.**

Superman orkudrykkur 250 ml
**198 kr stk.** Nýtt

Rockstar orkudrykkur 500 ml
**198 kr stk.** Nýtt

## NAMMILAND
## 50% afsláttur
í Nammilandi Iceland á laugardögum og sunnudögum!

Iceland

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

# SKOÐUN

Ofstæki gegn sorpbrennslu eða vernd auðlinda?

## Blindan á stóru myndina

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmanneyjum, skrifaði í síðustu viku grein á vef sinn, sem vakti talsverða athygli. Þar gagnrýnir hann harðlega að sorpbrennslustöðin í Vestmannaeyjum skyldi svipt starfsleyfi vegna þess að hún uppfyllti ekki reglur um mengunarvarnir.

Elliði bendir á að eftir að hætt var að brenna sorp í Eyjum þurfi að flytja það upp á land með ærnum tilkostnaði og mengun frá samgöngutækjum. Eyjamenn þurfi að brenna meiri dísilolíu til orkuöflunar. Sorphirðugjöld í bænum hafi hækkað um 77 prósent.

Elliði sparar ekki stóru orðin um „umhverfistöffaraskap“, „ofstæki gegn sorpbrennslum“, að umræðan um díoxínmengun frá sorpbrennslunni hafi einkennzt af „móðursýki og vitleysisgangi“ og umhverfisyfirvöld séu að „slá sig til riddara á kostnað heimila í Eyjum“. Sá sem les grein hans getur auðveldlega dregið þá ályktun að umhverfisyfirvöld hafi ekki horft á stóru myndina, heldur einblínt á reglur um sorpbrennslu og ekki áttað sig á að verið væri að búa til mengun og kostnað með því að framfylgja þeim.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

En málið er ekki svo einfalt, af því að myndin er miklu stærri en sú sem bæjarstjórinn dregur upp. Sorpbrennslan í Eyjum uppfyllti ekki Evrópureglur, sem Íslandi ber að fara eftir. Þær reglur eru meðal annars til komnar vegna áralangrar baráttu íslenzkra stjórnvalda fyrir því að settar verði strangar reglur um mengun af völdum þrávirkra lífrænna efna frá landstöðvum.

Díoxín er stórhættulegt eiturefni og er eitt þessara þrávirku efna. Mengun af þeirra völdum hefur verið kölluð ein alvarlegasta umhverfisógn sem Ísland stendur frammi fyrir. Efnin berast frá þéttbýlli heimshlutum með hafstraumum og setjast í fituvef sjávarlífvera. Barátta Íslands fyrir ströngum reglum um losun þessara efna er ekki sízt til komin vegna ótta við að mengun í fiski á Íslandsmiðum gæti náð því marki að neytendur forðuðust hann eða hann yrði óhæfur til sölu á mörkuðum.

Við getum ekki ætlazt til þess að önnur ríki fari eftir reglum um díoxínmengun frá sorpbrennslum ef við gerum það ekki sjálf. Það kaldhæðnislega er að á sínum tíma fengu eldri sorpbrennslur á Íslandi undanþágu frá Evrópureglunum vegna þess að einstök sveitarfélög höfðu áhyggjur af kostnaðinum við að endurnýja brennslurnar þannig að þær stæðust kröfur. Fresturinn sem var keyptur með þeirri undanþágu var ekki alls staðar notaður til að koma mengunarmálunum í lag.

Ef allir borgar- og bæjarstjórar í nágrannalöndum okkar horfðu jafnþröngt á málið og Elliði Vignisson, tregðuðust við að fara eftir reglunum og hefðu sitt fram, steðjaði mun meiri hætta að afkomu sjávarbyggða á Íslandi en raunin er. Reglurnar stuðla að því að vernda auðlind sem þær eiga margar allt sitt undir.

Elliði segir í niðurlagi greinar sinnar að líklega verði horft til þess á næsta kjörtímabili bæjarstjórnar að hefja á ný sorpbrennslu til orkuöflunar. Það verður þá í sorpbrennslustöð, sem uppfyllir alþjóðlegar reglur. Hana geta Eyjamenn borgað glaðir, vitandi að þeir stuðla þannig að því að varðveita sjálft lífsviðurværi sitt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Lækkum gjöldin en töpum samt**

Bílastæðagjöld hækkuðu um tæplega 200% um áramótin í bílastæðahúsum. Fyrsti klukkutíminn kostaði 80 krónur og síðan 50 krónur eftir hann en nú kostar hver klukkutími 150 krónur. Heill dagur kostaði þannig 430 krónur en kostar nú 1.200 krónur. Þetta er hækkun upp á 179%. Reykjavíkurborg hafði ákveðið í september að hækka gjaldskrár sínar en hætti síðan við um miðjan nóvember sem lið í að sporna við verðbólgu og auka kaupmátt. Karl Sigurðsson borgarfulltrúi lýsti því yfir við Vísi í gær að til greina kæmi að endurskoða þessa hækkun, þar sem hún hafi farið í gegn fyrir mistök. Samt hafði Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs, áður tjáð sig um rekstur bílastæðahúsanna sem hún segir rekin með tapi og hafi verið svo árum saman. Lóðir í miðbænum eru þær eftirsóttustu á landinu og gríðarlega stór hluti þeirra fer undir bílastæði.





**Tap í samkeppni við einkarekstur**

Bílastæðahús borgarinnar eru rekin í samkeppni við önnur, eins og Hörpuna og Höfðatorg. Þau hafa ekki tök á að bjóða sín stæði á sama gjafverði og borgin, sem samt rekur stæðin með tapi. Bílastæði miðborgarinnar eru alla jafna troðfull og þar fá menn að leggja bílunum sínum heilu og hálfu dagana á gjafverði.

Samt kemur til greina af hálfu borgarfulltrúa Besta flokksins/Bjartrar framtíðar að endurskoða hækkunina, tryggja tapreksturinn áfram og gera einkaaðilunum fullkomlega ómögulegt að keppa við borgina á þessu sviði.

Er ekki eitthvað bogið við þetta?

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Mikil stækkun á núverandi friðlandi Þjórsárvera

NÁTTÚRUVERND



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
umhverfis- og auðlindaráðherra

Tillaga um ný mörk mikillar stækkunar núverandi friðlands Þjórsárvera, sem Umhverfisstofnun hefur unnið að undanfarna mánuði, var nýverið send tveimur sveitarfélögum.

Tillagan er send í kjölfar ábendinga sem fram komu í sumar við lokafrágang friðlýsingarinnar um að fyrirhuguð afmörkun landsvæðisins gengi lengra en nemur Norðlingaölduveitukosti sem var settur í verndarflokk í 2. áfanga rammaáætlunar. Mörkin hefðu þannig útilokað aðra hugsanlega kosti fyrir utan friðlandið sem á eftir að skilgreina, meta og flokka og komu upp álitamál varðandi lögmæti slíks gjörnings. Rétt er að taka fram að friðlandsmörkin eru ekki dregin upp í rammaáætluninni sjálfri heldur útfærð í samvinnu við sveitarfélög utan um þau svæði sem eiga að njóta verndunar samkvæmt rammaáætlun. Er ljóst að stækkað friðland í Þjórsárverum til suðurs samkvæmt nýrri tillögu að friðlýsingarmörkunum útilokar klárlega Norðlingaölduveitu eins og sá virkjunarkostur var skilgreindur í 2. áfanga rammaáætlunar.

Friðlýsingartillagan felur í sér gríðarmikla stækkun á núverandi friðlandi, sem tekur yfir landsvæði sunnan og austan Hofsjökuls, allan Hofsjökul og svæðið mun falla að friðlandinu Guðlaugstungum norðanmegin. Innan friðlandsins verða m.a. Eyvafen og lítt röskuð víðerni vestan Þjórsár, sem hafa hátt verndargildi, m.a. á alþjóðlega vísu enda skilgreind Ramsar-svæði. Má þess einnig geta að unnið er að friðlýsingu landsvæða í Kerlingarfjöllum sem liggja vestan við hið nýja friðland Þjórsárvera. Þannig er stefnt að því að vernda til framtíðar stórt svæði á miðhálendinu, sem tekur yfir stórkostleg náttúruverðmæti. Þessi víðerni bjóða upp á einstök tækifæri á sviði ferðaþjónustu innan sveitarfélaga sem hlut eiga að máli.

Berist verkefnastjórn rammaáætlunar beiðni um að skoða aðra kosti utan marka friðlandsins neðar í Þjórsá þurfa þeir að fara í gegnum mat faghópa sem verkefnastjórn rammaáætlunar skipar og víðtæk umsagnarferli þar sem öllum gefst tækifæri á að koma sínum sjónarmiðum að. Við mat á slíkum virkjunarkosti þyrfti að taka til skoðunar áhrif lóns við friðlandsmörk, fossa í Þjórsá og það svæði sem talið er rétt að njóti friðunar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Norræn samstaða í hvikulum heimi

NORRÆN SAMVINNA


Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra Íslands


Erkki Tuomioja
utanríkisráðherra Finnlands

Áhrif loftslagsbreytinga og annarrar hnattrænnar þróunar skapa heimsbyggðinni sífellt nýjar áskoranir og tækifæri. Norrænu ríkjunum hefur tekist vel til að bregðast við þessum breytingum eins og fjölmargar rannsóknir sýna. Sá árangur Norðurlandanna hefur verið öðrum áhugaverð fyrirmynd en við getum gert enn betur.

Samvinna skilar mestum árangri þegar mæta þarf krefjandi verkefnum samtímans. Aukin norræn samvinna er að okkar mati lykill að lausn þeirra verkefna sem við stöndum andspænis. Við erum reiðubúin að leggja fram þekkingu okkar og reynslu í þeirri viðleitni að ná markmiðum sjálfbærrar þróunar í umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu tilliti.

Á fundi okkar í Helsinki í gær ræddum við með hvaða hætti Finnland og Ísland geta í sameiningu nýtt styrk sinn enn frekar í þágu norrænnar samvinnu. Sameiginleg gildi Norðurlandanna byggjast á lýðræði, réttarríkinu, jafnrétti kynjanna og virðingu fyrir mannréttindum. Þetta eru leiðarljós stefnu okkar jafnt innanlands sem og á vettvangi alþjóðastofnana, meðal annars innan Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og svæðisbundinna stofnana í Norður-Evrópu.

Norræn samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála er í mótun. Mikilvægt skref sem þéttir raðirnar var stigið í Helsinki árið 2011 þegar allir fimm utanríkisráðherrar Norðurlandanna sammæltust um norræna samstöðuyfirlýsingu þar sem lögð er áhersla á að ríkin muni koma hvert öðru til aðstoðar þegar hætta steðjar að, svo sem af völdum náttúruhamfara, af mannavöldum og vegna tölvu- og hryðjuverkaárása.

### Merkur áfangi

Samvinna Norðurlandanna á sviði varnarmála hefur eflst enn frekar innan NORDEFCO-samstarfsins á síðustu árum. Merkum áfanga verður náð í samstarfi norrænu ríkjanna þegar Svíþjóð og Finnland taka þátt í loftrýmiseftirliti og tengdri þjálfun á Íslandi í næsta mánuði.

Samvinna okkar byggist á heildstæðri sýn á öryggismál. Við erum sammála um mikilvægi forvarna og viðbúnaðar þegar tekist er á við öryggisáskoranir samtímans, hvort sem um ræðir mansal, netöryggi, neyðarástand sem krefst mannúðaraðstoðar eða umhverfismál á borð við loftslagsbreytingar.

Breytingar og áskoranir í nærumhverfi okkar á norðurslóðum hafa áhrif á stöðu Íslands og Finnlands. Norðurskautsráðið er nú meginvettvangur alþjóðlegrar samvinnu á norðurslóðum. Það hefur þróast frá því að vera vettvangur stefnumarkandi umfjöllunar yfir í samstarfsvettvang þar sem ákvarðanir eru teknar. Gerð lagalega bindandi samninga um leit og björgun og viðbrögð við olíuvá undirstrika þessa þróun. Það eru gagnkvæmir hagsmunir okkar að treysta enn frekar hlutverk Norðurskautsráðsins.

Svæðisbundin og alþjóðleg samvinna stuðlar að öryggi Norðurlandanna í víðtækum skilningi. Hún er lykillinn að framtíðinni.

**➜ Samvinna okkar byggist á heildstæðri sýn á öryggismál. Við erum sammála um mikilvægi forvarna og viðbúnaðar þegar tekist er á við öryggisáskoranir samtímans, hvort sem um ræðir mansal, netöryggi, neyðarástand sem krefst mannúðaraðstoðar eða umhverfismál á borð við loftslagsbreytingar.**

# Í skóla eins árs?

SAMFÉLAG


Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir hjá Miðstöð foreldra og barna

Skömmu fyrir jól samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um að leikskólar taki við ungbörnum að loknu fæðingarorlofi. Skipaður hefur verið starfshópur til að að greina faglegar kröfur og fjárhagsleg sjónarmið sem taka þarf tillit til fari sveitarfélögin að bjóða börnum á aldrinum eins til tveggja ára upp á leikskólavist. Kanna á hver húsnæðisþörfin yrði og hversu marga nýja starfsmenn þyrfti að ráða. Viðbrögð í fjölmiðlum endurspegla þessar áherslur, þau fjalla um fjármögnun, húsnæðisþörf og breyttar horfur á vinnumarkaði. Þannig hefur Samband íslenskra sveitarfélaga sagt að þessi breyting muni kosta sveitarfélögin gríðarlega fjármuni og formaður Félags dagforeldra hefur lýst áhyggjum af því að dagforeldrastéttin leggist af.

Alveg hefur gleymst að fjalla um hversu vel þetta fyrirkomulag henti ungbörnum heldur er því tekið sem gefnu að leikskólar séu málið. Markmiðið er að gera foreldrum kleift að vinna utan heimilis án þess að sliga sveitarfélögin og skal ekki gert lítið úr mikilvægi þess. Með þeirri þekkingu sem við höfum nú á mikilvægi mannlegra tengsla er hins vegar ekki hægt að láta eins og þetta fyrirkomulag sé ungum börnum fyrir bestu. Rannsóknir á heilaþroska barna sýna svart á hvítu að ung börn þurfa samfellda umönnun fárra sem þau tengjast tilfinningalega. Þau þurfa rólegt umhverfi þar sem stöðugt er brugðist við þörfum þeirra með viðeigandi hætti. Hæfir dagforeldrar og leikskólakennarar geta mjög vel sinnt þessum þörfum en þá þarf að ætla þeim meiri tíma með hverju barni, auka þjálfun ófaglærðra og greiða starfsfólki hærri laun en við höfum hingað til verið tilbúin til.

### Barnsæmandi kröfur

Umönnun ungbarna sem stendur undir nafni getur aldrei orðið ódýr. Reykjavíkurborg hefur reiknað út að það myndi kosta 1,2 milljarða króna árlega að taka inn öll börn frá ársaldri og er þá ekki talinn kostnaður vegna framkvæmda. Ég óttast að sú upphæð yrði töluvert hærri ef gerðar væru barnsæmandi kröfur um mönnun og staðið við þær. Hvað er þá til ráða? Frá barn- og fjölskylduvænu sjónarmiði væri mun skynsamlegra að lengja fæðingarorlof foreldra og stuðla að sveigjanlegum vinnutíma þeirra. Vissulega kostar slíkt fjármuni en við skulum ekki ímynda okkur að það sé ódýrt fyrir samfélagið að spara við umönnun ungbarna. Langvarandi aðskilnaður frá foreldrum getur valdið ungbörnum streitu sem veikir ónæmiskerfi þeirra og minnkar mótstöðuafl gegn langvinnum heilsufarsvandamálum, andlegum jafnt sem líkamlegum. Rannsóknir sýna að örugg tengslamyndun barna og foreldra dregur úr hegðunarerfiðleikum barna og unglinga, áfengis- og fíkniefnaneyslu þeirra og geðröskunum á fullorðinsárum. Vissulega þola börn aðskilnað misjafnlega vel, það má ekki ætla öllum það sama. Hins vegar erum við ekkert öruvísi en önnur spendýr: afkvæmi okkar þarfnast nálægðar við þá sem veita þeim mest öryggi. Það öryggi geta þeir einir veitt sem þekkja börnin vel. Mannabörn eru hins vegar ólík dýrum að því leyti að þau eru meira ósjálfbjarga, seinni til, háðari umönnun og viðkvæmari. Því meira mið sem við tökum af þessum einföldu staðreyndum, því sterkari og heilbrigðari einstaklingar verða börnin okkar þegar fram líða stundir.

**➜ Umönnun ungbarna sem stendur undir nafni getur aldrei orðið ódýr. Reykjavíkurborg hefur reiknað út að það myndi kosta 1,2 milljarða króna árlega að taka inn öll börn frá ársaldri og er þá ekki talinn...**

## AF NETINU

### Komið af fjöllum

Búsáhaldabylting hvað? Klóraði mér í fávísum hausnum, þegar fréttir bárust af slysum í uppþoti unglinga í og við Smáralind. Hafði ekki hugmynd um Vine og Jerome Jarre. Má þó teljast eins konar sagnfræðingur fjölmiðlunar. Létti síðan, þegar dr. Gunni sagðist á vefnum líka hafa komið af fjöllum. Sjálfur sagnfræðingur poppsins segir pass. Sumir voru farnir að halda, að með fésbók væri gamla heimsþorpið komið aftan úr grárri forneskju. En svo er aldeilis ekki. Þegar allir ruddust á fésbókina, flúðu börn og unglingar þaðan með sín sérmál á sérhæfða vefi. Heimsþorpið er ekki til, leyniklíkurnar blómstra.

http://www.jonas.is/
*Jónas Kristjánsson*


Deloitte.

Skattadagurinn
2014



Morgunverðarfundur

föstudaginn 10. janúar kl. 8.30-10.00 á Grand Hótel Reykjavík


Setning
**Bjarni Benediktsson**, fjármálaráðherra


Skattalegir hvatar fyrir hátæknifyrirtæki í alþjóðaviðskiptum
**Pétur Már Halldórsson**, framkvæmdastjóri NOX Medical


Skattbreytingar - áhrif á fólk og fyrirtæki
**Vala Valtýsdóttir**, sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte


Okkar hlið á skattapeningnum
**Heimir Þorsteinsson**, fjármálastjóri Actavis á Íslandi


Skattlagning milli landa - hvað ber að hafa í huga
**Jörundur Hartmann Þórarinsson**, skatta- og lögfræðisvið Deloitte


Fundarstjórn
**Hulda Bjarnadóttir**, framkvæmdastjóri FKA

Skráning á **www.deloitte.is**, netfanginu **skraning@deloitte.is** og í síma **580-3000.**
Gullteigur, Grand Hótel Reykjavík • léttur morgunverður frá kl. 8.00 • verð kr. 3.900.

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

# Er sérkennsla sérkennsla?

MENNTUN



**Sturla Kristjánsson**
kennari, sálfræðingur og Davis-ráðgjafi

**➜ Er nú svo komið að tæp 30% grunnskólanema eru í sérkennslu og um helmingur þeirra án formlegrar greiningar! Á níunda áratugnum þótti það óhæfa að ætla 2-3% nemenda sérkennslu …**

Almenn kennsla leiðir til almennrar menntunar en sérkennsla til öðruvísi menntunar, sérstakrar menntunar. Námsárangur nemenda í almennri kennslu er misjafn, þeir ná misgóðum tökum á námsefninu, sumir sýna jafnvel alls óviðunandi árangur. Um slíka niðurstöðu má aldrei fjalla sem sérkennslu, (sérstaka menntun), eða segja að nemandinn hafi með henni komið sér upp sérkennsluþörf, þ.e. þurfi á sérkennslu (sérstakri kennslu) að halda til þess að ná viðunandi tökum á almennu námsefni.

Þessi nemandi þarf ekki sérkennslu, hann hefði þurft meiri og betri almenna kennslu en þarfnast nú aðstoðar og endurvinnslu, aukakennslu, hjálpar- eða stuðningskennslu.

Þeir nemendur, sem vegna fötlunar sinnar geta ekki nýtt sér almenna kennslu, eiga rétt til sérstakrar kennslu við sitt hæfi. Það er sérkennsla; önnur markmið, ólíkt námsefni, umgjörð og aðferðir. Sérkennsla er ekki aðferðin til að tryggja ófötluðum nemendum viðunandi árangur í almennu grunnskólanámi.

### Sérkennsluþörf

Einhver skilgreinanleg ástæða veldur því að nemendur eru ófærir um að tileinka sér námsefni almennrar grunnskólakennslu á viðunandi hátt og sér að gagni. Sérstök kennsla, sérkennsla, er þá leiðin til að tryggja þeim þann þroska sem er þeim mögulegur. Þeir njóta jafnréttis í námi þegar þeim er svo mismunað að viðfangsefni séu við þeirra hæfi en ekki þau sömu og annarra. Þannig sjá þeir árangur erfiðis síns, upplifa sigra og öðlast sjálfstraust. Þeir þarfnast sérkennslu vegna fötlunar sinnar og til að tryggja lagalegan rétt þeirra til kennslu „… í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir …" er stuðli að „… alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins …" verður að halda fast við þessa þröngu skilgreiningu hugtaksins sérkennsla.

En framkvæmdin hefur orðið önnur. Allt frá níunda áratugnum er áhrifa grunnskólalaganna fer að gæta, sveigðu stjórnvöld og skólar frá fyrirmælum þeirra, einkum er varðar greiningar sérkennslunemenda.

Er nú svo komið að tæp 30% grunnskólanema eru í sérkennslu og um helmingur þeirra án formlegrar greiningar!

Á níunda áratugnum þótti það óhæfa að ætla 2-3% nemenda sérkennslu, jafnvel þótt greiningar á vanda þeirra lægju fyrir.

Nú eru fötluðu sérkennslubörnin, 3-4 prósentin, kaffærð af fimm til sexföldum fjölda sínum af „sérkennslunýbúum", sem ekki eru fatlaðir, en eiga í erfiðleikum í námi og þarfnast hjálpar. Vandi þessara nemenda er annar en þeirra fötluðu. Þeir þarfnast vissulega aðstoðar og öflug aðstoð skilar þeim gjarnan vel áleiðis í námi, en það er ekki sérkennsla.

Ef góður fjórðungur nemenda í almennu grunnskólanámi nær ekki viðunandi árangri, þá er eitthvað að. Skólinn bendir á nemandann; þessi þarfnast sérkennslu. Slík „sérkennsla" ber jafnan árangur og með því að mæta meintri sérkennsluþörf er henni jafnframt eytt!

Er rétt að aðgreina og stimpla um fjórðung nemenda sem misstíga sig í menntavalsinum?

Hvað með að leita viðeigandi lausna, jafnvel með nýbreytni í skólastarfi?

Við megum ekki stefna framtíð saklausra barna í hættu með því að senda þau í sérkennslu þegar allt sem þau þarfnast er sú almenna kennsla, sem alþingismenn töldu sig tryggja þeim með samþykkt markmiðsgreinar grunnskólalaganna.

# Landbúnaðarháskóli Íslands – baggi eða björg

MENNTUN



**Þorsteinn Guðmundsson**
jarðvegsfræðingur og háskólakennari í hlutastarfi við LbhÍ

**➜ Samanburður á kostnaði við háskóla á Íslandi við nágrannalöndin sýnir að háskólar á Íslandi er ódýrir og þurfa að glíma við minnkandi fjárveitingar. Þetta kemur fram í ýmsum myndum en tökum dæmi. Þegar Bændaskólanum á Hvanneyri var breytt í háskóla komu þau skýru skilaboð að við ættum að útvíkka okkar námsframboð. Til þess fengist að vísu ekki aukið fjármagn á frumstigi en tekið yrði tillit til árangurs. Skólinn kom á námsbraut í umhverfisskipulagi sem innan skamms var orðin að burðarás BS-náms auk búvísindanna. Nú hefur þessi námsbraut verið starfrækt í 10 ár, um 130 manns útskrifast og tæp 70% útskrifaðra hafa sótt eða eru í mastersnámi. Stór hluti þessa fólks er nú í störfum víðsvegar um land. Aukin fjárveiting kom aldrei.**

Að undanförnu hefur fjörug umræða um Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) verið í fjölmiðlum í kjölfar yfirlýsingar mennta- og menningarmálaráðherra um að háskólar á Íslandi yrðu sameinaðir. Mest virðist rætt um sameiningu LbhÍ við HÍ og hafa nokkrir félagar mínir við LbhÍ komið að þeirri umræðu og bent á möguleika sem skapast eða kunni að skapast við það. Samstarf LbhÍ og HÍ hefur aukist en LbhÍ og margir starfsmenn eru einnig í miklu samstarfi við erlendar menntastofnanir. Fjarlægðir milli staða eru oft ekki aðalatriði heldur sameiginlegur áhugi.

Einungis brot þeirra sem útskrifast frá háskólum fara í rannsóknir. Hinir eru úti í samfélaginu í fjölbreyttum störfum og iðulega áberandi í félagslífi. Okkar samskipti eru við háskólamenntað fólk í miðju samfélagsins, við kennara, hjúkrunarfræðinga, verkfræðinga o.s.frv. Hátt hlutfall þeirra sem útskrifast frá LbhÍ finnur starfsvettvang á landsbyggðinni og eru þar virkir þátttakendur. Menntafólk binst gjarnan þeim stöðum og því umhverfi sem það kynntist á námsárunum og er tregt til að flytja að námi loknu. Þetta á hvarvetna við og háskólar hafa víða verið stofnaðir til að styrkja stoðir samfélagsins, t.d. í Trömsö, Umeå og Oulu. Þjóðverjar gerðu þetta einnig með stofnun háskóla í Konstanz, Bayreuth og víðar. Auk hinna almennu háskóla hafa Þjóðverjar fagháskóla og viðlíka stofnanir þar sem akademísk fræðsla og starfsþjálfun fara saman. Þeir líta á hina miklu faglegu og landfræðilegu breidd í háskólamenntun sem stóran þátt í sinni velgengni.

### Byggðaþróun

Byggðaþróun á Íslandi var afar ólík því sem annars staðar þekkist. Okkar þjóðfélag breyttist úr dreifbýlasta landi í Evrópu í það þéttbýlasta á seinustu öld og þéttbýlið er nær allt á einum stað. Á Reykjavíkursvæðinu búa 2/3 til 3/4 íbúa landsins eftir því hvar mörkin eru dregin. Íslenskt samfélag þarf að gera upp við sig hvort það vilji verða að borgarríki með landið utan þess sem hráefnis- og orkugjafa og til frístundaiðkunar eða hvort við viljum halda í öflugt atvinnulíf og menningu á landsbyggðinni. Landbúnaðarháskólinn er ein þeirra stofnana sem enn hafa kjölfestu á landsbyggðinni og styrkir hana. Með sameiningu við HÍ mundi sú kjölfesta glatast. Enn meiri þjöppun háskólastarfs á höfuðborgarsvæðið eykur fábreytni í vali fyrir ungt fólk.

Við stofnun LbhÍ voru Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Rala á Keldnaholti og Garðyrkjuskólinn sameinuð. Nær öll fræðsla og rannsóknir og ýmis stoðþjónusta í landbúnaði fór í eina stofnun. Ég efast um að þessi fjölbreytta starfsemi eigi auðvelt uppdráttar innan veggja HÍ. Háskóli Íslands er sem betur fer mjög öflugur almennur háskóli en þarf eins og aðrir að glíma við fjárhagsvandamál. Ef af sameiningu yrði þá væri afar eðlilegt að hann byrjaði á að losa sig við starfsemi sem ekki fellur beint að akademísku umhverfi. Það væri starfsnámið og síðan flyttist allt háskólanám til Reykjavíkur. Þau samlegðaráhrif sem fylgja því að hafa starfsnám, háskólanám, rannsóknir og stoðþjónustu undir einu þaki yrðu að engu.

### Ódýrir háskólar

Samanburður á kostnaði við háskóla á Íslandi við nágrannalöndin sýnir að háskólar á Íslandi er ódýrir og þurfa að glíma við minnkandi fjárveitingar. Þetta kemur fram í ýmsum myndum en tökum dæmi. Þegar Bændaskólanum á Hvanneyri var breytt í háskóla komu þau skýru skilaboð að við ættum að útvíkka okkar námsframboð. Til þess fengist að vísu ekki aukið fjármagn á frumstigi en tekið yrði tillit til árangurs. Skólinn kom á námsbraut í umhverfisskipulagi sem innan skamms var orðin að burðarás BS-náms auk búvísindanna. Nú hefur þessi námsbraut verið starfrækt í 10 ár, um 130 manns útskrifast og tæp 70% útskrifaðra hafa sótt eða eru í mastersnámi. Stór hluti þessa fólks er nú í störfum víðsvegar um land. Aukin fjárveiting kom aldrei.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2014 er bein fjármögnun frá ríkinu 655 milljónir króna, annars afli skólinn sem sértekna. Við skólann eru 88 ársstörf, það gera 7,4 milljónir á hvern starfsmann til að reka alla starfsemina. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn fær skólinn viðurkenningar fyrir gott starf. Þeir sem segja að LbhÍ sé dýr eru í raun að segja að starfsemi skólans sé óþörf.

Sameining við HÍ og flutningur kennslu og rannsókna á höfuðborgarsvæðið skapar meiri nálægð við akademískt umhverfi. Sé hins vegar litið til samfélagsins í heild sinni þá beinast rökin gegn slíkri sameiningu. Það er að segja vilji samfélagið halda uppi dreifðri byggð með skapandi menningu.

# Þjórsárver – vernd eða nýting?

NÁTTÚRUVERND



**Úrsúla Jünemann**
kennari og leiðsögumaður

**➜ En hvers virði er það að undirrita alþjóðlega samninga? Mér þykir það svik að undirrita eitthvað og fara svo ekki eftir því og ég skammast mín hálfpartinn fyrir að tilheyra þessari litlu þjóð sem gæti gert svo miklu betur. Við gætum auðveldlega verið leiðandi í umhverfismálum. En græðgin spillir og dregur úr skynsamlegri framtíðarsýn. Fyrir hverja og hvað á að halda áfram að virkja grimmt á kostnað okkar einstöku náttúru? Við eigum meira en nóg af orku fyrir okkar þarfir og gætum notað hana betur en að selja hana fyrir slikk.**

Núverandi svonefndum umhverfisráðherra er greinilega ásamt öðrum í Framsóknarflokknum ekki mjög annt um umhverfisvernd. Hann er við sama heygarðshorn og flokksbróðir hans, Gunnar Bragi Sveinsson, sem skrifaði tölvupóst um það að það ætti að gæta vel að því að umhverfisverndarsinnar kæmust ekki að. Vinnubrögð Sigurðar Inga eru vægast sagt furðuleg og ekki í anda lýðræðis. Rökstuðningur við aðgerðir hans er það sömuleiðis. Hann segir að með nýjum mörkum friðlands í Þjórsárverum sem hann setti án þess að spyrja kóng né prest sé einmitt verið að friða Þjórsárverin. Samkvæmt greinargerð umhverfisráðuneytis verða nýju mörkin friðlandsins dregin í kringum fyrirhugað lónsstæði, líkt og Landsvirkjun lagði til í sumar. Þannig að Norðlingaölduveitan er ekki úr sögunni. Þrátt fyrir að hún væri sett í verndunarflokk eru menn enn að gjóa augunum á það að þarna verði hægt að virkja. Mörk friðlandsins voru bara færð til, svo einfalt var það.

Svo segir Sigurður Ingi að engin mannvirki tengd virkjunum verði innan hins friðlýsta svæðis – auðvitað af því hann færði mörkin til! – og það sem gerist fyrir utan svæðið hafi ekkert með Þjórsárver að gera. Ósköp væri nú æskilegt að maðurinn myndi taka bara eins og einn grunnkúrs í vistkerfisfræði. Þá myndi hann átta sig á því að votlendissvæði eins og Þjórsárver eru afar viðkvæm fyrir öllum breytingum á jaðarsvæðum þess. Til dæmis mun það hafa veruleg áhrif ef vatnsbúskap verður breytt þó það sé fyrir utan mörk friðlandsins. En kannski vill ráðherrann ekki vita það, hann sem trampar um eins og fíll í postulínsbúð og kærir sig ekki um lýðræðislegar ákvarðanir. Ráðherra umhverfismála var að tjá sig um fossana í efri Þjórsá, segist vera búinn að sjá þá og dást að fegurð þeirra. Jafnóðum leggur hann blessun sína yfir að þessar perlur munu spillast með virkjunaráformum hjá Þjórsárverunum. Hvernig getur hann haft slíkt á samviskunni, hann sem hefur það hlutverk að standa vörð um okkar einstöku náttúru?

### Alþjóðlegir samningar

Ísland er aðili að alls konar alþjóðlegum samningum. Mig langar að spyrja hvort menn telji sig þá ekki bundna af þessu á einhvern hátt. Við eigum til dæmis aðild að Ramsar-samningnum. Ramsar-svæði eru kennd við sáttmála um verndun votlendis sem telst hafa alþjóðlegt mikilvægi, sérstaklega sem búsvæði fyrir fugla. Þjórsárver eru stærsta votlendisvin á miðhálendi Íslands og eitt þriggja svokallaðra Ramsar-svæða á Íslandi.

Við eigum einnig aðild að Árósasamningnum. Hann var samþykktur á fundi umhverfisráðherra í Evrópu þann 25. júní 1998. Ísland var á meðal þeirra 35 landa sem strax á fyrsta degi lögðu með undirritun sinni nafn sitt við samninginn. Árósasamningurinn er umhverfissamningur. Hann tengir saman umhverfismál og mannréttindi – að sérhver kynslóð eigi rétt á að lifa í umhverfi sem sé fullnægjandi fyrir heilsu og velferð hennar. Settar eru skyldur á ríkin sem standa að samningnum og eru þau réttindi sem ríkin eiga að tryggja almenningi þríþætt og mynda þrjár stoðir samningsins.

Fyrsta stoðin mælir fyrir um skyldur ríkja til að tryggja að almenningur hafi aðgang að upplýsingum um umhverfismál. Önnur stoðin skyldar ríkin til að tryggja almenningi rétt til þátttöku í undirbúningi ákvarðana sem snerta umhverfið. Þriðja stoðin snýr að skyldu ríkja til að tryggja almenningi réttláta málsmeðferð í málum sem varða umhverfið. Ákvæði samningsins fela í sér lágmarksreglur. Þau eru almenns eðlis og gefa aðildarríkjunum talsvert svigrúm við innleiðingu þeirra. Hafa aðildarríki samningsins farið mislangt við að innleiða einstök ákvæði hans, sér í lagi það ákvæði er snýr að kæruaðild og hefur Ísland þar dregið lappir hingað til.

En hvers virði er það að undirrita alþjóðlega samninga? Mér þykir það svik að undirrita eitthvað og fara svo ekki eftir því og ég skammast mín hálfpartinn fyrir að tilheyra þessari litlu þjóð sem gæti gert svo miklu betur. Við gætum auðveldlega verið leiðandi í umhverfismálum. En græðgin spillir og dregur úr skynsamlegri framtíðarsýn.

Fyrir hverja og hvað á að halda áfram að virkja grimmt á kostnað okkar einstöku náttúru? Við eigum meira en nóg af orku fyrir okkar þarfir og gætum notað hana betur en að selja hana fyrir slikk. Mýtuna um að hér sé til endalaus forði af vistvænni orku sem gæti bjargað heiminum verður að kveða niður sem fyrst.



YKKAR SKÁL Á NÝJU ÁRI!




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 13–3273

# TÍMAMÓT



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EGILL GUÐMAR VIGFÚSSON**
**Sautjándajúnítorgi 1, Garðabæ**
**(áður Seli í Ásahreppi, Rangárvallasýslu)**

lést á blóðlækningadeild Landspítalans mánudaginn 6. janúar. Útförin fer fram frá Garðakirkju laugardaginn 18. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Landspítalann en fjölskyldan þakkar hlýhug starfsfólks á deild 11-G.

**Sigríður Guðrún Skúladóttir**
**Friðrik Egilsson**
**Fanney Egilsdóttir** **Vífill Sigurjónsson**
**Skúli Egilsson** **Zina Egilsson**
**Harpa Vífilsdóttir** **Árni Þorvarðarson**
**Vilhjálmur Egill Vífilsson** **Alexandra Einarsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar og amma,

**KRISTÍN I. EGGERTSDÓTTIR**
**Bröndukvísl 19, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi að morgni 30. desember, verður jarðsungin frá Árbæjarkirkju, föstudaginn 10. janúar kl. 11.

**Óskar Magnússon**
**Eggert Skúlason**
**Anna Huld Óskarsdóttir**
**Magnús Óskarsson**
**Hafþór Eggertsson**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRÓLFUR PÁLSSON**

lést á Landspítala, Fossvogi, fimmtudaginn 2. janúar. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju klukkan 11.00 fimmtudaginn 9. janúar. Innilegar þakkir til starfsfólks á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund og starfsfólks á deild B2 á Landspítala, Fossvogi.

**Eydís María Þórólfsdóttir**
**Dóra Kristín Þórólfsdóttir** **Sigurður Ómar Ásgrímsson**
**Inga Þórólfsdóttir** **Einar Baldvin Axelsson**
**Kristján Máni, Eva Kristín, Svanhvít Þóra,**
**María Björk, Hildur Herdís og Axel Þór**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR**
**(Lilla frá Stað, Vestmannaeyjum)**

lést þ. 3. janúar sl. á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Sigurbjörg Pétursdóttir** **Jón Markússon**
**Ágúst Pétursson** **Kolbrún Halldórsdóttir**
**Kristján Pétursson** **Þórdís Oddsdóttir**
**Elí Pétursson**
**Lára Pétursdóttir** **Bergþór Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÐUR ÁRNASON**
**dvalarheimilinu Höfða,**
**Akranesi,**

lést laugardaginn 28. desember á dvalarheimilinu Höfða. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 10. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalarheimilið Höfða.

**Sigríður Sigurjónsdóttir**
**Guðrún Þórðardóttir** **Ingileifur S. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGA-LILL MARIANNE ÓLAFSSON**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 28. desember sl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, föstudaginn 10. janúar kl. 15.00.

**Ólafur Ólafsson**
**Ásta Sólveig Ólafsdóttir** **Ágúst Kárason**
**Ingibjörg Ólafsdóttir**
**Bjarni Ólafur Ólafsson** **Margrét Sigmundsdóttir**
**Páll Ólafsson** **Sigríður Dóra Gísladóttir**
**Gunnar Alexander Ólafsson** **Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir**
**Ólafur Ólafsson** **Magnfríður S. Sigurðardóttir**



Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona og barnabarn,

**DAGNÝ ÖSP RUNÓLFSDÓTTIR**
**Bjarkarheiði 6, Hveragerði,**

verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 10. janúar kl. 14.00.

**Guðrún Hanna Guðmundsdóttir** **Runólfur Þór Jónsson**
**Hrefna Lind Heimisdóttir** **Friðjón Þórðarson**
**Una Ósk Runólfsdóttir** **Haukur Benedikt Runólfsson**
**Kristinn Hólm Runólfsson** **Berglind Kvaran Ævarsdóttir**
**Thelma Rún Runólfsdóttir** **Þráinn Ómar Jónsson**
**Valgerður Magnúsdóttir** **Guðmundur Jónsson**
**Una Runólfsdóttir** **Kristján Jónsson**



Elskuleg móðir okkar,

**UNNUR GUÐMUNDSDÓTTIR**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni sunnudaginn 5. janúar.

**Sigurþór Jóhannesson**
**Kristrún Jóhannesdóttir**



**JÓSAVIN H. AÐALSTEINSSON**
**frá Flögu, Hörgárdal,**

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ragnheiður Sigurðardóttir**



Ástkær faðir minn, afi og langafi,

**HAUKUR H. JÓNSSON**
**Víðilundi 20, Akureyri,**

lést 2. janúar. Útför hans fer fram frá Möðruvallaklausturskirkju laugardaginn 11. janúar kl. 13.30.

**Eyþór Hauksson**
**afabörn og langafabarn.**



Elskuleg systir mín og frænka okkar,

**PÁLRÚN ANTONSDÓTTIR**
**Dalbæ, Dalvík,**

lést sunnudaginn 5. janúar. Útförin fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 18. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Dalbæ, heimili aldraðra á Dalvík, njóta þess.

**Petra S. Antonsdóttir og frændsystkini.**



Útför systur minnar,

**JÓHÖNNU SIGURBJARGAR AÐALSTEINSDÓTTUR (NÖNNU)**
**áður Fellsmúla 2,**

fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN ÞORBJÖRG GÍSLADÓTTIR**
**hjúkrunarheimilinu Mörk,**
**áður Kristnibraut 51,**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk laugardaginn 4. janúar sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Auðunn Ófeigur Helgason**
**Gísli Auðunsson**
**Helgi Rúnar Auðunsson** **Sigurbjörg Pálsdóttir**
**Valgerður Ósk Auðunsdóttir** **Guðmundur Gunnarsson**
**Auður Ósk Auðunsdóttir** **Sverrir Guðjónsson**
**Hjördís Auðunsdóttir** **Lýður Geir Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**ANDRÉ BACHMANN** keyrir leið þrjú á afmælisdaginn.

## Huggulegt afmæli

### André Bachmann er 65 ára í dag.

André Bachmann, tónlistarmaður og strætóbílstjóri, er 65 ára gamall í dag. „Ég var einu sinni ungur og fallegur, nú er ég bara gullfallegur," segir André um afmælið. „Maður verður bara að sætta sig við aldurinn, það er gangur lífsins." André fer að vinna á afmælisdaginn eins og venjulega hjá Strætó og hjá Tækniskólanum. „Eftir vinnu fer ég í Breiðholtslaugina. Nuddpotturinn þar er sá besti á landinu. Um kvöldið koma börnin og barnabörnin og tengdabörnin í heimsókn og við ætlum að eiga svakalega góða stund saman. Það er alltaf gaman þegar við hittumst."

Á laugardaginn hittumst við svilar mínir og eiginkonur þeirra heima hjá mér. Við ætlum að borða og hafa það huggulegt. Ég veit ekki hvað verður í matinn, enda ræð ég engu um það. Konan mín ætlar að sjá um það. Þú getur rétt ímyndað þér hvort konan mín þekkir mig ekki eftir rúm fjörutíu ár."



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Miklaholti,**
**Stórateig 42, Mosfellsbæ,**

sem lést á Landspítalanum á nýársdag verður jarðsungin frá Dómkirkjunni mánudaginn 13. janúar klukkan 15.
Þeir sem vildu minnast hennar láti Barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins njóta þess.

**Kristín Magnúsdóttir** **Sigurjón Bragi Sigurðsson**
**Jón Magnússon** **Elín Helga Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur bróðir okkar,

**EYJÓLFUR SIGURBJÖRNSSON**
**Garðbraut 85, Garði,**

lést á hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, fimmtudaginn 26. desember.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Steinunn Sigurbjörnsdóttir**
**Friðrik Sigurbjörnsson**



Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,

**KRISTINN EÐVARÐ GUÐJÓNSSON**
**Hrafnistu í Hafnarfirði,**
**áður Tjarnarbraut 17, Hafnarfirði,**

lést sunnudaginn 5. janúar sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfiði föstudaginn 17. janúar klukkan 13.00

**Tryggvi Anton Kristinsson**
**Snorri Lorentz Kristinsson** **Anna Gréta Arngrímsdóttir**
**Reynir Kristinsson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Ingvi Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RÓSA STEFÁNSDÓTTIR**
**frá Hauganesi,**

lést á dvalarheimilinu Dalbæ 3. janúar. Útförin fer fram frá Stærra-Árskógskirkju föstudaginn 10. janúar og hefst kl. 14.00.

**Anna Soffía Haraldsdóttir** **Bragi Guðmundsson**
**Helga Níelsdóttir** **Björn Friðþjófsson**
**Rósa Kristín Níelsdóttir** **Benjamín Valgarðsson**
**Stefán Garðar Níelsson** **Hulda Marín Njálsdóttir**
**Eyrún Níelsdóttir** **Ómar Steindórsson**
**og fjölskyldur.**





# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. janúar 2014 | 1. tölublað | 9. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ KOMUM VÍÐA VIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




**ORKA NÁTTÚRUNNAR** MÆTIR TIL LEIKS

→ Viðtal við Pál Erland, framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar.

→ Félagið hefur tekið við rekstri virkjana og raforkusölu Orkuveitu Reykjavíkur.

→ Það á eignir upp á 130 milljarða króna og selur 75 þúsund heimilum og fyrirtækjum raforku.

SÍÐA 4

## Minni verðbólga í evrulöndum

Verðbólga í evrulöndunum 17 minnkaði enn í desember samkvæmt nýbirtum tölum Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Eykst því þrýstingur á seðlabanka Evrópu að auka slaka í peningastjórninni. Verðbólga fór úr 0,9 prósentum í nóvember í 0,8 prósent í desember. Peningastefna Seðlabanka Evrópu miðar við að halda verðbólgu rétt undir tveimur prósentum. Verðbólgan er þó enn yfir 0,7 prósenta metlægð októbermánaðar, en þá lækkaði seðlabankinn stýrivexti í 0,25 prósent og hafa þeir aldrei verið lægri. Á morgun er vaxtaákvörðunardagur í Evrópu og veðja flestir hagfræðingar á að stýrivöxtum verði haldið óbreyttum. - óká

## Vilja sinna ferðageiranum


UNNAR BERGÞÓRSSON

Pipar\Travel nefnist ný deild innan auglýsingastofunnar Pipar\TBWA sem veita á ferðaþjónustufyrirtækjum sérfræðiþjónustu. Verkefnastjóri Pipar\Travel, Unnar Bergþórsson, var ráðinn til starfa í fyrra en nýbúið er að hleypa þjónustunni af stokkunum. „Fram að þessu hefur hefðbundin þjónusta auglýsingastofa ekki hentað þessum geira sérlega vel, þar sem „varan" sem verið er að selja er eðlisólík annarri vöru – hún snýst um upplifanir og þjónustu," segir á vef fyrirtækisins. - óká

## Virðið jókst um 50 milljarða

Á síðasta ári bar Icelandair höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki í Kauphöllinni þegar horft er til hækkunar markaðsvirðis, að því er fram kemur í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka. „Hækkun á árinu nam 121 prósenti og hækkaði markaðsvirði félagsins um rétt tæplega 50 milljarða króna," segir þar. Þá er bent á að markaðsvirði Icelandair hafi verið 41 milljarður í byrjun árs 2013, en verið komið í 91 milljarð í lok árs og 96 milljarða í byrjun þessarar viku. Markaðsvirði Marels hafi hins vegar verið 106 milljarðar í byrjun árs en verið komið í 98 milljarða í lok árs. Núna er það rúmlega 101 milljarður. „Icelandair stefnir því hraðbyri í að verða stærsta félagið á innlenda hlutabréfamarkaðinum," segir í umfjöllun Greiningar. - óká




## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**8** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**2** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**4** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

ICELANDAIR
5,5% frá áramótum

ICELANDAIR
5,5% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

N1
-1,1% frá áramótum

N1
1,1% í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 153,00 | 0,0% | 0,0% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | 0,0% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 130,00 | 0,0% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 262,00 | 1,0% | 1,0% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 28,40 | 4,2% | 4,2% |
| Hagar | 40,00 | 4,2% | 4,2% |
| Icelandair Group | 19,20 | 5,5% | 5,5% |
| Marel | 136,00 | 2,3% | 2,3% |
| N1 | 18,65 | -1,3% | -1,3% |
| Nýherji | 3,65 | 0,0% | 0,0% |
| Reginn | 15,55 | 1,3% | 1,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 31,90 | -0,5% | -0,5% |
| Vátryggingafélag Íslands | 10,80 | 0,1% | 0,1% |
| Össur | 231,00 | 0,9% | 0,9% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.303,07 | 3,5% | 3,5% |

**First North Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 13,25 | 0,0% | 0,0% |
| HB Grandi | 22,00 | 0,0% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Fimmtudagur 9. janúar**
- ÍMARK spáin 2014
- Gistinætur á hótelum í nóvember 2013
- Efnahagslegar skammtímatölur í janúar 2014

**Föstudagur 10. janúar**
- Hagar – Uppgjör 3. ársfjórðungs
- Skattadagur Deloitte

**Þriðjudagur 14. janúar**
- Atvinnuleysi í desember 2013

**Miðvikudagur 15. janúar**
- Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni og peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs – stöðutölur í nóvember 2013.

**Fimmtudagur 16. janúar**
- Fiskafli í desember 2013

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Semja við stærsta eignastýringarfyrirtæki heims:

# VÍB í samstarf við BlackRock

Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, VÍB, hefur undirritað samstarfssamning við BlackRock, stærsta eignastýringaraðila heims.

BlackRock er með um 3.800 milljarða Bandaríkjadala í stýringu og starfsemi í 30 löndum. Starfsmenn BlackRock eru yfir tíu þúsund talsins og margir af stærstu lífeyrissjóðum og tryggingafélögum heims nýta eignastýringarþjónustu BlackRock.

Í tilkynningu frá Íslandsbanka er haft eftir Stefáni Sigurðssyni, framkvæmdastjóra VÍB, þar sem hann segist mjög stoltur af því að BlackRock hafi valið þau til samstarfs á Íslandi.

„Samkvæmt könnun Capacent myndu flestir velja að leita til VÍB og Íslandsbanka eftir eignastýringarþjónustu eða 31% og er samstarfið við BlackRock liður í því að halda áfram að vera leiðandi í þjónustu til viðskiptavina. Við vonum svo sannarlega að þess sé ekki langt að bíða að íslenskir sparifjáreigendur og fagfjárfestar geti nýtt sér þjónustu BlackRock og VÍB erlendis í auknum mæli,“ segir Stefán í tilkynningunni.

Vegna fjármagnshafta gefst einungis viðskiptavinum sem eiga erlendar eignir eða hafa heimild til endurfjárfestingar í erlendum verðbréfum kostur á að fjárfesta í vörum BlackRock. - fbj



**ÍSLANDSBANKI** Samstarfið er liður í stefnu VÍB að bjóða viðskiptavinum sterkt vöru- og þjónustuframboð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Krónan er óvenju sterk í ársbyrjun

Gengið er talsvert lægra en það var á sama tíma í fyrra. Greiningardeild Íslandsbanka segir þróunina jákvæða fyrir nýja gjaldeyrisstefnu Seðlabankans sem hefur verið samkvæmur stefnunni bæði í kaupum og sölu síðan hún var kynnt í maí.

**EFNAHAGSMÁL**
**Fanney Birna Jónsdóttir** | fanney@frettabladid.is

Gengi íslensku krónunnar í ársbyrjun er umtalsvert lægra en á sama tíma í fyrra. Þá er verðbólguþrýstingur minni um þessar mundir. Þetta kemur fram í morgunkorni Íslandsbanka. Þróunin eykur trú á getu Seðlabankans til að halda gengissveiflum í skefjum, auk þess sem bankinn hefur náð að afla sér töluverðs gjaldeyris síðustu mánuði. Þá hefur þróunin dregið úr verðbólguvæntingum.

Gengisþróun krónunnar hefur verið ólík í vetur því sem var árin á undan. Frá nóvemberbyrjun 2013 hefur krónan styrkst um ríflega fjögur prósent gagnvart körfu helstu gjaldmiðla og hefur hún ekki verið sterkari á þennan mælikvarða síðan í maí síðastliðnum.

Íslandsbanki nefnir ýmsar ástæður fyrir þessari þróun, afborganir erlendra lána fyrirtækja og opinberra aðila eru talsvert smærri í sniðum þennan veturinn en áður. Þá hefur gjaldeyrisstaða Landsbankans breyst mikið og endurspeglast sterk lausafjárstaða bankans í gjaldeyri, meðal annars í 50 milljarða króna fyrirframgreiðslu hans inn á skuldabréf gagnvart þrotabúi gamla Landsbankans. Að auki hefur gjaldeyrisinnflæði vegna ferðamanna og vöruviðskipta aukist milli ára og ferðamannastraumur utan háannatíma hefur vaxið umtalsvert.



**GENGISÞRÓUN** krónunnar hefur í vetur verið ólík því sem verið hefur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þróunin hefur verið jákvæð fyrir stefnu Seðlabankans varðandi gjaldeyrisviðskipti á markaði sem kynnt var síðastliðið vor, þar sem bankinn hagar kaupum og sölu á markaði í samræmi við markmið um að lágmarka gengissveiflur. Frá því Seðlabankinn kynnti nýja gjaldeyrisstefnu í maí síðastliðnum hefur dregið talsvert úr gengissveiflum, hvort sem litið er á daglegar gengisbreytingar eða hreyfingar milli mánaða, þó fleira komi þar til.

Í morgunkorninu segir að stundum hafi verið haft á orði að afskipti Seðlabankans af gjaldeyrismarkaði væru ósamhverf á þá leið að hann væri fljótari til að selja gjaldeyri úr forða sínum þegar krónan veiktist en svifaseinni við gjaldeyriskaup þegar krónan væri í styrkingarfasa. Gjaldeyriskaup síðustu mánaða sýna þó að gjaldeyrisstefnunni er framfylgt bæði þegar kemur að kaupum og sölu. Það er mikilvægt þar sem það myndi reynast skammgóður vermir að nota skuldsettan gjaldeyrisforðann til þess að halda aftur af gengisveikingu, án þess að gjaldeyris væri aflað í forðann að nýju þegar betur stendur á.






HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára


Tæknifyrirtækið Facebook hagnast gríðarlega á auglýsingum í snjalltækjum:

# Snjalltækjatekjur hjá Facebook

Tekjur tæknifyrirtækisins Facebook af auglýsingum í snjalltækjum jukust um 429 prósent á þriðja ársfjórðungi 2013, samanborið við sama fjórðung ársins 2012.

Fyrirtækið byrjaði illa á hlutabréfamarkaði í maí 2012 en blaðinu hefur verið snúið við og síðan verð hlutabréfa þess náði lágmarki árið 2012 hefur það hækkað aftur um 208 prósent.

Greinendur reikna með að Facebook tilkynni á næstunni um að heildartekjur fyrirtækisins hafi aukist um meira en fjörutíu prósent milli ára. Þannig koma um þrír milljarðar Bandaríkjadala af tekjum fyrirtækisins, eða ríflega þriðjungur, frá auglýsingum í gegnum snjallsíma.

Árið 2012 hóf fyrirtækið að selja fleiri auglýsingar í fréttadálk síðunnar „News feed“, sem staðsett er fyrir miðju skjásins þar sem uppfærslurnar birtast og um 1,2 milljarður notenda Facebook eyðir tíma sínum. - fbj



**MARK ZUCKERBERG** Stofnandi og framkvæmdastjóri Facebook. MYND/AFP



# Allt í steik!

Verð aðeins
7.390 kr.
Næg bílastæði

## 4ja rétta seðill

**PARMASKINKA**
me klettasalati, stökkum parmissankúlum og kryddjurtamajónesi

**HUMARSÚPA**
rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU ÞÉR AÐALRÉTT

**FISKUR DAGSINS**
ferskasti fiskurinn hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar

*eða*

**NAUTALUND**
með lauk, hvítlauksconfit, graskeri, smælki og piparsósu

*eða*

**LAMBAHRYGGUR**
með kartöfluflani, gulbeðumauki, grænkáli, perlulauk og soðgljáa

VELDU ÞÉR EFTIRRÉTT

**KARAMARMELAÐ HVÍTSÚKKULAÐIFRAUÐ**
með músli „ muffins", eplasellery chutney og limejógúrtís

## Vissir þú?

Að uppskriftin af humarsúpu Perlunnar kemur frá belgíska matreiðslumeistaranum Pierre Romeyer. Hann er af jafningjum talinn vera einn besti matreiðslumaður síðustu aldar. Hann gaf aldrei út matreiðslu-bók en hann gaf Perlunni allar sínar uppskriftir!

## Erfidrykkjur

Perlan býður upp á þjónustu við erfidrykkjur í fallegu og notarlegu umhverfi.

Gjafabréf Perlunnar
Góð gjöf við öll tækifæri!







Veitingahúsið Perlan
S: 562 0200 · Fax: 562 0207
perlan@perlan.is
www.perlan.is

PERLAN



**Á HELLISHEIÐI** Jarðvarmi úr um fimmtíu borholum er nýttur til framleiðslu á rafmagni í Hellisheiðarvirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sér um virkjan

***Orka náttúrunnar, nýtt opinbert hlutafélag í eig móðurfélagsins. Félagið á eignir upp á 130 millja leiðir hitaveituvatn. Páll Erland, framkvæmdast***

**VIÐTAL**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Orka náttúrunnar (ON) er nýtt opinbert hlutafélag í eigu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sem hefur tekið við rekstri virkjana og raforkusölu móðurfélagsins. Hlutafélagið var stofnað til að uppfylla ákvæði raforkulaga sem tóku gildi um síðustu áramót og skylda orkufyrirtækin til að skilja samkeppnishluta sinn frá sérleyfishlutanum. Félagið er næststærsti raforkuframleiðandi landsins, á eftir Landsvirkjun, og Páll Erland, framkvæmdastjóri ON, mun sjá um að stýra skútunni.

**Með eignir upp á 130 milljarða**

„Þetta er nýtt félag á raforkumarkaði sem er að koma fram undir eigin merkjum með það hlutverk að framleiða og selja raforku. Fyrirtækið byggir á traustum grunni og margra ára reynslu og er nú í samræmi við kröfur um aðskilnað orðið sjálfstætt fyrirtæki sem sinnir samkeppnisþáttum eingöngu,“ segir Páll.

ON sér nú um rekstur jarðvarmavirkjananna á Hellisheiði og Nesjavöllum og vatnsaflsvirkjananna Andakílsárvirkjunar og Elliðaárstöðvar. Rekstur félagsins mun að sögn Páls skila um 15 milljörðum króna í tekjur á ári og það á eignir upp á 130 milljarða.

„ON er það rafmagnssölufyrirtæki sem hefur flesta viðskiptavini en um 75 þúsund heimili og fyrirtæki um allt land eru í viðskiptum hjá okkur. Svo framleiðum við um helming þess hitaveituvatns sem er notað á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Páll. Hann undirstrikar að veituþjónusta OR, það er vatnsveita, hitaveita, fráveita og dreifing rafmagns, verður áfram rekin undir merki móðurfélagsins.

Um sextíu manns starfa hjá ON í höfuðstöðvum OR. Félagið hefur að sögn Páls náð að lágmarka rekstrarkostnað með samnýtingu á stoðþjónustu móðurfélagsins, til dæmis með því að nota bókhalds- og tölvukerfi OR.

„Við höfum unnið að því að þessi breyting skapi sem minnst óhagræði fyrir viðskiptavini okkar og þeir þurfa í raun ekkert að gera til þess að halda áfram að nota þjónustuna. Við ætlum til dæmis að senda áfram út orkureikninga sameiginlega með OR til að forðast aukinn innheimtukostnað.“

**Langur aðdragandi**

Stofnun ON átti sér langan aðdraganda og var frestað fjórum sinnum á jafn mörgum árum. Þar var helst um að kenna slæmri skuldastöðu OR.

„Samkeppnin á raforkumarkaðinum hófst í rauninni árið 2005 og á þeim tíma þurfti að aðgreina sérleyfis- og samkeppnisþættina bókhaldslega. Árið 2008 var ákveðið að gera kröfu um fyrirtækjauppskiptingu og hún hefur verið í undirbúningi í nokkur ár og tók gildi um áramótin,“ segir Páll og heldur áfram: „Frá því að raforkumarkaðurinn opnaðist hafa viðskiptavinir okkar að stærstum hluta komið af höfuðborgarsvæðinu en í sífellt auknum mæli af öllu landinu. Stærstu einstöku viðskiptavinir okkar eru á Austurlandi og Vesturlandi og þar má nefna Síldarvinnsluna og Norðurál á Grundartanga.“

**Gera upp í Bandaríkjadollurum**

OR skuldar um 210 milljarða króna og hefur undanfarin ár staðið í umfangsmiklum hagræðingaraðgerðum. Tekjur nýja félagsins af raforkusölu eru að stórum hluta í dollurum, og lánin í erlendum gjaldeyri, og því er stefnt að því að ON verði gert upp í Bandaríkjadollurum.

„Orkuveitan er búin að vera að leita leiða til að ná stöðugleika og lágmarka áhættu og þetta er ein leið til þess og ætlunin er að sækja um heimild til þess á vormánuðum,“ segir Páll.

Spurður um hvar skuldir ON enduðu við uppskiptinguna segir Páll að efnahagsreikningur félagsins sé myndaður með yfirfærslu eigna og skulda við móðurfélagið sem nemur þeim lánum sem tilheyra rekstri ON.

„Þær skuldir sem tilheyra eignum Orku náttúrunnar hvíla á henni, og hún greiðir þá móðurfélaginu.“

**Næstu skref**

Páll segir verkefni næstu mánaða snúast um að hasla félaginu völl á raforkumarkaði og kynningu á nýja vörumerkinu.

„Síðan ætlum við að veita viðskiptavinum okkar enn betri þjónustu og gera það með góðri viðskiptastýringu til stærri fyrirtækja og aukinni sjálfsafgreiðslu.

## NÝTIR JARÐVARMAORKU ÚR HENGILSSVÆÐINU



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Orka náttúrunnar hefur meðal annars tekið við rekstri Nesjavallavirkjunar sem var gangsett 29. september 1990. Virkjunin, sem nýtir jarðvarmaorku úr Hengilssvæðinu, framleiðir 120 megavött af rafmagni og þrjú hundruð megavött í varmaorku (heitt vatn). Á Nesjavöllum hafa verið boraðar 25 holur, eitt þúsund til 2.200 metra djúpar. Hitastig í þeim hefur mælst allt að 380 gráður á Celsíus, að því er fram kemur á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur. Þar segir einnig að meðalhola búi yfir sextíu megavatta orku sem nægir til hitaveitu fyrir 7.500 manns.


## Aðalfundur Viðskiptaráðs 2014

Miðvikudaginn 12. febrúar kl. 11 á Hilton hótel Nordica

Fulltrúum allra aðildarfélaga Viðskiptaráðs Íslands er heimilt að sækja fundinn. Frestur til að koma að lagabreytingatillögum er þremur vikum fyrir auglýstan fund og skulu berast stjórn ráðsins. Dagskrá aðalfundar er samkvæmt 9. grein laga ráðsins:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar bornir upp til samþykktar.
3. Úrslit formanns- og stjórnarkjörs tilkynnt.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning kjörnefndar.
6. Tekju- og gjaldaáætlun kynnt og árgjöld ákvörðuð.
7. Önnur mál.

*Nánari upplýsingar um fundinn, stjórnarkjör og atkvæðagreiðslu má finna á vef Viðskiptaráðs: www.vi.is*

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GLÆSTIR VÍNARTÓNLEIKAR

**Hinir árlegu Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fara fram í Eldborgarsal Hörpu annað kvöld kl. 19.30. Tónleikarnir verða endurteknir föstudag og laugardag. Glæsileikinn svífur yfir vötnum og það er Peter Guth sem stjórnar hljómsveitinni en Hanna Dóra Sturludóttir og Gissur Páll Gissurarson syngja einsöng.**

# NÝJASTA LAUSNIN GEGN AUKAKÍLÓUM

**BALSAM KYNNIR** *GARCINIA CAMBOGIA 100% náttúrulegt fæðubótarefni. Tilvalið fyrir alla sem vilja borða minna í hverri máltíð, ná stjórn á mauli milli mála, sykuráti, kvöldsnarli, losna við aukakílóin og upplifa vellíðan í eigin skinni.*

Fæðubótarefnið er unnið úr ávextinum GARCINIA CAMBOGIA sem finnst í Suðaustur-Asíu. Ávöxturinn hefur verið notaður í mörg hundruð ár, bæði sem almenn fæða og sem lækningalyf. Virkni ávaxtarins má rekja til efnisins HCA eða hýdroxísýru sem hindrar fitubyggingu, minnkar matarþörf, býr til seddutilfinningu, jafnar blóðsykur og eykur serótóninframleiðslu sem stuðlar að jafnaðargeði, eykur vellíðan og minnkar stress.



**Rannsóknir** hafa sýnt að Garcinia Cambogia stóreykur þyngdartap, dregur úr matarþörf og bætir líðan.

## RÁÐLÖGÐ NOTKUN

Taktu 2 hylki af GARCINIA CAMBOGIA með vatnsglasi um 30-60 mínútum fyrir aðalmáltíð eða taktu 2 hylki stuttu eftir aðalmáltíð. Dagsskammtur er 2-6 grænmetishylki.




**GARCINIA CAMBOGIA**
Virkar einnig mjög vel með Green Coffee-fæðubótarefni.



**VINSÆLASTA FÆÐUBÓTAREFNIÐ Á HEIMKAUP FRÁ UPPHAFI** GARCINIA CAMBOGIA er þegar orðið eitt allra vinsælasta fæðubótarefni í heiminum og er nú m.a. fáanlegt í heilsuhillum Hagkaups, Heilsuvers, Fjarðarkaupa, Lyfsalanum Glæsibæ og Heimkaup (frí heimsending).

**BETRI DAGUR** Þórdís Lilja Bergs hefur notað Garcinia Cambogia í tvo mánuði og árangurinn leynir sér ekki. Hún sá umfjöllun í heilsuþættinum Dr. OZ. og kynnti sér ávöxtinn ítarlega á netinu í kjölfarið. „Ég borða mun minni skammta og er hætt öllu kvöldsnarli. Mér líður einfaldlega miklu betur."


















ÚTSALAN ER HAFIN

30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum




belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is




**MIKILVÆGIR** „Samfélagsmiðlar eru nútíðin og framtíðin," segir Súsanna Rós Westlund hjá ferðaþjónustunni Iceland is HOT. MYND/GVA

# SAMFÉLAGSMIÐLAR FJÖLGA FERÐAMÖNNUM

**FERÐAÞJÓNUSTA** *Mörg lítil fyrirtæki í ferðaþjónustu nýta samfélagsmiðla með góðum árangri. Erlendum ferðamönnum fjölgar í kjölfarið.*

Ferðaþjónusta í alþjóðlegu umhverfi er ekki auðveldasta starfsumhverfið sem lítil íslensk fyrirtæki kjósa sér. Mörg þeirra hafa þó náð ágætum árangri, ekki síst með nýtingu samfélagsmiðla til að kynna þjónustu sína erlendis. Eitt þeirra er ferðaskrifstofan Iceland is HOT sem einbeitir sér að erlendum ljósmyndarahópum sem koma til landsins. Framkvæmdastjóri þess, Súsanna Rós Westlund, stofnaði ferðaskrifstofuna með tvær hendur tómar eftir að hafa misst starf sitt árið 2011. „Ég hafði lengi unnið í ferðaþjónustu og aflað mér góðra tengsla. Ferðaþjónustan er snúin, sérstaklega þegar fjármagnið er af skornum skammti, en ég sló samt til."

Súsanna segir vel hafa gengið að vekja athygli á fyrirtækinu erlendis innan þeirra hópa sem hún stílar inn á. „Ég hef til dæmis nýtt Twitter og LinkedIn mikið. Á Twitter hef ég tvær áskriftir, annars vegar @IcelandisHot og hins vegar @CometoIceland og er með um 15.000 fylgjendur. Þegar ég er dugleg á Twitter sé ég hvernig heimsóknir aukast á vef fyrirtækisins og gestir dvelja þar lengur."

En þótt Twitter hafi gengið vel segir hún LinkedIn hafa reynst henni enn betur. „Linkedin er alþjóðlegur samfélagsvefur þar sem fagaðilar ýmissa greina birta grunnupplýsingar sínar, reynslu og tengsl. Þar hef ég tengst um 4.000 einstaklingum sem starfa á einn eða annan hátt í ferðaþjónustu og sölu- og markaðsmálum í heimalandi sínu. Þessi tengsl hafa leitt til samninga um ýmis verkefni fyrir okkur."

Súsanna Rós segir mikla vakningu hafa orðið undanfarið hjá fyrirtækjum í nýtingu samfélagsmiðla. „Flestir nota Facebook, Twitter, YouTube, Instagram og Pinterest. Þó eru enn nokkrir sem telja þá tímaeyðslu. Það finnst mér vera rangt viðhorf því samfélagsmiðlar eru nútíðin og framtíðin. Þeim fyrirtækjum, sem tileinka sér samfélagsmiðlana fljótt, mun ganga betur í samkeppninni."

# FÆRRI FERÐAMENN TIL NOREGS

*Á meðan ferðamönnum sem koma til Íslands fjölgar stöðugt kvarta Norðmenn um fækkun ferðamanna til landsins. Búist er við óbreyttu ástandi 2014.*

Þannig upplifði norska ferðaþjónustan um eitt prósent færri ferðamenn á síðasta ári miðað við árið á undan. Búist er við að svipað ástand verði á þessu ári.

Bæði var um fækkun innfæddra og útlendra ferðamanna að ræða miðað við gistinætur. Þannig virðast Norðmenn sjálfir hafa ferðast minna um eigið land á síðasta ári. Það er netmiðill VG sem segir frá þessu og hefur eftir Per-Arne Tuftin, forstöðumanni ferðamála, að ástæðurnar megi rekja til þess hversu norska krónan er sterk og efnahagslegra vandamála í löndunum í kring.

Mest fækkaði ferðamönnum frá Þýskalandi og Hollandi en þeir hafa verið duglegastir útlendra þjóða að heimsækja landið. Um 14% fækkun ferðamanna er að ræða frá þessum löndum. Einnig hefur ferðamönnum frá nágrannaríkjunum Danmörku og Svíþjóð fækkað mikið.

Hið jákvæða er að fjölgun hefur orðið á ferðamönnum frá Kína.



**ÓSLÓ** Færri komu til Noregs á síðasta ári en árið þar á undan. Sterk norsk króna er talin ástæðan.





Póst dreifing

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Séð og heyrt

Póstdreifing býður upp á fjölbreytta og örugga dreifingu á blöðum og tímaritum. Við komum sendingunni í réttar hendur. *Örugglega til þín.*

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

MUNDU EFTIR AÐ FINNA

# BESTA VERÐIÐ

ÁÐUR EN ÞÚ KAUPIR DEKK!

# Er bíllinn tilbúinn fyrir veturinn?




## Fólksbíladekk

Bjóðum fjölda tegunda af vetrar og heilsársdekkjum fyrir fólksbíla á frábæru verði.



## Jeppadekk

Bjóðum fjölda tegunda af vetrar og heilsársdekkjum fyrir jeppa á frábæru verði.



**SMURÞJÓNUSTA**

20% AFSLÁTTUR AF VINNU




**RAFGEYMAR**

TILBOÐ




**BREMSUKLOSSAR**

20% AFSLÁTTUR AF VINNU




TOYO TIRES
driven to perform

ÖRYGGI ALLAN HRINGINN
TOYO TIRES driven to perform



**Harðskeljadekk á frábæru verði**

Toyo harðskeljadekk hafa sannað sig við íslenskar aðstæður.

SAILUN TIRES | HERCULES TIRES | TOYO TIRES Harðskeljadekk | IRONMAN TIRES

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Toyota Land Cruiser 150 GX 7 manna. Sjálfskiptur. Búinn í 45þús km skoðun. Húdd og gluggahlífar. Ásett verð 8.990.000.- Rnr.285822.



Kia Sorento III Ex Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.286048.



Toyota Land Cruiser 120 Gx Diesel 4/2007 ek.122þús. Sjálfskiptur. Ný dekk. 1 eigandi. Búið að skipta um spíssa. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.310333.



Toyota Hilux Double Cab D/C 4/2007 ek.112þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.104228.



Honda Civic 1.8l LS 3/2006 ek.56þús. Sjálfskiptur. NÝ vetrardekk. Ásett verð 1.590.000.- Rnr.310674.

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



CHEVROLET Cruze. Árgerð 2014, nýr bíll ekinn 0 .KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.150.000. skoðar skipti á ódýrari Rnr.105666.



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2002, ekinn 130 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 790.000. Rnr.230672.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

bílaplan.is



**NÝR BÍLL DIESEL**

AUDI A6 2.O TDi ÁRG. 2013 ek. 700km, sjálfskiptur, leður ofl ofl. einn með öllu, hlaðinn búnaði, tilboðsverð 8990 þús Rnr 106751 gsm 893-9500



**ÚTSALA 4WD DIESEL**

KIA SORENTO EX 4WD 2.2 TD árg. 2013 ek. 26 þkm, Sjálfskiptur, 4WD diesel tilboðsverð nú 5990 þús Rnr 146988 gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSSALA ÚTSALA**

KIA SPORTAGE EX 4WD DIESEL árg. 2013 ek. 42 Þkm. Sjálfskiptur, 6 ára ábyrgð,listaverð 5790 þús, tilboðsverð 4990 þús !!! Rnr 146961 gsm 8939500



**ÚTSALA SPARIBAUKUR**

HYUNDAI i10 árg. 2011 ek. 53 Þkm. 5 gíra sparibaukur, áhvílandi 990 þús, tilboðsverð 990 þús Rnr 221371 gsm 8939500



**ÚTSALA FJÖLSKYLDUBÍLL**

CHEVROLETT LASETTI STATION árg. 2011 ek. 72 Þkm. 5 gíra, áhvílandi 1350 þús, tilboðsverð 1390 Þús Rnr 221361 gsm 8939500



**BESTA VERÐ Á LANDINU**

MMC PAJERO TDI 3,2 INSTYLE árg. 2013 ek. 21 þkm. „einn með öllu" frábært tilboðsverð 8490 þús Rnr 146975 gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA**

SKODA OCTAVIA árg. 2006 ek. 157 þkm Sjálfskiptur, krókur, álfelgur og ný vetrardekk ofl. möguleiki á 100% vísaláni, tilboðsverð nú 799 Þús Rnr 147178 gsm 893-9500

bílaplan.is



**FRÁBÆRT VERÐ !!!**

TOYOTA AURIS árg 2012 ek. 47 Þkm. 5 gíra, áhvílandi 1950 þús, tilboðsverð 2290 þús Rnr 146981 gsm 893-9500



**ÚTSALA ÚTSALA 4WD FJÖLSKYLDUBÍLL**

SUBARU FORESTER árg. 2007 ek. 95 Þkm, Sjálfskiptur, krókur, álfelgur, sumar og vetrardekk á felgum, ný tímareim, frábært eintak, tilboðsverð 1590 þús Rnr 147188 gsm 893-9500

**Bílaplan.is**
**Við Breiðhöfða, 110 Reykjavík**
**Sími: 552 6000**
**www.bilaplan.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



**STÓR ÚTSALA POLARIS**

POLARIS SWITCHBACK 800 DRAGON nýskráður 04/2012 ek. 650 km, 144" nýtt belti, 50mm skóflur, brúsafestingar, grind frá Micró Hafnarfirði, Power Pro skíði, 3 töskur, handhlífar, keyptur nýr hjá Stormi/ Polaris 2012 og er í ábyrgð, algjörlega sem nýr, tilboðsverð 1290 þús, möguleiki á 80% láni, Rnr. 147181 gsm 8939500

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



CHEVROLET Cruze. Árgerð 2013, ekinn 14 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.210264.



MERCEDES BENZ E 300 cdi. Árgerð 2010, ekinn 139 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.990612.



KIA Ceed h/b lx 1.6 disel beinsk.. Árgerð 2012, ekinn 40 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.550.000. Rnr.160745.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

bíll.is
bestir í bílum...



**FRÁBÆR FJÖLSKYLDUBÍLL FYRIR VESKIÐ**

VW GOLF TDI BLUEMOTION árg. 2013 ek. 33 þkm, 5 gíra, Diesel, sparibaukur, möguleiki á láni 2600 þús, tilboðsverð 3190 þús Rnr. 106755 gsm 893-9500

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

567 2277 NÝJA www.nyja.is
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



NISSAN Note tekna . Árgerð 2008, ekinn aðeins 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.ein eigandi Rnr.113597.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



Skoda Oktavia sjálfsk. Dísel 2006 ek. 102þ. Reyklaus. crus k. Ný reim, dekk ál og stálf. Smurbók v. 1840þ. S. 899 9096.

Seldur.is

VILTU SELJA BÍLINN Í DAG? Sendu okkur upplýsingar í gegnum seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð!!



Mjög vel með farinn og nýskoðaður Ford Fokus 1600 beinskiptur 5 gíra, næstum árgerð 2000. 28.12.99. Eyðslugrannur.Ekinn 159.000 Er í mjög góðu standi og fallegur bíll. Dökkblár að lit ,lakk mjög gott, er á heilsársdekkjum frá því í fyrra. Uppl. Björn s: 7779110 VERÐ 450.000.

Til sölu svartur Nissan Murano jeppi ameríku týpa. Árg. 2007. Aðeins ek. 20þús mílur. En þarfnast smá lagfæringa. Uppl. í S. 6474005.

## 250-499 þús.



**RÚMGÓÐUR SPARIBAUKUR 320 ÞÚS!**

DAIHATSU GRAND MOVE WAGON CX 1,6 árg'2000 ek.169 þús, beinskiptur, skoðaður, sumar og vetrardekk, vel með farinn bíll sem er mjög rúmgóður og eyðir litlu verð 320 þús möguleiki á 100% visa s.841 8955



**ÚTSALA 290 ÞÚS!**

Citroen Xsara Picasso 1,8 árg'00 skoðaður 14, beinskiptur, mjög rúmgóður bíll sem eyðir litlu, verð áður 480 þús LÆKKAÐ TILBOÐSVERÐ 290 ÞÚS möguleiki á 100% vis/euro s.841 8955



**EINSTAKT EINTAK 450Þ STGR**

Peugeot 206 3dyra 1.4 árg 03" 5 gíra ekinn aðeins 99þkm! skipt um tímareim,bremsur- kúpplingu ofl í 95þkm! nagla og sumardekk reyklaus bíll sem eyðir 7l uppls 666-0675

Opel astra 1.2 árg. ,03 ek. 80þús ný heilsársdekk, beinsk. Verð 490þús Uppl. í s. 698 0763

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

Öryrki óskar eftir bíl á númerum. Helst gefins eða á verðbilinu 0-100þús. Uppl. í S. 6474005.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**

Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com



# nirnar og raforkusölu

*u Orkuveitu Reykjavíkur, hefur tekið við rekstri virkjana og raforkusölu arða króna, selur 75 þúsund heimilum og fyrirtækjum raforku og framjóri ON, væntir þess að orkunotkun aukist á næstu misserum.*




**Í BRÚNNI** Páll Erland hefur starfað hjá Orkuveitu Reykjavíkur frá árinu 2001, síðast sem framkvæmdastjóri virkjana- og sölusviðs, undanfara Orku náttúrunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.

Við höfum einnig verið að nýta samfélagsmiðlana í vaxandi mæli og það er hluti af okkar markaðsáætlunum að gera það enn frekar eftir því sem tæknin leyfir," segir Páll og bætir því við að fyrirtækið sé einnig að þróa öpp sem eiga að nýtast viðskiptavinum.

„Markaðurinn hefur í stórum dráttum verið tiltölulega rólegur í þessari stöðnun síðustu ára en við væntum aukinnar orkunotkunar eftir því sem fólki og fyrirtækjum fjölgar. Síðan er auðvitað tækifæri í að laða að nýja stórnotendur, hvort sem þeir eru erlendir eða innlendir, en það er langhlaup sem sagan sýnir að er ekkert í hendi. Síðan bindum við væntingar við rafvæðingu samgangna sem við vonum að stækki markaðinn á næstu árum og viljum gjarnan stuðla að þeirri þróun eftir því sem hægt er," segir Páll.



**Á TÖKUSTAÐ** Ísland hefur verið vinsæll tökustaður hjá erlendum kvikmynda- og sjónvarpsframleiðendum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Kynna áfram tuttugu prósenta endurgreiðslu:

## Íslandsstofa áfram með Film in Iceland

„Tuttugu prósenta endurgreiðsla þykir ekki mikið í samanburði við mörg önnur lönd en lögin skipta hins vegar gríðarlega miklu máli fyrir þennan iðnað því við erum í mjög harðri samkeppni við lönd eins og Bandaríkin, Kanada og Nýja-Sjáland," segir Einar Hansen Tómasson, verkefnisstjóri hjá Íslandsstofu.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og Jón Ásbergsson, framkvæmdastjóri Íslandsstofu, undirrituðu á mánudag samning um að stofnunin sjái áfram um verkefnið Film in Iceland. Íslandsstofa mun því halda áfram að kynna Ísland sem ákjósanlegan tökustað fyrir erlendum kvikmynda- og sjónvarpsframleiðendum og lög um tuttugu prósenta endurgreiðslu af framleiðslukostnaði vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Samningurinn gildir til þriggja ára, eða út gildistíma laganna.

Spurður um hvernig endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar sé háttað í okkar helstu samkeppnislöndum, það er löndum sem bjóða upp á svipaða tökustaði og finna má hér, segir Einar að það sé allur gangur á því en að Kanadabúar endurgreiði allt að 44 prósent.

„Það land sem er líkast Íslandi er Nýja-Sjáland, þótt það sé hinum megin á hnettinum. Nýja-Sjáland er líka með tuttugu prósent en þeirra kerfi býður upp á enn meiri endurgreiðslu við vissar aðstæður. Það er einnig hægt að finna sumt af því sem er leitað að hér í Bandaríkjunum en þá þarf að ferðast meira til að ná ólíkum stöðum. Mörgum framleiðendum sem hingað koma finnst það hins vegar kostur hversu einfalt og þægilegt endurgreiðslukerfið okkar er," segir Einar. - hg




Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörnin gerir þér kleift að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mýkt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN VOLVO XC60 Í BRIMBORG Í DAG. OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. $CO_2$ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Einelti eða samskiptavandi?

SKOÐUN
Hildur Jakobína Gísladóttir, MBA, ráðgjafi hjá Heilbrigðum stjórnarháttum ehf.



Einelti á vinnustöðum er ein tegund ofbeldis. Skv. skilgreiningu í reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustað nr. 1000/2004, er einelti ámælisverð hegðun sem er síendurtekin og til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Hér er ekki átt við skoðanaágreining eða hagsmunaárekstur sem kann að rísa á vinnustað á milli stjórnanda eða starfsmanns, eða tveggja eða fleiri starfsmanna enda sé skoðanaágreiningur eða hagsmunaárekstur hvorki viðvarandi eða endurtekinn kerfisbundið. En hvenær verður maður fyrir einelti af hálfu samstarfsmanns?

Hér skiptir máli að skoða hvaða ásetningur liggur á bak við hegðun viðkomandi. Er stjórnandinn að reyna að stýra með kolrangri stjórnunaraðferð (vegna eigin óöryggis) sem hann sjálfur telur að muni virka til góðs eða er hann meðvitað að nota stýringu á starfsmenn til að uppfylla einhverjar persónulegar hvatir eða að reyna að tryggja eigin hagsmuni. Í þessu samhengi þarf að skoða hegðunarmynstur viðkomandi og kanna fortíð hans sem stjórnanda. Eru fleiri sem hafa lent í viðkomandi og haldið því fram að hegðun hans sé ofbeldishegðun eins og einelti eða er um einangrað tilvik að ræða? Saga vinnustaðarins hefur líka mikið að segja um menninguna sem þar ræður ríkjum.

### Skil á milli

Margar ástæður geta legið að baki eineltishegðun. Stendur yfirmanninum eða samstarfsmanni ógn af þér? Er hann hræddur um stöðu sína, þ.e. að þú munir koma til með að taka hans sess? Er hann hræddur um að þú verðir of vinsæll á vinnustaðnum? Vinsælli en hann sjálfur? Heldur hann upplýsingum frá þér? Lætur hann þig fá of mikið af verkefnum til að vera fullviss um að vinnuálagið verði of mikið og að þú náir ekki að klára verkefnin með fullnægjandi hætti? Passar hann sig á að hrósa þér aldrei? Þiggur hann sjálfur hrós fyrir störf þín? Gerir hann lítið úr þér fyrir framan aðra? Er hann að „splitta“ á vinnustaðnum eða bera út rógburð eða ýta undir að gjá myndist í vinnufélagahópnum til að þú lendir í ógöngum sem ekki er hægt að bendla hann við o.s.frv. Þetta eru dæmi um slæman ásetning og einelti enda er einelti ofbeldi sem ekki er alltaf sjáanlegt. Ofbeldismenn fela ofbeldið eftir fremsta megni og passa upp á að láta ekki góma sig. Þarna liggur ásetningurinn.

Lélegir stjórnarhættir eða ólæsi í samskiptum er allt annað mál. Hæfni í samskiptum hefur mikið um stjórnunarhætti viðkomandi að segja. Ef þú ert ósáttur við hegðun yfirmanns eða samstarfsmanns í þinn garð, ræddu það þá við hann og sjáðu hvernig hann bregst við. Fólk er misjafnt í samskiptum og stundum kemur það klaufalega fram án þess að það sé ásetningur um slíkt. Mikilvægt er að skilja á milli eineltishegðunar og lélegs stjórnunarstíls því ásökun um einelti er alltaf alvarleg. Það getur þó reynst þeim sem upplifir einelti í sinn garð erfitt að greina á milli og þess vegna þarf alltaf að hlusta á þann sem tilkynnir einelti og það ber að taka alvarlega. Það er nauðsynlegt að fá utanaðkomandi aðila til að skera úr um hvort slík ásökun eigi við rök að styðjast því ofbeldismál verður að vinna með faglegum hætti. Er til að mynda rétt að mannauðsstjóri eða aðrir starfsmenn vinnustaðarins séu settir í þau spor að vinna ofbeldismál á milli tveggja vinnufélaga sinna ? Enginn ætti að vera settur í þá stöðu.

### Horfast í augu við vandann

Yfirmenn stofnana verða að viðurkenna að einelti geti komið upp, jafnvel þótt það varði vinnufélaga eða vin. „Heilbrigðir“ vinnustaðir viðurkenna einelti og þagga það ekki niður. Ofbeldismaðurinn lærir ekki að hegðun hans sé óásættanleg sé ekki tekið á málunum og hann mun halda áfram að beita ofbeldinu. Það verður að varast að taka afstöðu með ofbeldismanninum og vera meðvitaður um hvaða áhrif ofbeldið hefur á þann sem fyrir slíku verður. Þetta eru spurningar sem hver og einn stjórnandi verður að hugsa um og leitast við að finna svör við, því ábyrgðin liggur alltaf hjá æðsta stjórnanda vinnustaðarins. Sé eineltisstefna til staðar þarf hún að vera virk og það verður að fara eftir henni. Þolendur eineltis á vinnustöðum eiga það inni hjá vinnustaðnum að fá faglega aðstoð til að vinna úr þessu ofbeldi og aðstoð við leit að nýrri vinnu beri svo undir.

# Lék fótbolta með KR í efstu deild

**Kristrún Heimisdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, undirbýr nú tuttugu ára afmælishátíð samtakanna. Hún er menntuð í lögfræði og heimspeki, heldur með KR og hlustar á klassíska tónlist.**

SVIPMYND
Haraldur Guðmundsson | haraldur@frettabladid.is

Kristrún Heimisdóttir tók við starfi framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins (SI) í nóvember. Hún segir síðustu vikur hafa verið annasamar enda sinnti hún um tíma tveimur störfum í einu.

„Fyrstu dagarnir voru brattir því ég var líka að ljúka kennslu í Evrópurétti í lögfræði við Háskólann á Akureyri. Ég var því með annan fótinn í Reykjavík og hinn fyrir norðan. Síðan var ég með tvo síma, annan með lífi mínu eins og það hefur verið undanfarin misseri og hinn undir nýja starfið,“ segir Kristrún.

Hún lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands en Kristrún hefur einnig stundað nám í heimspeki. Spurð um áhugamál segir hún að þau séu mörg enda hafi hún víða komið við.

„Ég hef mikinn áhuga á tónlist, alþjóðamálum og les mikið. Síðan er ég dálítið nörd fyrir klassískri tónlist og finnst alveg ótrúlega gaman að geta farið á heimsklassa tónleika eins og maður getur nú komist á í Hörpu.“

Kristrún er mikill KR-ingur og spilaði fótbolta með liðinu í 154 leikjum í efstu deild.

„Ég er KR-ingur en hætti að halda með Manchester United þegar þeir seldu Ray Wilkins árið 1984. Ég held mikið upp á Arsene Wenger og það er ekki annað hægt en að halda með jafn glæsilegu liði og Arsenal. Pabbi minn hélt með Leeds og það voru alltaf fagnaðarlæti á mínu æskuheimili þegar liðið náði góðum árangri en því miður dró úr því eftir því sem á leið,“ segir Kristrún og hlær.

Samtök iðnaðarins eiga tuttugu ára afmæli á næsta ári en þau voru stofnuð um það leyti sem Ísland hóf þátttöku á innri markaði Evrópusambandsins.



**FRAMKVÆMDASTJÓRI SI** Kristrún undirbýr nú iðnsýninguna Viku iðnaðarins sem verður haldin í Laugardalshöllinni. Fréttablaðið/GVA.

„Það stendur til að halda upp á afmælið með glæsibrag. Við ætlum að halda Viku iðnaðarins í mars en þar verður um að ræða samansafn fjölbreyttra viðburða og þar á meðal Iðnþingið sjálft,“ segir Kristrún.

## ÚRRÆÐAGÓÐ OG HREINSKIPTIN



**SUNNA GUNNLAUGSDÓTTIR,** tónlistarmaður.

„Við Kristrún erum báðar af Seltjarnarnesinu. Hún var eina stelpan í fótboltaliði Gróttu og held ég að hún hafi meðal annars verið fyrirliði liðsins (strákanna). Við förum svo í kvennaboltann í KR og urðum góðar vinkonur. Það var aldrei neinn ærslagangur í Kristrúnu heldur einkenndi íhugun gerðir hennar enda var hún sterkur miðjuspilari með sýn yfir völlinn. Hún hefur haldið þessari stöðu í lífinu að skapa tækifæri fyrir aðra með hjartahlýju og að láta gott af sér leiða.“



**SALVÖR NORDAL,** forstöðumaður siðfræðistofnunar HÍ.

„Kristrún er mikill vinur vina sinna. Hún hefur sterka dómgreind og óhætt er að segja að maður komi aldrei að tómum kofunum þegar maður leitar til hennar. Það eru fáir sem geta greint vandamál og pólitískar stöður jafn skarplega og af jafn miklu innsæi og Kristrún. Hún hefur fjölbreytt áhugamál og nýtur þess að vasast í mörgu. Hún er hreinskiptin í samskiptum, tekur hlutina alvarlega en sér líka spaugilegu hliðarnar á lífinu og tilverunni.“



**MARGRÉT LEIFSDÓTTIR** arkitekt.

„Ég kynntist Kristrúnu á fótboltaæfingum hjá Gróttu. Við vorum einu stelpurnar í liðinu og hún var fyrirliði. Kristrún er djúpvitur fótboltastelpa. Hún er traust, hæfileikarík og úrræðagóð vinkona sem alltaf er hægt að leita til. Frábær fyrirmynd fyrir okkur hin, eldklár og skemmtileg.“




COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · Razer · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

**FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR**
**BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT**
**MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ**
**FLAKKARAR • SSD • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR**
**SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR**
**GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR**
**STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR**
**MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA**

**MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLUVERÐI !**

**SÝNINGAREINTÖK Á LÆKKUÐU VERÐI**

**BYRJAÐU 2014 MEÐ AFSLÁTTARVEISLU Á TÖLVUVÖRUM !**

**EINA ÚTSALA ÁRSINS !**

**ÚTLITSGALLAÐ Á MIKLUM AFSLÆTTI**

NÁNAR UM ALLAR
**WWW.TL.IS**
ÚTSÖLUVÖRUR

tl.is




**OPIÐ 10-18**

**TÖLVU LISTINN**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

Netfang ritstjorn@markadurinn.is Sími 512 5000 Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

**› klinkið**
Þorstein B. Friðriksson, stofnandi og framkvæmdastjóri Plain Vanilla.

vísir

**Hin hliðin**



ÞÓRUNN JÓNSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI SKEMA.

## Að eltast við drauminn (og vita hvenær á að hætta)

Við frumkvöðlar lifum flestir eftir einni og sömu möntrunni: „Elta drauminn. Aldrei gefast upp!“ Við hösslum, hörkum og höldum ótrauð áfram. „Hænuskref“ segjum við í hljóði – „ekki gefast upp, þetta kemur allt á endanum.“ Oft höfum við rétt fyrir okkur. Oft er þetta erfiðisins og táranna virði og velgengnin er rétt handan við hornið. Handan við næstu stóru sölu. Handan við næstu vörusýningu. Handan við næsta mikilvæga fund.

### Óttinn við mistök

Íslendingum virðist vera í nöp við mistök. Ef þú gerir mistök ertu aumingi. Ef fyrirtækið þitt fer á hausinn ertu lúser. Þetta leiðir af sér að íslenskir frumkvöðlar halda oft áfram miklu lengur en þeir ættu að gera. Þeir ausa tíma og peningum í verkefni sem eiga að fá að deyja. Stundum er velgengnin svo langt undan að það að halda áfram er hreint glapræði. Það gerir engum gott að halda lífvana fyrirtæki í öndunarvél. Það elur á áhyggjum og kvíða, ekki bara frumkvöðulsins heldur allra í kringum hann.

### Á röngum stað á röngum tíma

Stundum eru þetta einfaldlega röng verkefni á röngum stað á röngum tíma. Stundum eru þetta hreinlega lélegar hugmyndir sem hafa verið illa framkvæmdar og skortir rétta fólkið í teymið. Frumkvöðlarnir vita oft innst inni að baráttan er töpuð, en þeir neita að gefast upp. Stoltið þolir það ekki. Það vill enginn vera lúser.

### Velgengni verður ekki til á einni nóttu

Að baki hverri sögu um velgengni liggur sjaldnast beinn og breiður vegur endalausra grænna ljósa og góðra ákvarðana. Leiðin er hlykkjótt og hlaðin háum veggjum, óvæntum atvikum og jafnvel umsátrum. Enginn verður stjarna á einni nóttu, sama hvaða mynd fjölmiðlar reyna að mála fyrir okkur. Við þurfum að leyfa sjálfum okkur (og öðrum) að gera mistök. Rými til mistaka er ein mikilvægasta forsenda framfara. Vissulega geta mistökin verið dýr, bæði fjárhagslega og tilfinningalega, en þau verða að fá að lifa í sátt og samlyndi við velgengnina. Það er ógeðslega sárt að játa sig sigraðan. En stundum er það óumflýjanlegt. Í stað þess að lengja í snörunni verðum við að sætta okkur við aðstæður, taka skref aftur á bak og sjá hvað við getum lært af þessu. Loka einum dyrum og opna nokkra glugga nýrra tækifæra. Hætta, læra og halda svo áfram. Eitt skref í einu.




Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




INHOPE insafe
S A F T

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmiðavinnu
- gluggaskipti
- glerskipti
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir
- jarðvinna
- hellulagnir

Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is

**MARKMIÐ VERKTAKAR**
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna - Pípulagnir
Raflagnir - Málningavinna
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

**HÚSAVIÐHALD**
Byggingameistari tekur að sér stærri verkefni. Vönduð vinna föst verð.
**Uppl. Páll s 840-6100**

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**KÆRLEIKS-LJÓSIÐ**
Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið frá 15-22. S. 863 1987 visa/euro.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

www.stolpiehf.is
**Geymslugámar til sölu og leigu** Hafðu samband!
**Stólpi Gámar ehf**
Klettagörðum 5 | Sími 568 0100

**FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !**
**Húsgögn og fleira til sölu**
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2,**
**220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW. VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun




# HEILSA

## Heilsuvörur

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDDSTOFA DÍSU (201)**
Er nuddfræðingur með allt almennt nudd. Tek vel á vöðvabólgu, liðverkjum, sogæðavanda og fl. Opið frá kl. 09-19 alla virka daga. Verið velkomin. Tímapantanir í s. 868-3379 - Dísa P.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Ný rúmdýna til sölu, 180X200 cm. verð 50 þús. s. 8677105.

## Dýrahald

Dverg Schnauser hvolpar Tík P&S rakki svart, skráð í HRFÍ örmerkt bólusett Uppl 892-0690

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr per month
**gsm 824 4535**
**leiga@leiguherbergi.is**

Pínulítil st. íb. 18fm kjall. f. reglusaman eldri karlmann. Sv. 108. Verð 45þús. per mán. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-16.

þrjár íbúðir á svæði 105, 70fm , 35 fm & 15fm. Leigðar út með öllu fyrir fólk á ferðalagi. S. 6934848/8982866. facebook.com/apartmentreykjavik

## Húsnæði óskast

Konu vantar einstaklings eða tveggja herbergja íbúð m/GEYMSLU. S. 551 4421 & 663 4421.

Óska eftir iðnaðarbili til leigu, og meðleigjanda. 50-100 fm. S. 661-4709.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**BAKARI / KAFFIHÚS HELGAVINNA**
Óskar eftir starfskrafti annan hvern laugardag, ekki yngri en 20 ára. Verður að tala íslensku.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@ sveinsbakari.is**

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**RÚMFATALAGERINN KORPUTORGI**
Óskar eftir deildarstjórum í full störf og hlutastörf. Einnig óskum við eftir Þjónustufulltrúa.
**Vinsamlegast sækið um á staðnum eða hringið í Ívar í síma 820-8011 eða Vilmu 842-8064.**

**KVÖLD- OG HELGARVINNA**
Samhjálp óskar eftir fólki í símsölu strax - góð laun í boði. Kvöld- og helgarvaktir.
**Upplýsingar í s. 699-0005 frá kl.12-20 eða á annamc@ samhjalp.is**

**NETTÓ Í MJÓDD**
óskar eftir starfsmönnum í fullt starf, næturvinna. Góð íslenskukunnátta skilyrði. Einnig vantar starfsmann í kerrur, dag/seinniparts vinna. 18 ára eldri. Aðeins er tekið á móti umsóknum á staðnum milli kl. 13-15 í dag miðvikudag.

## Atvinna óskast

Smiður og trésmiður leitar að vinnu. Ég er á bíl og á eigin verkfæri. s. 7718013.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

**GULLARMBAND - FUNDARLAUNUM HEITIÐ !**
Gullarmband tapaðist á förnum vegi á Þorláksmessu í miðbæ RVK. Finnandi vinsamlegast hafið samband í s. 696 9635. Fundarlaunum heitið.

FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2013/2014 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 665, 10. júlí 2013**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 2/2014 í Stjórnartíðindum

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir eftirtalin byggðarlög:
**Sveitarfélagið Skagafjörður (Sauðárkrókur og Hofsós)**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2014.**

***Fiskistofa, 7. janúar 2014.***

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF
**S. 777 2 333**




Capacent Ráðningar
KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS
capacent




KL. 20:25 THE FACE

Glæný og skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppa um að verða næsta ofurfyrirsæta.

# Frábært miðvikudagskvöld

KL. 20:05

2 BROKE GIRLS

Gamanþáttur um Max og Caroline sem taka höndum saman og láta sameiginlegan draum rætast.



KL. 21:15

LÆRKEVEJ

Dönsk þáttaröð um þrjú systkini sem að flýja frá Kaupmannahöfn og fara huldu höfði í rólegu úthverfi.



KL. 22:45

BANSHEE

Stöð 2 hitar upp fyrir 2. þáttaröð af Banshee sem hefst á sunnudag.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni..



3 | KL. 19:45

BABY DADDY

Nýir gamanþættir um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar stúlkubarn er skilið eftir á dyraþrepi hans.




3 | KL. 21:30

SLEPPY HOLLOW

Æsispennandi þættir um mann sem vaknar upp frá dauðum eftir 220 ár í smábænum Sleepy Hollow.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

Krakkastöðin POPP TÍVÍ BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is VILD



## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 2 | 6 | | 7 | 4 | |
| 5 | | 4 | | | | 6 | | |
| 7 | | | | 4 | | | | 1 |
| | 8 | | 7 | | | 3 | | 2 |
| 3 | 1 | 5 | | | | 9 | | |
| | | | | | 5 | | | 8 |
| | 7 | 6 | 3 | | 2 | 4 | | |
| | | | 8 | 9 | | | | |
| 9 | 2 | | | | | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 4 | 8 | 1 | 5 | | |
| 8 | 3 | | | 2 | | 1 | | 7 |
| | 9 | | 3 | 6 | | | | 8 |
| 4 | | | | | | | | |
| | 1 | 6 | 5 | | 8 | 9 | | |
| | 8 | 5 | | | 3 | | | |
| | | | 6 | 3 | | | | 9 |
| | 5 | 3 | 8 | | | | | |
| 9 | 4 | | | | | | | 1 |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 6 | | | 8 | | 5 | |
| 4 | 5 | 7 | | 2 | | 1 | | |
| | | | | | 7 | | | 4 |
| | | 2 | | | | | 9 | |
| 9 | 1 | | | 3 | | 5 | | |
| 5 | | | 8 | | | | 1 | |
| | | | | | | | 4 | |
| | | 8 | 4 | 5 | 6 | | | 7 |
| | | 5 | | 7 | 9 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 7 | 4 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 1 | 6 |
| 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 6 | 3 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 |
| 4 | 1 | 3 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 7 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 1 |
| 9 | 2 | 7 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 4 | 2 | 6 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 2 | 4 |
| 6 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 | 3 | 8 | 7 |
| 8 | 6 | 1 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 3 | 2 | 7 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 1 | 6 | 2 | 7 | 8 |
| 2 | 7 | 3 | 6 | 8 | 1 | 4 | 9 | 5 |
| 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 5 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 7 | 1 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 4 | 7 |
| 9 | 7 | 6 | 1 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 |
| 2 | 1 | 7 | 8 | 4 | 9 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 6 | 9 | 3 | 5 | 1 | 7 | 8 | 2 |
| 3 | 5 | 8 | 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 |
| 5 | 8 | 4 | 9 | 6 | 3 | 2 | 7 | 1 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 7 | 2 | 4 | 3 | 8 |
| 7 | 2 | 3 | 4 | 1 | 8 | 6 | 9 | 5 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS**

Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ**

Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Það er til ást auðvitað. Og svo er lífið, óvinur ástarinnar.“**

*Jean Anouilh*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** báru að, **6.** tímaeining, **8.** fúadý, **9.** starfsgrein, **11.** átt, **12.** frárennsli, **14.** fyrirmynd, **16.** skóli, **17.** skrá, **18.** skelfing, **20.** ætíð, **21.** faðmlag.

**LÓÐRÉTT 1.** hæfileiki, **3.** ógrynni, **4.** frelsarinn, **5.** líða vel, **7.** rafstraumur, **10.** kvk nafn, **13.** stefna, **15.** fat, **16.** dá, **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** komu, **6.** ár, **8.** fen, **9.** fag, **11.** sa, **12.** afrás, **14.** mótíf, **16.** ma, **17.** tal, **18.** ógn, **20.** sí, **21.** knús.

**LÓÐRÉTT: 1.** gáfa, **3.** of, **4.** messías, **5.** una, **7.** rafmagn, **10.** gró, **13.** átt, **15.** flík, **16.** mók, **19.** nú.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Ingimundur Sigurmundsson hafði svart gegn Bergsteini Einarssyni á skákmóti Starfsmannafélags Landsbankans fyrir skemmstu.**

**Svartur á leik:**



**1.…Bf4!** (1.…Bxc5 dugar einnig til sigurs) **2. Be3** (2. Dxf4 Dxd1+! 3. Bxd1 He1#) **2.…Bxg5 3. Hxd7 Bxd7. 4. h4 Bxe3 5. fxe3 Hxe3.** Svartur er með auðunnið tafl en tókst ekki að klára skákina áður en hann féll á tíma. **www.skak.is** Skákþing Reykjavíkur heldur áfram í kvöld.

# útsalan er í fullum gangi




**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2014




Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópíumbrómíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrútinnar nefslímhúðar) og nefrennslis af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xýlómetazólínhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýamín eða skópólamín), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með nefþurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtil), æxli í nýrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjusjúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.






**TALANDI HÖFUNDUR** „Þetta var mjög dularfullur maður og í raun og veru var ósköp fátt vitað um hann," segir Þórarinn um baróninn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nálgast dularfullan barón úr annarri átt

Þórarinn Eldjárn segir sögu barónsins á Hvítárvöllum á Sögulofti Landnámssetursins næstu helgar. Hann skrifaði sem kunnugt er sögu barónsins fyrir tíu árum en segir að eðli málsins samkvæmt verði nálgunin önnur í ræðu en riti.

Þetta verður svona í svipuðum stíl og aðrir höfundar hafa gert í Landnámssetrinu," segir Þórarinn Eldjárn spurður hvernig hann muni flytja sögu barónsins á föstudagskvöldið. „Þá er tekið eitthvert efni sem stendur manni nærri af því að maður hefur skrifað um það og maður prófar að segja söguna, að sjálfsögðu með þeim breytingum sem því fylgir að skipta um miðil." Spurður hvort hann hyggist flytja söguna með leikrænum tilþrifum hristir Þórarinn höfuðið. „Ekki verður nú mikið um það að ég bregði mér í hlutverk. Ég verð meira bara eins og hinn hefðbundni sögumaður." Þórarinn skrifaði skáldsögu um baróninn og kom hún út fyrir réttum tíu árum, eða 2004. Baróninn, eða Charles Gauldrée-Boilleau eins og hann hét réttu nafni, kom til Íslands árið 1898 með þá staðföstu ákvörðun að ætla að setjast að á Íslandi. Hann sá mikil tækifæri bæði í landbúnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu og lét sig dreyma um stórbrotnar framkvæmdir. Þórarinn hafði lengi verið hugfanginn af sögu barónsins áður en hann lét verða af því að skrifa sögu hans. „Þetta er efni sem ég fékk mikinn áhuga á mjög snemma eftir að hafa lesið ýmislegt sem skrifað hafði verið um hann," segir hann. „Það endaði svo með því að ég skrifaði þessa heimildasögu. Upphaflega hélt ég að það væri svo mikið til af heimildum um hann að ég gæti bara valið og hafnað og búið svo til einhverja sögu upp úr því. Ég komst þó fljótt að því að eiginlega allt sem hafði verið skrifað um hann hér voru bara tómar getgátur. Þetta var mjög dularfullur maður og í raun og veru var ósköp fátt vitað um hann."

Þórarinn lagðist í miklar rannsóknir og athuganir sem hann segir hafa leitt ýmislegt í ljós sem fram komi í bókinni. Hann segist jafnframt hafa haldið áfram að forvitnast um sögu barónsins þau tíu ár sem liðin eru síðan bókin kom út, en ekki fundið neitt nýtt sem geti talist bitastætt. „Ég vitja reglulega um ákveðnar slóðir á internetinu en hef ekki fundið neitt sem er einhver veruleg viðbót eða ný sannindi."

Þórarinn segir nálgunina við söguna vera dálítið aðra við að segja hana heldur en skrifa. „Ég kem dálítið úr annarri átt að baróninum í þessu prógrammi, þannig að það er langt frá því að ég sé að endurtaka bókina."

Frumflutningur verður eins og áður sagði klukkan 20 á föstudagskvöldið og næstu tvær sýningar verða 18. og 25. janúar.


fridrikab@frettabladid.is


# Allra síðasta tækifærið til að sjá Stóru börnin í Tjarnarbíói

Hið vinsæla leikverk Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur verður sýnt tvisvar um helgina. Ástæðan er mikil eftirspurn og áhugi áhorfenda og leikhúsfólks.

Tvær sýningar á Stóru börnunum eftir Lilju Sigurðardóttur í uppsetningu Lab Loka verða í Tjarnarbíói um helgina. Að sögn Birnu Hafstein leikkonu í sýningunni er ástæðan sú að færri komust að en vildu á sýningarnar fyrir jólin. „Áhorfendur voru gífurlega ánægðir og við ákváðum að gefa þeim, sem ekki voru búnir að koma, þetta tækifæri til að bæta úr því," segir hún. „En þetta verða allra síðustu sýningarnar svo þeir sem vilja koma verða að drífa sig."

Birna segir mikla spennu ríkja innan leikhópsins þar sem von sé á aðilum frá Þýskalandi sem komi til landsins gagngert til að sjá sýninguna. „Meira get ég eiginlega ekki sagt strax, en við erum mjög spennt og ánægð með hvað það er mikill áhugi fyrir sýningunni."

Stóru börnin fékk mikið lof áhorfenda og gagnrýnenda þegar hún var sýnd í nóvember og byrjun desember. Símon Birgisson í Djöflaeyjunni valdi hana sýningu haustsins. Jón Viðar Jónsson, gagnrýnandi Fréttablaðsins, gaf henni fjórar stjörnur í Fréttablaðinu, og að hans mati var Rúnar Guðbrandsson, leikstjóri sýningarinnar, leikstjóri ársins. Þá valdi Sigurður Valgeirsson, gagnrýnandi Morgunblaðsins, hana sem eina af fimm bestu sýningum ársins.

- fsb



**STÓRT BARN** Birna Hafstein í hlutverki sínu í Stóru börnunum.

# Rýmum

Gerðu gæða- og verðsamanburð

**til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!**

**Komdu og gerðu ævintýralega góð kaup!**

Takmarkað magn
Allt á að seljast

## Saga / Freyja/ *Memory

Millistíf dýna — Stíf dýna



15% afsláttur

**Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur**
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbakstuðningur.
Mýkra og betra axlasvæði.
Þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti.
Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum

| Stærð cm | Verð | Verð nú |
|---|---|---|
| *80 x 200 | kr. 94.900 | kr. 80.665 |
| *90 x 200 | kr. 99.900 | kr. 84.915 |
| 100 x 200 | kr. 109.900 | kr. 93.415 |
| *120 x 200 | kr. 119.900 | kr. 101.915 |
| *140 x 200 | kr. 139.900 | kr. 118.915 |
| 153 x 203 | kr. 144.900 | kr. 123.165 |
| *160 x 200 | kr. 149.900 | kr. 127.415 |
| *180 x 200 | kr. 169.900 | kr. 144.415 |
| 180 x 210 | kr. 179.900 | kr. 152.915 |
| 193 x 203 | kr. 189.900 | kr. 161.415 |

KORTER.IS

## Óðinn

**Hágæða svæðisskipt heilsudýna**
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbakstuðningur.
Mýkra og betra axlasvæði.
Þrýstijöfnunarefni í bólstrun.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti.
Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum

| Stærð cm | Verð | Verð nú |
|---|---|---|
| 160×200 | kr. 229.900 | kr. 172.425 |
| 180×200 | kr. 249.900 | kr. 187.425 |
| 180×210 | kr. 269.900 | kr. 202.425 |
| 193×203 | kr. 289.900 | kr. 217.425 |



25% afsláttur

## Þór

**Hágæða svæðisskipt heilsudýna**
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbakstuðningur. Mýkra og betra axlasvæði.
Þrýstijöfnunarefni í bólstrun. Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti. Allar dýnur með PU leðurbotni og fótum



15% afsláttur

| Stærð cm | Verð | Verð nú |
|---|---|---|
| 100 x 200 | kr. 119.900 | kr. 101.915 |
| 120 x 200 | kr. 129.900 | kr. 110.415 |
| 140 x 200 | kr. 149.900 | kr. 127.415 |
| 153 x 203 | kr. 169.900 | kr. 144.415 |
| 160×200 | kr. 174.900 | kr. 148.665 |
| 180×200 | kr. 194.900 | kr. 165.665 |
| 180×210 | kr. 209.900 | kr. 178.415 |
| 193×203 | kr. 219.900 | kr. 186.915 |

20-60% afsláttur

**Handklæðum
Sloppum
Völdum
sængurverum
o.fl.**

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

**20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.**

Svefn & heilsa
★★★★★



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

**Fimm stjörnu verslun**

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

**www.svefn.is**

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

## SKEMMTILEGAR STAÐREYNDIR UM CHARLIE

**Carlos Irwin Estévez** fæddist 3. september árið 1965 í New York.

Charlie er yngsti sonur leikarans Martins Sheen og listakonunnar Janet Templeton. Hann á tvo eldri bræður, Emilio Estévez og Ramon Estévez, og yngri systur, Renée Estévez. Öll systkinin eru leikarar.

Hann birtist fyrst í kvikmynd árið 1974 þegar hann var níu ára, The Execution of Private Slovik sem faðir hans lék í.

Fjölskyldan flutti til Kaliforníu og Charlie sótti miðskólann í Santa Monica. Þar bjó hann til Super 8-myndir með bróður sínum Emilio og leikurunum Rob Lowe og Sean Penn.

Hann var rekinn úr skólanum nokkrum vikum fyrir útskrift vegna lélegra einkunna og lélegrar mætingar. Hann ákvað að verða leikari og tók sér sviðsnafnið Charlie Sheen.

Fyrsta stóra hlutverkið hans var í mynd Olivers Stone, Platoon, árið 1986.

Charlie fékk leikkonuna Winonu Horowitz til að breyta nafninu sínu í Winona Ryder eftir að þau hlustuðu á lagið Riders on the Storm með hljómsveitinni The Doors.

Árið 2011 setti hann á markað rafsígarettur NicoSheen en hann var einnig andlit vörunnar.

## → Eiginkonur Charlies Sheen

### Donna Peele (1995–1996)



Parið gifti sig 3. september árið 1995. Sama ár var nafn Charlies á lista hjá fylgdarkvennaþjónustu sem rekin var af hinni umdeildu Heidi Fleiss og Donna og Charlie skildu ári seinna.

### Denise Richards (2002–2006)



Denise og Charlie gengu í það heilaga 15. júní árið 2002 og eiga saman tvær dætur, Sam og Lolu. Denise sótti um skilnað í mars árið 2005 og sakaði Charlie um að misnota áfengi og fíkniefni og fyrir að hóta henni barsmíðum. Skilnaðurinn gekk í gegn í nóvember árið 2006 eftir hatramma forræðisdeilu.

### Brooke Mueller (2008–2011)



Leikarinn kvæntist Brooke þann 30. maí árið 2008 og stuttu síðar fæddust þeim tvíburasynirnir Bob og Max. Charlie sótti um skilnað í nóvember árið 2010 og í maí árið eftir tók lögreglan tvíburana af Charlie. Í kjölfarið fékk Brooke nálgunarbann á leikarann. Skilnaður parsins gekk í gegn 2. maí árið 2011 en stuttu áður flutti Charlie inn með klámmyndastjörnunni Rachel Oberlin og fyrirsætunni og grafísku hönnuðinum Natalie Kenly og kallaði þær gyðjurnar sínar. Rachel fór frá Charlie í apríl árið 2011 og Natalie í júní sama ár.






# UMDEILDASTI LEIKARI Í HEIMI

Leikarinn og ærslabelgurinn Charlie Sheen heimsótti landið nýverið. Hann er einn umdeildasti leikari í heimi og ákvað Fréttablaðið að líta yfir nokkrar af eftirminnilegustu stundum hans – bæði góðar og slæmar.

### → Drukkinn á setti

Charlie var afar stressaður þegar hann lék á móti Michael Douglas í kvikmyndinni Wall Street árið 1987. Hann leitaði þá í áfengi til að peppa sig upp. „Ég byrjaði að drekka öllum stundum. Myndin var tekin í New York þannig að ég var á börunum til þrjú eða fjögur á nóttunni og reyndi síðan að mæta klukkan sex á sett og leika á móti Michael Douglas,“ lét leikarinn hafa eftir sér í viðtali.



### → Skaut unnustuna

Charlie trúlofaðist leikkonunni Kelly Preston árið 1990 en innan nokkurra mánaða endaði hún á sjúkrahúsi þar sem Charlie hafði óvart skotið hana í handlegginn. Charlie heldur því fram að Kelly hafi verið að færa til fötin hans og að skot hafi hlaupið úr byssu sem hann geymdi í buxnavasa sínum.



**LÆTUR SÉR EKKI LEIÐAR** Charlie hefur verið mikið á milli tannanna á fólki síðustu ár.

### → Setti fatalínu á markað

Leikarinn setti fatalínuna Sheen Kidz á markað árið 2005 og sótti innblástur í dætur sínar tvær. Slagorðið er Von, Ást, Draumar og einbeitti Charlie sér að íþróttafötum fyrir börn. Óljóst er hve virkt fyrirtækið er núna en vörur fyrir 15,5 milljónir dollara, tæpa tvo milljarða króna, seldust á fyrsta starfsárinu.

### → Sálin á tíu milljónir

Charlie lét einu sinni hafa það eftir sér að hann myndi skrifa endurminningar sínar og opna sig upp á gátt en hann vildi tíu milljónir dollara fyrir að skrifa hana, rúman milljarð króna.

### → Hæst launaði leikarinn

Ærslabelgurinn landaði hlutverki Charlies Harper í CBS-gamanþættinum Two and a Half Men árið 2003 en karakter hans var að hluta til byggður á honum sjálfum. Hann hlaut ALMA-verðlaunin, þrjár Emmy-tilnefningar og tvær Golden Globe-tilnefningar fyrir hlutverk sitt. Auk þess varð hann hæst launaði leikarinn í sjónvarpi í Bandaríkjunum og fékk borgaðar 1,8 milljónir dollara, tæplega 210 milljónir króna, fyrir hvern þátt.



### → Rekinn!

Charlie var rekinn úr Two and a Half Men í mars árið 2011. Hann talaði í kjölfarið opinberlega mjög illa um Chuck Lorre og kallaði hann meðal annars trúð og maðk. Leikarinn stefndi síðan Warner Bros og Chuck Lorre og krafðist hundrað milljóna dala í bætur. Í september sama ár náðust samningar milli allra aðila málsins.



### → Partí með klámmyndastjörnu

Charlie borgaði klámmyndastjörnunni Kacey Jordan þrjátíu þúsund dollara, tæplega þrjár og hálfa milljón króna, fyrir að djamma með sér á heimili sínu í Hollywood í janúar árið 2011. Djammaði leikarinn í 36 klukkutíma samfellt og neytti ýmissa fíkniefna að sögn Kacey. Enduðu herlegheitin með því að hann var fluttur á spítala og grátbað fyrrverandi eiginkona hans, Denise Richards, hann um að fara í meðferð.

### → Tapaði sér í beinni

Leikarinn missti algjörlega tökin í útvarpsþætti Alex Jones árið 2011 þegar hann talaði um sjálfan sig eins og hann væri guð, úthúðaði Chuck Lorre, yfirframleiðanda Two and a Half Men, og lét meira að segja ófögur orð falla um Thomas Jefferson, fyrrverandi Bandaríkjaforseta.

### → Kom öllum á óvart



Charlie leysti Michael J. Fox af hólmi í sjónvarpsþáttunum Spin City árið 2000 vegna veikinda Michaels. Áhorfendur héldu að Charlie myndi ekki standa sig en hann sló í gegn og var tilnefndur til tvennra ALMA-verðlauna og vann sín fyrstu Golden Globe-verðlaun.

### → Ég er kvæntur – djók!

Leikarinn dvaldi hér á landi síðustu helgi með kærustu sinni, Brett Rossi. Hann setti mynd af sér og Brett á Twitter og skrifaði undir að þau hefðu gift sig á landinu. Nokkrum dögum síðar sagði blaðafulltrúi hans að það væri bara grín og að leikarinn hefði gert þetta til að pirra fyrrverandi eiginkonu sína, Denise Richards.





**STILLER SÁTTUR** Ben Stiller er áreiðanlega sáttur við viðtökurnar. NORDICPHOTOS/GETTY

## Walter Mitty slær í gegn

Kvikmyndin The Secret Life of Walter Mitty var frumsýnd fyrir skömmu og hafa viðtökurnar verið vægast sagt stórkostlegar. Á myndina flykktust jafnt ungir sem aldnir og hafa nú þegar um tólf þúsund manns séð hana á aðeins þremur dögum, auk forsýninga.

Tekjurnar af myndinni eru því orðnar ríflega fjórtán milljónir króna eftir fyrstu sýningarhelgina. Þetta er því tekjuhæsta myndin frá 20th Century Fox, sem er dreifingaraðili myndarinnar, síðan Avatar var frumsýnd árið 2009.

The Secret Life of Walter Mitty er stærsta opnun ársins á nýju bíóári, en kvikmyndin fær auk þess afburðadóma og hún hefur getið sér gott orð meðal áhorfenda, sem flestir hafa verið himinlifandi að sýningu lokinni. **- glp**



**GAMAN Á GAUKNUM** Hljómsveitin Ojba Rasta kemur fram á Gauknum á föstudagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Reggíþema á Gauknum

Það verður sannkallað reggíkvöld á Gauknum á föstudagskvöldið þegar hljómsveitin Ojba Rasta, heitasta reggíband Íslands, kemur þar fram.

Ojba Rasta er fjölmenn hljómsveit, vanalega sjö til tíu manna, og var stofnuð í Reykjavík árið 2009.

Bandinu hefur vegnað vel á vinsældalistum útvarpsstöðva og hefur auk þess hlotið lof fyrir líflega sviðsframkomu.

Önnur breiðskífa sveitarinnar, Friður, kom út í vetur og hefur fengið þrælgóða dóma.

Húsið verður opnað kl. 21.00 og kostar 1.500 krónur inn. **- glp**



**HÁDEGISSTEMNING** Zoltan spilar sónötu í f-moll opus 57 eftir Beethoven.

## Apassionata í Hofi

Ungverski píanóleikarinn Zoltan Rostas spilar Apassionata, sónötu eftir Beethoven, á hádegistónleikum í Hofi á föstudaginn. „Hádegistónleikaröðin er Akureyringum vel kunn,“ segir Lára Sóley Jóhannsdóttir, sem er í stjórn Tónlistarfélags Akureyrar, sem stendur fyrir tónleikunum. „Zoltan flutti til Íslands nú í haust og starfar við Tónlistarskólann á Akureyri.“

Áheyrendur geta mætt í hádegishléi frá vinnu sinni.

„Hægt er að matast á meðan hlýtt er á tónlistina. 1862 Nordic Bistro matreiðir súpuna og hellir upp á kaffið.“

Tónleikarnir fara fram í menningarhúsinu Hofi á Akureyri klukkan 12.00 föstudaginn 10. janúar. Miðaverð er 2.500 krónur. **- ue**

# Það þarf þokka í sjávarútveginn

María Ellingsen kennir námskeið í framkomu fyrir stjórnendur í sjávarútvegi.

„Sjávarútvegur er fjölbreytt alþjóðleg atvinnugrein og margir þættir sem honum tengjast. Góð framkoma í fjölmiðlum er mikilvægur þáttur sem þarf að leggja mikla áherslu á,“ segir Karen Kjartansdóttir, upplýsingafulltrúi LÍÚ, en Háskólinn í Reykjavík og Landssamband íslenskra útvegsmanna hafa sameinast um stofnun nýrrar námsbrautar fyrir stjórnendur í sjávarútvegi. Þar kemur María Ellingsen, leikkona og stjórnenda- og framkomuþjálfari hjá Háskólanum í Reykjavík, til með að kenna námskeið í framkomu. Karen bindur miklar vonir við að María komist örugglega, en hún er um þessar mundir stödd í Afríku í fríi.

Þetta kann einhverjum að þykja spaugilegt, að kenna stjórnendum í sjávarútvegi að brosa, sýna af sér þokka og fallega framkomu og enn aðrir vilja meina að ekki hafi veitt af, en Karen segir Maríu sérlega færa á sínu sviði.

„Við vonumst svo sannarlega eftir því að hún komist að kenna námskeiðið enda sérlega flinkur stjórnenda- og framkomuþjálfari,“ bætir hún við, og ljóst að stjórnendur í sjávarútvegi þurfa að huga að fleiru en að veiða fisk og dreifa honum. **- ósk**

➜ María Ellingsen er leikkona og stjórnenda- og framkomuþjálfari hjá Háskólanum í Reykjavík



**Í AFRÍKU** María er um þessar mundir stödd í Afríku, þar sem hún er í frí.


Kjarasamningar VR 2014

„Mikilvægt skref í átt að stöðugleika og kaupmáttaraukningu“

Formaður VR, Ólafía B. Rafnsdóttir, kynnir innihald nýrra kjarasamninga á eftirtöldum stöðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fimmtudaginn 9. janúar | Kaupvangi 3b | Egilsstöðum | kl. 19:30 |
| Mánudaginn 13. janúar | Strandvegi 54 | Vestmannaeyjum | kl. 12:00 |
| Þriðjudaginn 14. janúar | Hilton Nordica Hótel | Reykjavík | kl. 19:30 |

Hvetjum félagsmenn til að mæta og kynna sér nýja kjarasamninga VR.

Sýnum samstöðu og ábyrgð.



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

# Pólfarinn borðar jólamatinn í lok janúar

Pólfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir byrjar ferð sína á tindinn Aconcagua í Suður-Ameríku nú í vikunni. Hún kleif nýverið hæsta tind Suðurskautslandsins og eyddi öðrum jólunum í röð á þeim slóðum í nístingskulda.

„Ég er stödd í fjórutíu stiga hita í Mendoza í Argentínu. Félagar mínir hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum, með Leif Örn Svavarsson fremstan í flokki, koma á svæðið í dag og þá hefjum við leiðangur á næsta fjall, Aconcagua. Það verður þá minn fimmti tindur ef allt gengur að óskum. Á morgun þurfum við að ganga frá ýmsum leyfum og síðan leggjum við af stað,“ segir pólfarinn Vilborg Arna Gissurardóttir.

„Aconcagua er oft vanmetinn af því að hann er ekki tæknilega erfiður en gríðarlega hár. Hann er tæpir sjö þúsund metrar og það er alltaf áskorun að fara í svona hæð. Um helmingur sem leggur af stað kemst ekki upp.“

Vilborg eyddi jólunum í að klífa Vinson Massif, hæsta tind Suðurskautslandsins og hefur eytt síðustu tíu dögum í að ferðast á milli staða og hvíla sig fyrir næstu átök. „Það var ótrúleg upplifun að klífa Vinson Massif. Það var frekar kalt eins og gefur að skilja og nú er ég að upplifa um áttatíu stiga hitamun. Það var æðislegt að koma til baka á suðurskautið og fékk ég stórkostlegar móttökur enda kynntist ég mörgum í fyrra. Landslagið er svo stórkostlegt að það er eiginlega ekki hægt að lýsa því. Það er margt við tindinn sem er exótískt þó hann sé ekki tæknilega erfiðastur en það er margt í kringum hann sem eykur á upplifunina,“ segir Vilborg.

Þetta eru önnur jólin í röð sem hún eyðir á suðurskautinu.

„Ég missi af jólahefðunum og öðru en ég fæ svo margt í staðinn. Ég hef haft það þannig að ég fæ smá jólamat þegar ég kem heim,“ segir Vilborg, sem kemur til Íslands 28. janúar ef allt fer samkvæmt áætlun. Þá hefur hún verið á rúmlega sex vikna ferðalagi og vonandi búin að ná toppnum á tveimur tindum. Þá á hún tvo tinda eftir af tindunum sjö – Kilimanjaro og Everest. **- lkg**



**SKEMMTILEG TILVILJUN** Vilborg hitti leik- og söngkonuna Höllu Vilhjálmsdóttur á Vinson Massif og segir hana hörku fjallageit. MYND/EINKASAFN



**LYGI** Bók Yrsu Sigurðardóttur var einna mest skilað, enda einna mest seld.

# Sæmd lítið skilað

Villa, Yrsu, Andra Snæ og Jóni Kalmani mest skilað.

Kristján Freyr Halldórsson hjá Bókabúð Máls og menningar segir að mest seldu bókunum hafi líka verið oftast skilað. „Það er ekkert afbrigðilegt í þeim tölum. Það kallast bara á við þær bækur sem eru mest seldar.“ Bækurnar sem seldust mest voru Fiskarnir hafa enga fætur eftir Jón Kalman, Vísindabók Villa eftir Vilhelm Anton Jónsson, Lygi eftir Yrsu Sigurðardóttur, Mánasteinn eftir Sjón, og Tímakistan eftir Andra Snæ.

„Þessum bókum var líka oftast skilað. Svo eru aðrar bækur sem kláruðust fyrir jólin og hefðu getað selst mun meira. En þeim hefur aftur á móti verið skilað minna. Til dæmis bók Guðmundar Andra, Sæmd. Henni hefur lítið sem ekkert verið skilað. Ég leyfi mér að nefna það sem eina af ástæðunum fyrir því að henni var lítið skilað að hún seldist upp. Nema þeir sem völdu hana í gjöf séu svona ratvísir.“ **- ue**

# Fullir biðlistar í listþerapíu

Listkennsludeild LHÍ býður upp á opin námskeið.

Listkennsludeild Listaháskóla Íslands býður upp á opin námskeið í listkennslugreinum. Vigdís Jakobsdóttir er aðjúnkt við listkennsludeild og hefur umsjón með þessum námskeiðum.

„Við höfum starfrækt listkennsludeild í þrjá vetur. Fyrir tveimur árum fórum við að hugsa um hvernig við gætum þjónað vettvanginum betur,“ segir Vigdís.

„Við höfðum fengið margar fyrirspurnir um það hvort mögulegt væri að fá aðgang að námskeiðum án þess að skrá sig í fullt nám. Við ákváðum því að bjóða upp á aðgang að námskeiðunum. Þetta er fyrst og fremst hugsað fyrir starfandi listgreinakennara og listafólk sem hefur áhuga á kennslu.“

Öll námskeiðin eru líka sótt af nemendum í meistaranámi í listkennslu.

„Þetta er leið fyrir okkur til að tengja listavettvanginn og vettvang listkennslu beint inn í námið. Þarna verður til spennandi samtal á milli nemenda í listgreinakennslu og starfandi listamanna og listgreinakennara. Allt þetta fólk lærir hvert af öðru. Við höfum verið með ýmislegt í boði, til dæmis nám í listmeðferð sem hefur alveg slegið í gegn. Biðlistarnir í það eru fullir. Síðan erum við með námskeið í aðferðum leiklistar í kennslu, og námskeið í barna- og unglingakórstjórn sem Þórunn Björnsdóttir kennir, og margt fleira.“ Námskeiðin kosta á bilinu 23.000 til 35.500 krónur. **- ue**



**AÐJÚNKT** Vigdís Jakobsdóttir er aðjúnkt við listkennsludeild Listaháskóla Íslands.

# Andlit stórfyrirtækis í fæðubótarheiminum

Magnea Gunnarsdóttir, keppandi í módelfitness, er fyrsti Íslendingurinn sem gerir samning við einn stærsta framleiðanda fæðubótarefna í Evrópu.

„Þetta er frábært og mikill heiður fyrir mig,“ segir Magnea Gunnarsdóttir keppandi í módelfitness en hún gerði á dögunum samning við einn stærsta fæðubótarefnaframleiðanda í Evrópu, SciTec Nutrition.

Hún er einungis nítján ára gömul en hefur þó keppt í módelfitness frá því hún var sautján ára.

„Ég fékk samning sendan heim sem var níu blaðsíður og þetta er mjög góður samningur fyrir mig. Ég þarf að senda þeim vikulega myndir og æfingamyndbönd af mér svo þeir geti sett það á síðurnar sínar,“ útskýrir Magnea.

Þá mun hún vera nokkurs konar andlit fyrirtækisins og koma fram á svokölluðum vörusýningum sem haldnar eru á ýmsum viðburðum.

„Ég fer í myndatöku fyrir þá og verð á einhverjum viðburðum til að kynna vörurnar þeirra. Á flestum mótum er svona vörusýning og eru þeir yfirleitt með risabás, ég hef lofað að vera á svona bás á mótum og fæ þá allt greitt og laun,“ bætir Magnea við. Magnea er fyrsti Íslendingurinn sem kemst á samning hjá fyrirtækinu. Fjölmargir afreksíþróttamenn út um allan heim eru með samning við fyrirtækið.

> **Ég þarf að senda þeim vikulega myndir og æfingamyndbönd af mér svo þeir geti sett það á síðurnar sínar.**
>
> *Magnea Gunnarsdóttir*

SciTec Nutrition hafa ákveðið að styrkja hana með fæðubótarefnum en Sportlíf er umboðsaðili SciTec Nutrition á Íslandi. SciTec eru stærstir og leiðandi á markaðnum í Evrópu og selja yfir fimmtán hundruð tonn af prótíni árlega. Þeir bjóða upp á tvö hundruð vörutegundir í sjö hundruð mismunandi bragðtegundum og stærðum.

Magnea er á leið á Arnold's Classic-mótið í febrúar í annað sinn en þegar hún keppti þar í fyrsta skiptið, aðeins sautján ára gömul, lenti hún í þriðja sæti. Hún hefur keppt á fjölda móta og hefur meðal annars náð sér í bikarmeistaratitil hér á landi.

Hún stundar nám við Menntaskólann við Sund.

„Þegar maður er í svona íþrótt þá verður maður mjög skipulagður og þess vegna hafa einkunnirnar í skólanum þotið upp,“ bætir Magnea við létt í lundu.

gunnarleo@frettabladid.is



**Í FLOTTU FORMI** Magnea Gunnarsdóttir er fyrsti Íslendingurinn sem kemst á samning hjá SciTec Nutrition. MYND/ KRISTJÁN FREYR ÞRASTARSON



**ÆFIR TVISVAR Á DAG** Það þarf skipulag og dugnað til að skara fram úr.

DANSGLEÐI með:

2 skemmtilegri














## Vorönnin hefst 13. janúar með sjóðheitum tímum hjá
## DanLidi DanceCenter & erlendum gestakennurum
## OPIÐ HÚS fyrstu vikuna í REYKJAVÍK þegar önnin hefst!















## REYKJAVÍK-KÓPAVOGUR-GARDABÆR-HAFNARFJÖRDUR

Break | Hip Hop | NÝTT! YogaMoves & LatinFittness | JazzFunk |
Nútímadans | Jazzballett | Barnadansar: Mini-Hip Hop, Jazzballett, ballett

**Vertu með frá byrjun! Skráning á dancecenter.is! Glæsileg sýning í lokin!**






**KENNSLUSTAÐIR**

**REYKJAVÍK:**
Grensásvegur 14,
**Mjóddin** -
Álfabakka 14, 3.hæð

**KÓPAVOGI:**
HK, 2.hæð,
Digranesvegi

**GARÐABÆ:**
Ásgarði, 2.hæð

**HAFNARFJÖRÐUR:**
FH, Kapplakrika





**Fáðu ÚTRÁS fyrir DansGleðina!**

Öll skráning & nánari upplýsingar á
dancecenter.is. Facebook/DanceCenter RVK.
dancecenter@dancecenter.is – Sími 777 3658

DANCE CENTER REYKJAVÍK

www.dancecenter.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

„LISTILEGT SAMSPIL DRAUMA OG RAUNVERULEIKA SEM HEFÐI VEL GETAÐ KLIKKAÐ EN SVÍNVIRKAR“ -L. K.G., FBL

-S.G.S., MBL

SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 3.30 - 5.30 - 6 - 8 - 9 - 10.30 | 7 |
| SECRET ... WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 4.30 - 6 - 8 - 9.30 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D | KL. 3.30 | 7 |
| RISAEÐLURNAR 2D | KL. 3.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5.30 - 6.30 - 8 - 9 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5.30 - 9 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 - 10.10 | 7 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| RISAEÐLURNAR 3D | KL. 6 | 7 |

Miðasala á: midi.is og eMiði

LAUGARÁS BÍÓ

SÝND Í 3D 48 RAMMA

„Mjög skemmtileg mynd, mikið hlegið“ -Nanna Bryndís, Of Monsters and Men

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:30, 8, 10:20 | 7 |
| HOBBIT 2 | 4, 10:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | 8, 10:30 | 10 |
| FROZEN 2D | 4:45 | L |

SAMBÍÓIN

THE WOLF OF WALL STREET

2 tilnefningar til Golden Globe verðlauna

Besta Myndin ársins

Besti leikari í aðalhlutverki Leonardo DiCaprio

„HVER RAMMI MYNDARINNAR ER NÁNAST EINS OG LISTAVERK“

HÆTTU AÐ LÁTA ÞIG DREYMA OG BYRJAÐU AÐ LIFA

ÆVINTÝRIÐ HELDUR ÁFRAM

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 5 - 8:30 - 10:20 | 16 |
| WOLF OF WALLSTREET VIP | KL. 5:30 - 9 | |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 3D | KL. 5 - 8:30 | 12 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG 2D | KL. 6 - 10 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 5:30 - 8 - 10:20 | 10 |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 5:40 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 4:40 - 7 - 8 - 10:30 | 16 |
| HOBBIT: DESOLATION OF SMAUG HFR 3D | KL. 4:40 - 7 - 10:20 | 12 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | 10 |
| HOMEFRONT | KL. 10:30 | 16 |
| RISAEÐLURNAR ÍSLTAL2D | KL. 5 | 7 |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 4:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 6 - 9 - 10 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 7 - 10 | 16 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 10:30 | 10 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WOLF OF WALLSTREET | KL. 8 - 10:20 | 10 |
| ANCHORMAN 2 | KL. 8 | L |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |
| FROZEN ENSTAL2D | KL. 5:40 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



ALAN PARTRIDGE MYND/GETTY

# Hver er Alan Partridge?

Alan Gordon Partridge er karakter leikinn af enska grínistanum Steve Coogan. Partridge er hugarsmíði Coogans, Armando Iannucci og fleiri höfunda On The Hour, sem er útvarpsþáttur á BBC Radio 4. Partridge skopstælir íþróttafréttamenn og spjallþáttastjórnendur, svo dæmi séu tekin, og hefur komið fyrir í tveimur útvarpsseríum, fjórum sjónvarpsseríum og fjölmörgum sjónvarps- og útvarpsþáttum, til að mynda Comic Relief-þáttunum úr smiðju BBC, en sá þáttur hefur fylgst með skálduðum ferli Alans Partridge frá byrjun. Þá hefur karakterinn komið fyrir í grínseríum á borð við Knowing Me, Knowing You with Alan Partridge og I'm Alan Partridge. Í ágúst í fyrra kom út kvikmynd í fullri lengd með Partridge í aðalhlutverki, en sú heitir Alan Partridge: Alpha Papa, og var nýlega tekin til sýningar í Bíói Paradís. Myndin var heimsfrumsýnd í Norwich, í Englandi, þaðan sem Partridge er, en þegar persónan var búin til gætti mikillar óánægju meðal íbúa Norwich með valið á heimabænum. Í dag horfir öðruvísi við, enda persónan orðin rótgróin og hluti af enskri poppmenningu.

Þá hefur Partridge gefið út sjálfsævisögu persónunnar sem heitir I, Partridge: We Need To Talk About Alan og er skrifuð út frá Partridge sjálfum, sem er jafnframt titlaður höfundur verksins. Verkefni Partridge eru yfirleitt framsett eins og um raunverulegan fréttamann sé að ræða, en einkar mislukkaðan. - ósk

# Kaldranaleg kúvending

**BAKPANKAR** Ragnheiðar Tryggvadóttur



Nýtt upphaf! Ný tækifæri! Nýtt líf! Ég drattast fram úr í kolniðamyrkri og tíni á mig spjarirnar, fyrsta heila vinnuvikan í langan tíma er fram undan og það er janúar. Úti bítur frostið og vindgnauðið smýgur inn um hlustirnar. Byrjaðu núna! Engar afsakanir! Ég feta mig eftir svellbunkanum og sýg upp í nefið.

**MENN** eru víst komnir á kolvetnalaust heyri ég útundan mér, sneiða hjá sterkju og drekka sítrónuvatn á fastandi maga. Fólk deilir á milli sín leiðbeiningum um innkaup fyrir þennan og hinn kúrinn. Einhverjir ætla að fasta. Alls staðar er fólk að snúa við blaðinu, taka sig á og varla hægt að fletta blaði né opna netið án þess að dynji á manni skilaboð frá bísperrtum heilsuspekúlöntum með uppskriftir að bættum lífsstíl. Lausnina fyrir þig! Og mig sjálfsagt líka.

**EN** ég er lítið í lausnum svona á janúarmorgni. Vaknaði ekki fyrr til að skjótast í ræktina áður en vinnudagur hæfist. Er ekki einu sinni búin að kaupa mér kort. Skokkaði heldur ekki hring í hverfinu fyrir morgunmat og þeytti ekki grænan klífishristing í blandaranum í morgun. Ég bara drattaðist.

**UNDANFARNAR** vikur hafa enda snúist um allt annað. Það er ekki langt síðan ég leitaði ákaft að uppskrift að mjúkum súkkulaðismákökum. Ég datt niður á eina sem innihélt svo mikið smjör, svo mikið súkkulaði og svo mikinn sykur að útkoman varð draumi líkust. Uppskriftin dugði í 70 kökur! Ég bakaði tvo umganga.

**ÞAÐ** er enn styttra síðan ég skóflaði í mig dísætri pavlóvu og drakk heitt súkkulaði með rjóma með án þess að blikna, og það rétt eftir að ég hafði farið tvær ferðir í majonesbaðaða smurbrauðstertuna og heita réttinn! Ég kæmist ekki upp með það í dag.

**EN** ég mátti eiga von á þessu. Þessi lífsstílskúvending yfirtekur alltaf allt um leið og nýtt ár gengur í garð. Kaldranalegt, svona á kaldasta tíma ársins. Ég læt minninguna um pavlóvuna fleyta mér inn í nýja árið.



**AÐDÁENDUR BREGÐA Á LEIK** Árni Sveinsson, Ragnar Hansson og Hugleikur Dagsson eru meðal meðlima í aðdáendahópi Alans Partridge. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# „Besta grínpersóna sem sköpuð hefur verið“

## Ragnar Hansson er maðurinn á bak við aðdáendahóp Alans Partridge á Íslandi.



STEVE COOGAN

„Ég vildi breiða út boðskapinn,“ segir Ragnar Hansson kvikmyndagerðarmaður og maðurinn á bak við aðdáendahóp Alans Gordons Partridge á Íslandi.

„Ég byrjaði með þennan hóp á Facebook því ég hef verið gallharður aðdáandi þessa karakters í gegnum árin. Ég vissi að ég ætti vini sem væru sama sinnis og bauð þeim að vera með fyrir tveimur eða þremur árum,“ segir Ragnar um tilkomu hópsins.

„Við höfum haldið þessu mjög aktívu og nýlega opnuðum við fyrir umsóknir í grúppuna, en til að öðlast inngöngu í hópinn þurftu tilvonandi meðlimir að setja inn uppáhaldstilvitnanir sínar í karakterinn,“ segir Ragnar. Meðal meðlima í aðdáendahópnum eru höfundurinn Hugleikur Dagsson, tónlistar- og myndlistarmaðurinn Lóa Hjálmtýsdóttir og kvikmyndagerðarmaðurinn Árni Sveinsson.

Karakterinn hefur haft mikil áhrif á Ragnar.

„Alan Partridge hefur fylgt mér síðan seint á síðustu öld og litað mitt líf. Ég leikstýrði til dæmis Sigtinu með Frímanni Gunnarssyni og var þar sakaður um að hafa stolið svolítið af hugmyndum frá Partridge. Það er alls ekki rétt, enda eru Frímann og Alan Partridge mjög ólíkir, þó að þeir séu báðir mislukkaðir fjölmiðlamenn,“ útskýrir Ragnar, sem segist hafa kveikt á Partridge þegar hann sá hann fyrst á VHS-spólu hjá vini sínum, Gauki Úlfarssyni.

„Það var vegna þess að hann minnti mig svo á pabba minn að mér fannst hann svona fyndinn. Svo átti ég leið til London skömmu síðar og keypti þættina á VHS-spólu og gaf pabba sem var ekkert sérstaklega ánægður með gjöfina,“ segir Ragnar léttur í bragði, og bætir við að Frímann hafi verið byggður að miklu leyti á pabba hans.

„Þessi húmor hefur haft gríðarleg áhrif á mig og Alan Partridge er án efa besta grínpersóna sem sköpuð hefur verið. Ég get alltaf hlegið að honum. Og þó að Steve Coogan sé búinn að leika hann í tuttugu ár hefur hann alltaf haldið gríðarlega miklum metnaði, sem ég kann vel að meta,“ segir Ragnar og bætir við að nýjasta útspil Partridges, kvikmyndin Alpha Papa sem er nú sýnd í Bíói Paradís, hafi verið frábær.

„Þetta er fyndnasta mynd sem ég hef séð lengi. Við höfðum sérstaka forsýningu fyrir meðlimi aðdáendahópsins og það var jafnframt í fyrsta sinn sem við hittumst öll sem hópur í raunheiminum,“ segir Ragnar.

olof@frettabladid.is

> **„Ég leikstýrði Sigtinu með Frímanni Gunnarssyni og var þar sakaður um að hafa stolið svolítið af hugmyndum frá Partridge. Það er alls ekki rétt, enda eru Frímann og Alan Partridge mjög ólíkir, þó að þeir séu báðir mislukkaðir fjölmiðlamenn,“**

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.



LEONARDO DiCAPRIO
A MARTIN SCORSESE PICTURE
THE WOLF OF WALL STREET
Pow. Pow. Pow. Pow. Pow. That's how Martin Scorsese's The Wolf of Wall Street comes at you.
★★★★★
ROLLING STONE
DiCaprio is undoubtedly at his best here.
★★★★★
Empire
Scorsese and DiCaprio's fifth and best pairing, it's liable to give the Academy a heart attack.
★★★★★
Total Film
Leonardo DiCaprio cranks the volume up to 10 for his performance as Jordan Belfort.
★★★★★
The Guardian
„Snilldarmynd! DiCaprio hefur aldrei verið betri og Scorsese sjálfur upp á sitt besta."
★★★★★
T.V. - Bíóvefurinn/Séð & Heyrt
2 tilnefningar til Golden Globe verðlauna
Besta Mynd ársins
Besti leikari í aðalhlutverki: Leonardo DiCaprio
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KOMIN Í BÍÓ
SAMBÍÓIN

## Ísland á fimm í Norðurlandaúrvalinu

**FÓTBOLTI** Norska dagblaðið Verdens Gang birti í gær átján manna úrvalslið knattspyrnumanna frá Norðurlöndunum. Ísland á tvo leikmenn í byrjunarliði sem og besta þjálfarann.

Gylfi Þór Sigurðsson og Alfreð Finnbogason komast báðir í byrjunarliðið hjá VG en þeir Kolbeinn Sigþórsson og Aron Einar Gunnarsson eru á bekknum. Þá er Lars Lagerbäck settur sem þjálfari liðsins.

Blaðamenn VG hafa greinilega mestar mætur á danska landsliðinu en alls komust sjö Danir í hópinn, þar af sex í byrjunarliðið.

Svíþjóð, Noregur og Finnland eiga aðeins einn leikmann hvert í byrjunarliðinu en Svíar eru með þrjá menn á bekknum þar að auki. - esá



## Guðjón Valur og Ólafur Bjarki eru stóru spurningarmerkin

**HANDBOLTI** Ekkert varð af því að Aron Kristjánsson tilkynnti EM-hópinn sinn í gær. Sökum meiðslavandræða mun hann ekki gera það fyrr en á morgun og liðið heldur svo til Danmerkur á föstudag.

„Arnór Atlason og Arnór Gunnars æfðu með okkur í dag [í gær] og litu vel út. Ég reikna því með að þeir verði klárir. Þórir Ólafsson lítur líka vel út með framhaldið,“ segir Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari en fleiri leikmenn eru að glíma við meiðsli.

„Guðjón Valur er tæpur og kemur ekki í ljós með hann fyrr en á síðustu stundu. Hann þarf að fara varlega með sín meiðsli. Ólafur Bjarki er líka spurningarmerki og verður það áfram. Gaui og Óli eru stóru spurningarmerkin hjá okkur núna,“ segir Aron en Ólafur Bjarki meiddist í æfingamótinu í Þýskalandi þar sem hann hafði verið að spila vel.

Það hefur verið nóg að gera hjá læknum og sjúkraþjálfurum liðsins síðustu daga og verður það áfram úti í Danmörku.

„Við berum auðvitað fyllsta traust til okkar sterka sjúkrateymis, að það haldi leikmönnum gangandi. Það eru fjórir í því teymi og verður nóg að gera hjá þeim.“



**ÁHYGGJUR** Undirbúningur þjálfarans hefur ekki verið auðveldur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fyrsti leikur Íslands á EM er gegn Norðmönnum á sunnudag. - hbg



**BESTUR** Elvar Már hefur spilað frábærlega í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Elvar og Hardy valin best

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingurinn Elvar Már Friðriksson og Lele Hardy, leikmaður Hauka, voru í gær útnefnd bestu leikmenn í fyrri hluta Dominos-deilda karla og kvenna.

Hardy hefur borið höfuð og herðar yfir aðra leikmenn í deildinni en hún er bæði stiga- og frákastahæst. Hún hefur skorað rúm 30 stig og tekið rúm 20 fráköst að meðaltali í leik. Þá er hún í öðru sæti yfir flestar stoðsendingar eða 5,87 að meðaltali í leik.

Haukar eru í öðru sæti deildarinnar með 20 stig, rétt eins og Keflavík, en Snæfell er á toppnum með 24 stig. Keflavík og Snæfell eiga tvo leikmenn hvort í úrvalsliðinu og Keflvíkingar besta þjálfarann.

Elvar Már hefur einnig farið á kostum í vetur en hann er fjórði stigahæsti leikmaður deildarinnar og með flest stig allra Íslendinga eða tæplega 25 að meðaltali í leik. Hann er svo í þriðja sæti stoðsendingalistans með 7,18 að meðaltali í leik.

Njarðvík er í fjórða sæti Domino's-deildar karla með fjórtán stig en KR trónir á toppnum með fullt hús stiga. KR-ingar áttu tvo fulltrúa í úrvalsliði fyrri umferðarinnar sem og besta þjálfarann. - esá



**BEST** Lele Hardy með sín verðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### DOMINOS-DEILDIN

**Úrvalslið kvenna:**
Hildur Björg Kjartansdóttir, Snæfelli
Sara Rún Hinriksdóttir, Keflavík
Bryndís Guðmundsdóttir, Keflavík
Lele Hardy, Haukum
Hildur Sigurðardóttir, Snæfelli

**Besti þjálfarinn:**
Andy Johnston, Keflavík

**Dugnaðarforkurinn:**
Marín Laufey Davíðsdóttir, Hamri

**Úrvalslið karla:**
Ragnar Nathanaelsson, Þór Þ.
Pavel Ermolinskij, KR
Michael Craion, Keflavík
Martin Hermannsson, KR
Elvar Már Friðriksson, Njarðvík

**Besti þjálfarinn:**
Finnur Freyr Stefánsson, KR

**Dugnaðarforkurinn:**
Darri Hilmarsson, KR

**Besti dómarinn:**
Sigmundur Már Herbertsson

# Meðalmenn geta myndað sterkara lið en stjörnurnar

Ásgeir Örn Hallgrímsson og Róbert Gunnarsson verða að óbreyttu í stórum hlutverkum með landsliðinu á EM í Danmörku. Báðir gætu hugsað sér meiri spiltíma með stjörnuliði Paris Saint-Germain í Frakklandi en segja útlitið hafa batnað undanfarnar vikur. Parísarliðið ætti að vera eitt af fjórum bestu í heimi.

Kolbeinn Tumi Daðason
kolbeinntumi@frettabladid.is



**HANDBOLTI** „Ég er nokkuð sáttur við minn spiltíma undanfarið,“ segir línumaðurinn Róbert Gunnarsson, sem ásamt Ásgeiri Erni Hallgrímssyni hefur lífsviðurværi sitt hjá franska liðinu Paris Saint-Germain. Landsliðsmennirnir gengu í raðir félagsins sumarið 2012 og urðu franskir meistarar með liðinu síðastliðið vor. Ári fyrr var liðið hársbreidd frá falli en síðan hefur miklu verið kostað til hjá liðinu sem er í eigu fjárfestingarfélags frá Katar.

„Það kemur fyrir að ég spila ekki neitt og svo spila ég kannski allan næsta leik. Það hefur ekki verið neinn taktur í þessu,“ segir Róbert. Ásgeir Örn er öllu ósáttari við sitt hlutskipti á hægri vængnum en þó hefur aðeins verið að birta til.

„Framan af tímabili var þetta þungt og mjög erfitt. Ég fékk mjög lítið að spila,“ segir Ásgeir Örn. „Ég er ekki sáttur en maður er ánægður ef þetta er að verða betra.“

### Allir átján eru frábærir

Ásgeir Örn minnir á að leikmannahópur liðsins sé afar sterkur. Þjálfarinn Philippe Gardent sé duglegur að minna á það sé hann spurður út í hlutverk sitt.

„Við erum með átján leikmenn í hópnum og allir frábærir. Það er ekki eins og ég sé bara með kjúklingunum á bekknum. Við erum allir landsliðsmenn með yfir 100 landsleiki og lykilmenn þar,“ segir Ásgeir Örn, sem er uppalinn hjá Haukum í Hafnarfirði en hélt í atvinnumennsku til Lemgo í Þýskalandi árið 2005.

„Þetta snýst ekki endilega um að maður sé of lélegur. Það eru bara of margir góðir í liðinu sem býr til vandræði hjá þeim sem spila of lítið.“

### Þakkar fyrir landsliðshlutverkið

Ásgeir Örn og Róbert voru í eldlínunni með íslenska landsliðinu á fjögurra þjóða móti í Þýskalandi um liðna helgi. Mikil ábyrgð er á herðum Ásgeirs Arnar í ljósi þess að Ólafur Stefánsson hefur lagt skóna á hilluna og Alexander Petersson gefur ekki kost á sér vegna meiðsla.

„Það er annað en hjá félagsliðinu svo það er ljómandi fínt. Maður þakkar fyrir það og reynir að nýta tækifærið eins vel og maður getur,“ segir örvhenta skyttan sem verður þrítug á árinu. EM í Danmörku hefst um helgina en töluvert er um meiðsli í herbúðum Íslands. Arnór Atlason og Guðjón Valur Sigurðsson fóru til að mynda ekki með landsliðinu í æfingaferðina til Þýskalands um liðna helgi og sömu sögu er að segja um hornamanninn Arnór Þór Gunnarsson. Þá gengur Aron Pálmarsson ekki heill til skógar frekar en Ólafur Bjarki Ragnarsson og Þórir Ólafsson.

> „Framan af tímabili var þetta þungt og mjög erfitt. Ég fékk mjög lítið að spila.
>
> *Ásgeir Örn Hallgrímsson, leikmaður PSG.*

Róbert segir það ekki hjálpa að velta sér upp úr því neikvæða heldur verði að horfa fram á veginn. Óreyndari leikmenn verði að nota tækifærið sem þeim bjóðist í Danmörku og láta ljós sitt skína.

### Ætti að vera eitt besta lið heims

Þegar umræðan berst að gengi Parísarliðsins á tímabilinu renna tvær grímur á okkar menn. Mikils var vænst af liðinu sem er með landsliðsmenn í hverri stöðu. Má nefna Danann Mikkel Hansen, Frakkana Daniel Narcisse og Luc Abalo og Króatana Igor Vori og Marko Kopljar sem dæmi. Allt leikmenn í fremstu röð í heiminum.

Róbert minnir á að liðið deili toppsætinu í deildinni og sé komið áfram í bikarnum. Hins vegar hafi liðið tapað tveimur deildarleikjum í desember sem eigi ekki að geta gerst.

„Sérstaklega ekki tveimur í röð,“ skýtur Ásgeir Örn inn í. Þá hefur liðið tapað tveimur leikjum og gert jafntefli í riðlakeppni Meistaradeildar sem er ekki alveg á pari við lið sem ætla mætti að væri eitt það besta í heimi.

„Við ættum að vera eitt af fjórum bestu liðum í heimi. Við erum það á pappírnum en það þarf að spila rétt úr því. Það er misjafnt hvernig það gengur,“ segir línumaðurinn sem verður 34 ára í maí. Hann hefur verið í atvinnumennsku í áratug en hann hóf atvinnumannsferilinn með liði AGF í Árósum árið 2003.

„Ég hef verið í liðum sem voru ekkert sérstök á pappírnum en árangurinn verið góður út af góðu skipulagi og samspili. Við erum ekki bara kennitölur þarna inni á. Við erum líka manneskjur og þá er oft betra að hafa sjö miðlungsmenn sem ná saman en sjö stjörnur sem ná ekki saman.“

Róbert og Ásgeir Örn verða í lykilhlutverki með íslenska landsliðinu á EM en fyrsti leikur strákanna okkar er gegn Noregi á sunnudag. Leikið er í Álaborg á Jótlandi og Ungverjaland og Spánn eru einnig með Íslandi í riðli en þrjú efstu liðin komast áfram í millriðlakeppnina.

kolbeinntumi@frettabladid.is



**BARÁTTUJAXL** Róbert Gunnarsson hefur gegnt lykilhlutverki í íslenska landsliðinu undanfarin ár og verður engin breyting þar á í Danmörku. NORDICPHOTOS/GETTY



**MIKIL ÁBYRGÐ** Ásgeir Örn þarf að fylla í skarð Alexanders Peterssonar sem gaf ekki kost á sér í landsliðið vegna meiðsla. NORDICPHOTOS/GETTY

# Úrval ljósa á betra verði



# ÚTSALA

## 10-70% afsláttur

Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
Sunnudag kl. 12 - 16
www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.05**
**2 Broke Girls**
Önnur þáttaröðin af þessum hressilegu gamanþáttum um stöllurnar Max og Caroline. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt.



**Matur og lífsstíll**
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.00** Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkta einstaklinga og eldar með þeim girnilega rétti.



**Man. City - West Ham**
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.35** Bein útsending frá leik Manchester City og West Ham United í enska deildarbikarnum.



**Nótan 2013**
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.50** Uppskeruhátíð tónlistarskóla landsins sem fór fram í Hörpu í vor. Skólarnir eru um 90 talsins og voru þátttakendur af öllu landinu, á ólíkum stigum tónlistarnáms.



**Bylgjan kl. 10.00**
**Ívar Guðmundsson**
Ívar Guðmundsson sér um morgnana frá 10-13 og er þátturinn hans fyrst og fremst skemmtilegur tónlistarþáttur. Hann er persónulegur og byggður upp þannig að fólk hafi gaman af því að hlusta á útvarp. Ívar er dagskrárstjóri Bylgjunnar.


REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ÚTSALA

Í FULLU FJÖRI
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR!

Vönduð C&J heilsurúm!

Charlotte & Julien
Dream your world™

20% afsláttur



Verðdæmi
C&J Gold heilsurúm með Classic botni

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | ÚTSÖLUVERÐ |
|---|---|---|
| 100x200 | 104.900 kr. | 83.840 kr. |
| 140x200 | 139.900 kr. | 111.920 kr. |
| 160x200 | 152.900 kr. | 122.320 kr. |

Gafl seldur sér

Frábært verð!

Levanto hægindastólar
20% afsláttur



Verðdæmi
LEVANTO leður hægindastóll með skemli
Kr. 111.840
Fullt verð kr. 139.800

Fæst í svörtu, hvítu og rauðu leðri.
Einnig til í áklæði.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16


## STÖÐ 2

**06.10** **The Big Bang Theory**
**06.30** **Fréttir og Ísland í dag**
**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.10** **Ellen**
**08.50** **Malcolm In The Middle**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors**
**10.15** **Masterchef USA**
**11.05** **Spurningabomban**
**11.50** **Grey's Anatomy**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mike and Molly**
**13.20** **Chuck**
**14.05** **Up All Night**
**14.25** **Suburgatory**
**14.50** **Tricky TV**
**15.15** **Sorry I've Got No Head**
**15.45** **Kalli kanína og félagar**
**16.05** **Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.30** **Ellen**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Stelpurnar**
**19.40** **The Middle** *(7:24)*
**20.05** **2 Broke Girls** *(21:24)*
**20.25** **The Face** *(1:8)* Glæný og skemmtileg þáttaröð þar sem ungar og efnilegar stúlkur keppast um að verða næsta ofurfyrirsæta. Þetta eru breskir þættir og það er frægasta fyrirsæta Breta, Naomi Campbell, sem er andlit þáttarins.
**21.10** **Lærkevej** *(4:12)*
**21.55** **Touch** *(6:14)*
**22.40** **Banshee** *(7:10)* Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrum fangi og afar útsmoginn þjófur.
**23.20** **Banshee** *(8:10)*
**00.10** **Person of Interest**
**00.55** **NCIS. Los Angeles**
**01.40** **My Soul To Take**
**03.25** **Triage**
**05.00** **The Middle**
**05.20** **2 Broke Girls**
**05.45** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Sunderland - Man. Utd.**
**15.45** **Malaga - Atletico**
**17.25** **World's Strongest Man 2013**
**17.55** **Sunderland - Man. Utd.**
**19.35** **Man. City - West Ham** Bein útsending
**21.40** **Spænsku mörkin 2013/14**
**22.10** **Barcelona - Elche**
**23.50** **Man. City - West Ham**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.50** **Man. Utd. - Tottenham**
**12.30** **Crystal Palace - Norwich**
**14.10** **Liverpool - Hull**
**15.50** **Norwich - Liverpool**
**17.30** **Man. City - Liverpool**
**19.10** **Steingrímur Ólafsson** Guðmundur Benediktsson hittir glerharða stuðningsmenn ensku stórliðanna.
**19.35** **Man. City - West Ham**
**21.40** **Everton - Sunderland**
**23.20** **Chelsea - Liverpool**

## ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur, tækni og kennsla. **21.00** Fasteignaflóran **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**17.55** **Bunheads**
**18.40** **Bob's Burgers**
**19.00** **Junior Masterchef Australia**
**19.45** **Baby Daddy** *(1:10)* Gamanþættir um ungan mann sem verður óvænt faðir þegar fyrrverandi kærasta hans skilur stúlkubarn eftir við dyragættina og stingur af.
**20.05** **The Carrie Diaries** *(8:13)*
**20.45** **Outlaw** *(8:8)*
**21.30** **Sleepy Hollow** *(8:13)*
**22.10** **Shameless** *(5:12)*
**23.05** **The Tudors**
**00.00** **Junior Masterchef Australia**
**00.45** **Baby Daddy**
**01.05** **The Carrie Diaries**
**01.50** **Outlaw**
**02.35** **Sleepy Hollow**
**03.15** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.46** Hvellur keppnisbíll **07.56** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Ævintýri Tinna **08.22** Brunabílarnir **08.43** Skoppa og Skrítla **08.55** Sumardalsmyllan **09.00** Ljóti andarunginn og ég **09.23** Elías **09.34** Ævintýraferðin **09.47** UKI **09.52** Tommi og Jenni **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.46** Hvellur keppnisbíll **11.56** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Ævintýri Tinna **12.22** Brunabílarnir **12.43** Skoppa og Skrítla **12.55** Sumardalsmyllan **13.00** Ljóti andarunginn og ég **13.25** Elías **13.36** Ævintýraferðin **13.48** UKI **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.46** Hvellur keppnisbíll **15.56** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Ævintýri Tinna **16.22** Brunabílarnir **16.43** Skoppa og Skrítla **16.55** Sumardalsmyllan **17.00** Ljóti andarunginn og ég **17.25** Elías **17.36** Ævintýraferðin **17.48** UKI **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.46** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Ljóti andarunginn og ég **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**18.05** **Strákarnir**
**18.30** **Friends**
**18.50** **Seinfeld**
**19.15** **Modern Family**
**19.35** **Two and a Half Men**
**20.00** **Matur og lífsstíll**
**20.30** **Örlagadagurinn** *(27:30)*
**21.00** **Cold Feet 5** *(1:6)*
**21.55** **Prime Suspect 6** *(1:2)*
**23.35** **Svínasúpan**
**23.55** **Ástríður**
**00.20** **Steindinn okkar**
**00.40** **Atvinnumennirnir okkar**
**01.20** **The Drew Carey Show**
**01.45** **Curb Your Enthusiasm**
**02.15** **Matur og lífsstíll**
**02.45** **Örlagadagurinn**
**03.15** **Cold Feet 5**
**04.10** **Prime Suspect 6**
**05.55** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.10** **World's Greatest Dad**
**12.50** **Spy Next Door**
**14.25** **Moneyball**
**16.35** **World's Greatest Dad**
**18.15** **Spy Next Door**
**19.50** **Moneyball**
**22.00** **Bad Teacher**
**23.30** **Dark Shadows**
**01.20** **Sex Drive**
**03.10** **Bad Teacher**

## RÚV

**17.15** **Friðþjófur forvitni**
**17.38** **Nína Pataló**
**17.45** **Hrúturinn Hreinn**
**17.55** **Vasaljós**
**18.20** **Táknmálsfréttir**
**18.30** **Dýralæknirinn**
**18.54** **Víkingalottó**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Veðurfréttir**
**19.30** **Íþróttir**
**19.40** **Kastljós**
**20.05** **Neyðarvaktin** *(8:22) (Chicago Fire II)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer, Taylor Kinney, Lauren German og Monica Raymund.
**20.50** **Nótan 2013** Uppskeruhátíð tónlistarskóla landsins sem fór fram í Hörpu í vor. Skólarnir eru um 90 talsins og voru þátttakendur af öllu landinu, á ólíkum stigum tónlistarnáms. Tónlistin ómaði um Eldborgarsalinn og viðurkenningar og verðlaunagripir voru veitt.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Gyðingaljóðaflokkur** eftir Sjostakovítsj. Tíbrártónleikar sem fram fóru í Salnum vorið 2012.
**23.05** **Kastljós**
**23.30** **Fréttir**
**23.40** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Cheers**
**08.25** **Dr. Phil**
**09.10** **Pepsi MAX tónlist**
**17.25** **Dr. Phil**
**18.10** **Family Guy**
**18.35** **Parks & Recreation**
**19.00** **Cheers**
**19.25** **America's Funniest Home Videos** *(25:48)*
**19.50** **Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(20:20)* Frábærir þættir þar sem Gordon Ramsey snýr aftur í heimaeldhúsið og kennir áhorfendum einfaldar aðferðir við heiðarlega heimaeldamennsku.
**20.20** **Sean Saves the World - NÝTT** *(1:18)* Gamanþættir með Sean Heyes úr Will & Grace í aðalhlutverki. Sean er venjulegur maður sem þarf að glíma við stjórnsama móður, erfiðan táning á heimilinu og yfirmann sem ætti að vera læstur inni.
**20.45** **The Millers** *(1:13)* Bandarísk gamanþáttaröð um Nathan, nýfráskilinn sjónvarpsfréttamann sem lendir í því að móðir hans flytur inn til hans, honum til mikillar mæðu. Aðalhlutverk er í höndum Wills Arnett.
**21.10** **In Plain Sight - LOKAPÁTTUR** *(8:8)* Spennuþáttaröð sem fjallar um hina hörkulegu Mary og störf hennar fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary reynir að halda sér á floti í vinnunni og einkalífinu.
**22.00** **Blue Bloods** *(1:22)* Vinsæl þáttaröð með Tom Selleck í aðalhlutverki um valdafjölskyldu réttlætis í New York-borg.
**22.50** **CSI Miami**
**23.40** **The Walking Dead**
**00.30** **CSI. New York**
**01.20** **How to be a Gentleman**
**01.45** **Excused**
**02.10** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **12.00** PGA Tour 2014 - Highlights **12.55** Feherty **13.40** PGA Tour 2014 **17.40** Tvöfaldur skolli **18.15** Tvöfaldur skolli **18.55** PGA Tour 2014 - Highlights **19.50** 2013 Augusta Masters **22.50** Feherty **23.35** Tvöfaldur skolli **00.10** Dagskrárlok.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Nicorette® QuickMist munnholsúði
HVISS!
- og reykingalöngunin minnkar
Nicorette® QuickMist munnholsúðinn er nýjasta
nikótínlyfið frá Nicorette og virkar á 60 sekúndum
Freshmint
nicorette
2x150
Nicorette® QuickMist
Úðist í munn við reykingaþörf
1 mg nikótín í hverjum úða
Nota skal 1-2 úða í hvert sinn
Virkar á 60 sekúndum
Er með mintubragði
Hvert úðahylki inniheldur150 úða
Fæst án lyfseðils í næsta apóteki
nicorette® auðveldar þér að hætta að reykja
nicorette nicotin
**Nicorette® QuickMist munnholsúði er nikótínlyf** (inniheldur einnig lítið magn af etanóli (alkóhól), minna en 100 mg/úða). Lyfið er fáanlegt án lyfseðils og notað til meðferðar á nikótínfíkn, til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Hætta skal reykingum alveg meðan á meðferð stendur. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið var reykt en hámarksdagskammtur er 64 úðar. Nota má allt að 4 úða á klst., en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun. Hvorki skal borða né drekka meðan á notkun munnholsúðans stendur og gæta skal að úða ekki í augu. Ekki má nota Nicorette QuickMist ef þú ert með ofnæmi fyrir nikótíni eða öðru innihaldsefni lyfsins. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun lyfsins ef þú hefur nýlega fengið hjartadrep eða heilaslag, ert með brjóstverk (hjartaöng), hjartasjúkdóm, ómeðhöndlaðan háþrýsting, hefur fengið bráðaofnæmisviðbrögð eða útbrot með kláða, ert með skerta lifrarstarfsemi, alvarlegan nýrnasjúkdóm, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil, æxli í nýrnahettum, magasár eða vélindabólgu. Einstaklingar yngri en 18 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Þeir sem ekki hafa reykt eiga ekki að nota lyfið. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

**BESTI MYNDLISTAR-MAÐURINN**



**„Uppáhalds íslenski myndlistarmaðurinn minn er Ásmundur Ásmundsson, vegna þess að hann getur greint kjarnann frá hisminu, og sér í gegnum holt og hæðir.“**

Kristín Eiríksdóttir, rithöfundur og myndlistarkona.

# Villi byrjaður á næstu bók

Vísindabók Villa stal senunni fyrir jólin og var þriðja mest selda bókin hér á landi en nú hefur Villi sest niður og hafist handa við Vísindabók númer tvö.

„Já, ég var að byrja á næstu bók,“ segir Vilhelm Anton Jónsson, betur þekktur sem Vísinda-Villi Naglbítur. Vísindabók Villa sem kom út á síðasta ári vakti mikla lukku og var hún í þriðja sæti yfir mest seldu bækur ársins 2013.

„Ætli maður sé ekki að svara ákveðnu kalli eftir meiri fróðleik,“ bætir Villi við.

Hann segist sjálfur hafa rosalega gaman af þessu. „Ég er svo innilega forvitinn sjálfur og er að læra svo mikið sjálfur. Ég hef svo gaman af því að kynna vísindi fyrir börnum, það er svo gaman að gera þau forvitin.“

Villi segist ekki gera ráð fyrir miklum áherslubreytingum í næstu bók og telur að hún verði í líkingu við fyrri bókina.

„Ég stóð í snjóskafli eftir matarboð hjá móður minni á jóladag og fór þá að hugsa út í bókina.“ Villi var þó alveg fram á aðfangadag að vinna í því að kynna fyrri bókina.

„Þegar ég byrjaði að skrifa fann ég að þetta var enn í puttunum, mér fannst eins og ég væri bara nýbúinn með fyrri bókina.“

Hann vonast til þess að bókin komi út 10. október. „Fyrri bókin kom út 10. október þannig að það væri gaman.“

- glp



**SKRIFAR Á NÝ** Vísindabók Villa 2 lítur dagsins ljós á árinu. MYND/EINKASAFN


REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI

ÚTSALA

15%-50% AFSLÁTTUR

OPIÐ ALLA HELGINA

ÚTSALA

C&J stillanlegt heilsurúm með Shape dýnu

Verðdæmi: 2 x 90 x 200 cm.

Fullt verð kr. 466.800

Útsöluverð kr. 396.780

Charlotte & Julien

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

VATT -koddar og -sængur

TVENNUTILBOÐ

Vattsæng + vattkoddi

Aðeins kr. 5.900

Vattsæng kr. 5.900

Vattkoddi kr. 2.990



ÚTSALA TVENNU TILBOÐ

MILANO hægindastóll

Fullt verð kr. 49.900

Útsöluverð kr. 34.930



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Fæst í svörtu og ljósu tauáklæði

DORMA – býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100

Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100

OPNUNARTÍMI: Virka daga 11⁰⁰-18⁰⁰,

Laugardaga 11⁰⁰–17⁰⁰ og Sunnudaga 13⁰⁰–17⁰⁰


# Vildi öðlast dýpri tengingu við föðurlandið

Þórdís Nadia Semichat fann sér starfsnám í Túnis í gegnum Facebook. Faðir Nadiu er þaðan en hún segir að foreldrar sínir séu kvíðnir fyrir ferðalagi hennar.

Þórdís Nadia Semichat er á leiðinni í starfsnám í Túnis. Starfsnámið er hluti af námi hennar á sviðshöfundabraut í Listaháskóla Íslands. Í starfsnáminu verður hún aðstoðarleikstjóri kvikmyndaleikstjórans Saber Zammouri við gerð heimildarmyndar. „Heimildarmyndin fjallar um listasenuna í Túnis og hvernig hún hefur breyst eftir byltingu,“ segir Þórdís Nadia.

**Faðir Nadiu er frá Túnis**

„Ein af ástæðunum fyrir því að ég vildi fara þangað var að mig langaði til að prófa að búa þarna í einhvern tíma til þess að fá dýpri tenginguvið rætur mínar,“ segir hún. „Ég er auðvitað þaðan líka þótt ég sé uppalin á Íslandi.“

**Nadia setti sig í samband við Saber í gegnum Facebook**

„Ég var að reyna að byggja mér upp tengslanet þarna, en vegna þess að ég kann ekkert í arabísku og mjög lítið í frönsku gekk mér illa að gúggla listamenn. Þá brá ég á það ráð að nota Facebook til að leita að listamönnum. Það endaði með því að ég komst í samband við myndlistarmann sem er götulistamaður. Hann gerir graffítí og málverk og er víst á mikilli uppleið. Ég talaði við hann og útskýrði að ég væri að leita mér að starfsnámi, og spurði hvort hann gæti bent mér á einhvern til þess að vinna með. Hann vísaði mér á þennan leikstjóra sem ég komst svo í starfsnám hjá,“ segir hún.

**Þórdís Nadia lenti í Túnis í gær**

„Ég veit rosalega takmarkað um þetta enn sem komið er, en ég held að listasenan hafi orðið kröftugri eftir byltingu. Fólk bjó við einræði í svo mörg ár þar til forsetanum var steypt af stóli árið 2011. Það var í raun ekkert málfrelsi. Ég fór til Túnis árið 2010, rétt áður en byltingin hófst. Þegar ég spurði innfæddan vin minn úti á götu hvað honum fyndist um forsetann yppti hann bara öxlum og sagðist ekki geta talað um það. Svo þegar við vorum komin afsíðis sagði hann: „Mér finnst hann hræðilegur og hann ætti að fara í fangelsi.“ Hann treysti sér ekki til að segja þetta úti á götu af ótta við að einhver heyrði til hans.“

**Foreldrar Þórdísar Nadiu eru kvíðnir yfir ferðalagi hennar**

„En ég er með frekar gott innsæi og ég treysti því bara,“ segir hún. „Ég hef allavega ekki slæma tilfinningu fyrir þessu fólki sem ég er búin að vera í samskiptum við. Fólk á það til að vera óþarflega áhyggjufullt vegna þess að Túnis er svo framandi.“

ugla@frettabladid.is



**FÓLK BJÓ VIÐ EINRÆÐI** Þórdís við mynd af fyrrverandi forseta Túnis árið 2010. Mynd af honum varð að hanga uppi á öllum veitingastöðum í Túnis fyrir byltingu. MYND/EINKASAFN



**LENTI Í GÆR** Þórdís veit takmarkað um landið enn sem komið er. MYND/EINKASAFN

**Ég er auðvitað þaðan líka þótt ég sé uppalin á Íslandi.**

*Þórdís Nadia Semichat*

# Grínaði til góðs í rúmlega sex ár

Rökkvi Vésteinsson gaf eina milljón króna í gott málefni. Hann safnaði féinu með því að standa fyrir fjölda uppistanda og stóð söfnin yfir í rúm sex ár.

„Ég setti mér það markmið að safna einni milljón króna sem myndi renna til góðs málefnis,“ segir uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson.

Hann hefur staðið fyrir fjölda uppistanda síðastliðin ár, en frá árinu 2007 hefur allur peningurinn, sem komið hefur inn, runnið í sjóðinn.

„Ég hef ekki fengið neinar tekjur af uppistandinu síðan 2007 en það er frábært að geta stutt gott málefni.“ Þegar hann hélt Iceland Comedy Festival í nóvember náði hann markmiðinu.

Tæplega 78 prósent af fénu rann til Barnaspítala Hringsins en einnig styrkti hann Landgræðsluna, Mæðrastyrksnefnd, Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, Styrktarfélag langveikra barna, Unicef og Samtök gegn einelti.

„Ég var kominn á ákveðinn punkt þar sem uppistandsbransinn var hættur að vera skemmtilegur fyrir mig vegna leiðinda sem ég hafði lent í, en ég náði að snúa því við og gera þetta aftur ánægjulegt með að setja mér þetta markmið.“útskýrir Rökkvi.



**GOTT GRÍN** Rökkvi Vésteinsson uppistandari grínaði til góðs í rúm sex ár.




Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Auglýsa eftir spurningum

Tónlistariðnaðarmaðurinn Steinþór Helgi Arnsteinsson og þúsundþjalasmiðurinn **Margrét Erla Maack** semja nú spurningar fyrir spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur. Þau brugðu á það ráð í vikunni að auglýsa eftir tillögum að spurningum á Facebook og hvöttu alla sem vettlingi gátu valdið til að senda þeim skilaboð með tillögunum. Eru þau að leita að alls kyns spurningum, hvort sem það eru hraða-, bjöllu- eða vísbendingaspurningar.

- lkg



### Vongóð um góða tíma

Sumir telja að liðinn mánudagur sé einhver sá versti á árinu, hátíðahöldum lokið og margir átta sig á því að þeir hafa eytt fullmiklu síðustu vikur, veðurfar er rysjótt og enn er langt þangað til fer að vora. **Hanna Birna Kristjánsdóttir** innanríkisráðherra var hins vegar vongóð um góða tíma. „Miðað við þau „vísindi“ að þetta eigi að vera versti dagur ársins verður nýja árið klárlega einstakt og afar gott,“ segir Hanna Birna á Fésbókarsíðu sinni.

- jme



## Mest lesið VÍSIR

1. Læknir óttaðist um líf sitt og spáði að sjúkraflug Mýflugs myndi enda illa
2. Eins og kýrnar á vorin hjá Mýflugi
3. Eurovision-lag Ólafs F.
4. Segja Rio Tinto fara gróflega inn í einkalíf starfsmanna
5. Fyllt upp í bílakjallara við stúdentagarða í Brautarholti





